



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**MA ritgerð
í guðfræði**

Harmur og huggun við Babelsfljót
Túlkun ritningartexta frá babýlónsku útleigðinni
í ljósi rannsókna á sviði áfallafræði,
einkum Jes 40.1-11 og Slm 137.

Ása Laufey Sæmundsdóttir

Leiðbeinandi: Dr. Gunnlaugur A. Jónsson
Janúar 2022

GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

Harmur og huggun við Babelsfljót
Túlkun ritningartexta frá babýlónsku útleiðinni
í ljósi rannsókna á sviði áfallafræði,
einkum Jes 40.1-11 og Slm 137.

Ása Laufey Sæmundsdóttir
141279-5219

Lokaverkefni til MA-prófs í guðfræði
Leiðbeinandi: Dr. Gunnlaugur A. Jónsson

Guðfræði og trúarbragðafræðideild
Hugvísindasvið
Janúar 2022

Harmur og huggun við Babelsfljót: Túlkun ritningartexta frá babýlónsku útleðinni í ljósi rannsókna á sviði áfallafræði, einkum Jes 40.1-11 og Slm 137.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA-prófs

við Guðfræði og trúarbragðafræðideild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Ása Laufey Sæmundsdóttir, 2022

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Í þessari ritgerð er sjónarhorni áfallafræða beint að textum úr Gamla testamentinu frá tímum babýlónsku útleðarinnar. Einkum eru tveir af kunnustu textum þess tímabils, Sálmur 137 og Jesaja 40.1-11, teknir til rannsóknar. Þar er annars vegar um að ræða texta sem tjáir sáran harm og menningarlegt áfall útlaganna og hins vegar texti sem boðar huggun þeim sem þjáðst hafa og upplifað áföll í útleðinni. Hér er því slegið föstu að útleðartextar Biblíunnar séu áfallatextar. Því er haldið fram að reynsla útlaganna í Babýlon forðum tali inn í aðstæður jaðarsettra samfélagshópa og flótttaflólks í nútímanum. Jafnframt geti áfallareynsla og nútíma áfallafræði varpað ljósi á hina fornu texta.

Abstract

In this thesis, the perspective of trauma studies is used as a lense to read texts from the Old Testament from the time of the Babylonian exile. Two of the best-known texts of that period, Psalm 137 and Isaiah 40. 1-11, are examined. It is, on the one hand, a text that expresses the painful grief and cultural trauma of the exiles and, on the other hand, a text that offers comfort to those who have suffered and experienced trauma in exile.

In this thesis it is claimed that the experience of the ancient Babylonian exiles speaks to the conditions of today's marginalized groups such as of displaced persons and refugees.

Efnisyfirlit

Formáli:	1
Hluti I: Inngangur	3
1.1 <i>Verkefnaýsling, markmið og aðferðafræði</i>	3
Hluti II: Bakgrunnur rannsóknar	7
2.1 <i>Forsagan</i>	7
1000 – frá ættbálkum til konungsveldis.....	8
722 – fall norðurríkisins.....	9
701 – umsátrið um Jerúsalem/Sion	10
622 – siðbót Jósía	10
2.2 <i>Útlegðin til Babýlon</i>	11
2.3 <i>Túlkun á útlegðinni í vitund þjóðar (ritum hennar)</i>	13
2.4 <i>Félagslegt umhverfi útlegðarinnar í Babýlon</i>	15
2.5 <i>Ályktanir</i>	20
Hluti III: Túlkunarramminn	22
3.1 <i>Áfallarannsóknir</i>	22
3.2 <i>Áföll og áfallakenningar</i>	27
<i>Áfallakenningar</i>	30
3.3 <i>Áfallakenningar og biblíurannsóknir</i>	32
<i>Áföll sem erfast milli kynslóða (e. Generational trauma)</i>	36
3.4 <i>Vöxtur í kjölfar áfalls (e. Posttraumatic Growth)</i>	37
3.5 <i>Ályktanir</i>	38
Hluti IV: Sálmarnir	40
4.1 <i>Saltarinn</i>	40
4.2 <i>Sálmur 137</i>	41
<i>Greining á sálmi 137</i>	42
4.3 <i>Túlkunnarrammi áfallarannsóknna á sálmi 137</i>	44
4.4 <i>Vöxtur í kjölfar áfalls/jákvæð sálræn áhrif í sálmi 137</i>	48
4.5 <i>Áhrif sálms 137 í samtímanum</i>	51
4.6 <i>Ályktanir</i>	55
Hluti IV: Jesaja	57
5.1 <i>Annar Jesaja</i>	57
5.2 <i>Jesaja 40.1-11</i>	59
<i>Greining á Jes. 40.1-11</i>	60
5.3 <i>Annars Jesaja í gegnum túlkunnarramma áfallarannsóknna</i>	64
5.4 <i>Ályktanir</i>	69
Hluti VI: Samantekt og niðurstöður	71
Heimildaskrá:	76
<i>Heimildir af veraldarvefnum:</i>	79

Formáli:

Þessi ritgerð er 30 ECTS eininga lokaverkefni til MA-prófs í guðfræði við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Veturinn 2019-2020 stundaði ég nám í sálgæslufræðum við Endurmenntun Háskóla Íslands, sem lauk með diplómagraðu á meistarastigi. Í sálgæslunáminu fengum við góða innsýn í áfallarannsóknir, viðbrögð við áföllum, áhrif áfallastreituröskunar ásamt bjargráðum sem nýst hafa þeim sem lenda í áföllum og sem geta gefið nýja von og vöxt í kjölfar áfalls.

Þá hef ég sem prestur innflytjenda hjá Þjóðkirkjunni síðastliðin þrjú ár fengið innsýn inn í veruleika hælisleitenda og fólks á flóttu. Frásagnir þeirra bera vitni um það hvað fólk býr yfir mikilli seiglu til að takast á við mótlæti. Hver manneskja er hins vegar einstök og tekst á við áfall með ólíkum hætti. Aðstæður einstaklinga og bakgrunnur er einnig ólíkur. Ég hef fengið að kynnast fólki sem hefur þurft að yfirgefa heimaland sitt af pólitískum eða efnahagslegum ástæðum, vegna trúarlegra ofsókna eða sem hefur af ýmsum öðrum ástæðum þurft að gerast landflótta frá heimalandi sínu. Um leið og þetta fólk þarf að hefja nýtt líf í nýju landi þá þarf það um leið að byggja upp nýja sjálfsmynd. Þau hafa þurft að yfirgefa rætur sínar, fjölskyldu og fortíð og vita jafnvel ekki hvort þau geti nokkurn tímann snúið aftur til móðurlandsins. Öll hafa þau lagt af stað í langt ferðalag með vonina að leiðarljósi. Ég tel að reynsla fólks á flóttu og hælisleitenda í dag geti að mörgu leyti veitt okkur innsýn í aðstæður og upplifun hóps Ísraelíta, sem sendir voru í útlegð frá sínu heimalandi fyrir rúmum 2.500 árum. Um leið tel ég að rit spámanna og sálmaskálda úr þeirra hópi geti nýst þegar flóttafólk á okkar dögum tekst á við reynslu sína og áföll. Báðir þessir hópar glíma við afleiðingar flóttans, svo sem áfallastreituröskun, þunglyndi og önnur andleg veikindi. Þrátt fyrir allt má þó finna von í nýjum heimkynnum. Þessi ritgerð fjallar um það hvernig áföllin á leiðinni hafa mótað þessa hópa og markað þá og afkomendur þeirra.

Þakkir:

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Dr. Gunnlaugi A. Jónssyni fyrir samstarfið og góða fræðilega ráðgjöf en hann sýndi verkefninu mikinn áhuga, hvatti mig áfram og sýndi mér jafnframt mikla þolinmæði.

Dr. Sigurvin Lárusi Jónssyni, vil ég þakka fyrir að benda mér á rannsóknarefnið sem hefur haldið athygli minni frá því að ég hóf undirbúning þessarar ritgerðar haustið 2020. Einnig þakka ég honum góð ráð og aðstoð þegar ég hef leitað til hans.

Dr. Skúla Sigurði Ólafssyni þakka ég fyrir yfirlesturinn og góðar og gagnlegar ábendingar og Dr. Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur fyrir alla aðstoðina við heimildaöflun og mikla hvatningu. Samstarfsfélaga mínum, sr. Toshiki Toma þakka ég fyrir að sýna mér skilning á þessari vegferð. Þeim öllum er ég ævinlega þakklát fyrir aðstoðina í þessu verkefni. Að lokum vil ég þakka eiginmanni mínum, Andrésí Jónssyni fyrir alla hans þolinmæði og skilning.

Ritgerðina tileinka ég fólki á flóttu í leit að betra lífi.

Efnisorð: Gamlatestamentisfræði, Davíðssálmur 137, babýlónska útleigðin, Jesaja 40–55, flóttamenn, áfallarannsóknir, vöxtur í kjölfar áfalls.

Hluti I: Inngangur

1.1 Verkefnalýsing, markmið og aðferðafræði

Eins og titill þessarar ritgerðar gefur til kynna er markmið verkefnisins að leitast við að varpa ljósi á tímabil babýlónsku útleðarinnar með því að ritskýra tvo af grundvallartextum Gamla testamentisins frá þeim tíma, það er, Jes 40.1-11 og Slm 137. Samstaða ríkir um að báðir eru þeir frá tíma útleðarinnar, en þeir eru býsna ólíkir. Annar stendur fremur fyrir huggun (Jes 40) en hinn fyrir harminn (Slm 137). Til að varpa nýju ljósi á þetta mikið rannsakaða tímabil verður leitað í smiðju áfallarannsóknna auk hefðundnari ritskýringaraðferða.

Rannsóknarspurningin er í raun tvíþætt, annars vegar: Getum við með sjónarhorni áfallafræða greint sálræn einkenni áfalls og/eða merki um vöxt í kjölfar áfalls í útleðartextum Davíðssálms 137 og Jes 40.1-11? Hins vegar, hvernig geta útleðartextar Biblíunnar talað inn í aðstæður jaðarsettra samfélagshópa eins og flóttafólks í heiminum í dag?

Það ríkir lítill ágreiningur um það meðal gamlatestamentisfræðinga að babýlónska útleðin¹ (587/6 – 538 f. Kr.) sé eitt mikilvægasta og afdrifaríkasta tímabilið í sögu hinna fornu Hebrea. Þegar hér er komið sögu er yfirleitt talað um Júda þar sem norðurríkið Ísrael var fallið. Babýlónska útleðin fól í sér margvísleg og óhjákvæmilega þáttaskil. Jerúsalem og musterið voru fallin og grunnstoðir Sónarguðfræðinnar þar með. Flestir af

1 Ég hef valið að nota hugtakið „útleð“ í þessari ritgerð en ekki „herleiðing.“ Herleiðing vísar vissulega til þess að Júdamenn voru fluttir með valdi af her babýlóníumanna til Babýlon. En útleðarhugtakið er ekki takmarkað við það að dveljast fjarri fósturjörð sinni vegna nauðungarflutninga í hernaðarlegum eða pólitískum tilgangi. Brueggemann telur að það sé einnig hægt að upplifa sig í útleð í eigin landi, eða í þeim skilningi að hafa tapað tilfinningu fyrir því að búa í áreiðanlegum og öruggum heimi, þar sem grundvallar merking á heimsmynd, þeirra sem upplifa sig í útleð, hefur verið hafnað. Sjá: Brueggemann, Walter. *Cadences of Home: Preaching among Exiles*. (Louisville: Westminster John Knox Press, 1997) bls. 115.

leiðtogum hinna sigruðu þjóðar höfðu verið fluttir í útleið til Babýlón ásamt fjölmörgum, líklega þúsundum, annarra Júdamanna. Þar beið þeirra útleið í meira en hálföld.

Guðfræðingar hafa löngum velt fyrir sér mannlegum kjörum, hvernig skilja megi þjáninguna í heiminum í ljósi trúarinnar á almáttugan Guð. Ber Guð ábyrgð á þjáningum manneskjunnar? Hvers vegna þurfa góðar og réttlátar manneskjur að þjást? Guðfræðingurinn Jürgen Moltmann setti fram róttækar kenningar um Guð sem þjáist. Moltmann var stríðsfangi í síðari heimstyrjöldinni og mótaður af þeim hörmungum fann hann svar í návist Guðs sem gengur með manneskjuni í þjáningunni. Fyrir tilstilli þeirrar trúar fann hann von og tilgang og hefur guðfræði hans haft áhrif á marga sem hafa gengið í gegnum sambærilegar þjáningar.²

Það fer ekki framhjá neinum lesanda Biblíunnar að þar eru margar frásagnir af mannlegri þjáningu. Frásagnir um atburði sem við myndum skilgreina sem áföll í dag og vitum að geta haft langvarandi afleiðingar bæði á líf manneskjunnar og samfélagsins.

Áföll hafa fylgt mannkyni frá upphafi þótt hugtakið í þeirri merkingu sem við notum í dag sé frekar nýtt í sögulegu samhengi. Í gegnum mannkynssöguna má sjá túlkun og áhrif áfalla og þjáninga í bókmenntum og listaverkum. Mikil vitundarvakning hefur verið á undanförunum árum og áratugum varðandi áhrif áfalla á manneskjuna, ekki síst vegna þeirrar þekkingar sem við höfum öðlast eftir hörmungar 20. aldarinnar og rannsóknir sem gerðar hafa verið vegna afleiðinga þeirra. Þá hefur notkun áfallakenninga haft áhrif á fjölmargar fræðigreinar undanfarin ár, sem leið til að dýpka skilning okkar á textum sem urðu til vegna erfiðleikatímabila eða mögulegs áfalls. Notkun áfallakenninga á sviði biblíurannsókna hafa aukist töluvert undanfarin ár og hafa þegar dýpkað skilning okkar á áfallasögu eins og hún birtist í ritum Biblíunnar. Rit hennar eru mikilvægur bókmenntalegur vitnisburður um reynslu og úrvinnslu áfallasögu þjóðar hins forna heims.³

² Bauckham, Richard. „Only the suffering God can help: divine possibility in modern theology.” *Themelios*, vol. 9, no. 3, apríl, 1984, bls. 6-12, [thegospelcoalition.org](https://www.thegospelcoalition.org/themelios/article/only-the-suffering-god-can-help-divine-possibility-in-modern-theology/).

³ Sjá til dæmis ítarlega grein Garber um rannsóknir á nokkrum biblíutextum undanfarin ár þar sem stuðst hefur verið við sjónarhorn áfallafræða. Garber, David G. „Trauma Theory and Biblical Studies.” *Currents in Biblical Research*, vol. 14, no. 1, október, 2015, bls. 24–44. doi:10.1177/1476993X14561176

Í öðrum hluta ritgerðarinnar stikla ég yfir sögu hinna fornu Hebraea, og þær fjölmörgu áskoranir og erfiðleika sem mætti þjóðinni og birtist í ritum Gamla testamentisins. Með því að rýna í sögu þjóðarinnar fram að útleið vonast ég til þess að sýna fram á að þótt útleiðin til Babýlon hafi að öllum líkindum verið það áfall sem mótaði þjóðina hvað mest, sjálfsmýnd hennar og trú, þá tel ég mikilvægt að draga upp mynd af sjálfsmýnd þjóðarinnar fram að útleiðinni til Babýlon.

Í þriðja hluta verður fjallað um áfallarannsóknir, áfallakenningar og viðbrögð manneskjunnar við þeim. Á sviði ritskýringar hafa áfallarannsóknir varpað ljósi á möguleg áfallaviðbrögð sem birtast í biblíutextum. Greina má hvernig ákveðin viðbrögð við áfalli eða áföllum urðu til þess að guðfræði hinna fornu Ísraelíta aðlagðist, breyttist og mótaðist vegna áfallsins sem þeir urðu fyrir eftir eyðileggingu mustersins í Jerúsalem og útleiðarinnar til Babýlon.⁴

Í fjórða hluta verður texta sálms 137 rennt í gegnum túlkunarramma áfallarannsókna. Sálmur 137 er harmsálmur þjóðar. Það er óumdeilt að sálmurinn er frá tímum útleiðarinnar og lýsir hugarástandi þjóðarinnar sem sat við Babýlonsfljót og harmaði örlög sín. Sálmurinn er jafnframt einn þekktasti sálmur „Saltarans“ en upphafsversió þekkja flestir.⁵ Þá er sérstök áhersla lögð á síðustu vers sálmsins sem hafa löngum þótt erfið túlkunnar vegna ofbeldisfulls orðalags. Þá verður einnig skoðað hvernig sálmurinn talar enn inn í dag í aðstæður þeirra sem þjást og upplifa að ranglætið hafi yfirhöndina og hvernig sjónarhorn áfallarannsókna veitir okkur nýjan skilning á þessum magnaða texta.

Í fimmta hluta er fjallað um eitt þekktasta rit Biblíunnar sem mótaðist af síðari kynslóðum hinna útlægu. Spádómsbók annars Jesaja hefur haft mikil áhrif á hina kristnu hefð og

⁴ Sjá nánar ritgerðasafn um fjölbreyttar nálganir, þar á meðal bókmenntafræðilegar, sögulegar, læknisfræðilegar og félagsvísindalegar, sem mikið hefur verið stuðst við í gerð þessarar ritgerðar: Becker E-M, Doehorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritstj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoech & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014.

Höfundar þessa ritsafns vilja með því sýna fram á hvernig sérfræðiþekking, á ritskýringu biblíutexta og tengdra bókmennta, er stór þáttur í umræðunni um þátt áfalla á hugvísindasviði, bæði í fortíð og nútíð. Hugmyndin er byggð á þeirri forsendu að áfall sé ekki aðeins 20. aldar hugtak á sviði sálfræði- og geðlækninga. Heldur er það ævafornt fyrirbæri sem varð til löngu fyrir nútíma orðræðu. Þar færa greinahöfundar rök fyrir því að áfallafræðin geti einnig hagnast á aðkomu guðfræðinnar, sérstaklega ritskýringar biblíutexta, og viðbrögðum hugvísinda við áföllum.

⁵ Má þar nefna lagið „By the rivers of Babylon“ með hljómsveitinni Boney M, sem sló í gegn seint á áttunda áratug síðustu aldar.

guðfræðilegan skilning. Fjallað verður um upphafsstef annars meginhluta ritsins, (þ.e. Jes 40-55) þar sem slær við nýjum tón huggunar og vonar sem er leiðarstef út ritið. Leitað verður svara við því hvernig við getum lesið afleiðingar útleðarinnar á aðra og þriðju kynslóð hinna útlægu í Babýlon og hvaða afleiðing útleðin hafði á sjálfsmynd þjóðarinnar um merkingu útleðarinnar, guðsmyndina og nýja von.

Í lokakafla verða niðurstöður af rannsókninni dregnar saman.

Hluti II: Bakgrunnur rannsókna

2.1 Forsagan

Upphafið að sögu Ísraelsþjóðar má rekja til þess atburðar sem segir frá í annarri Mósebók eða *Exodus* þegar hópur Hebraea varð að þjóðinni Ísrael. Orðið *exodus* merkir brottför og vísar til þess þegar Guð frelsar þjóðina frá Egyptalandi, úr ánaud Faraós undir forystu Móse. Frásögnin nær hámarki með sáttmálanum, milli Guðs og Ísraelsþjóðar, á Sínaíffjalli (2Mós.19-24), fyrir milligöngu Móse. Sáttmálinn samanstendur af trúarlegum og siðferðilegum ákvæðum. Þjóðin skuldbindur sig til hlýðni við sáttmálann og Guð skuldbindur sig til ævarandi leiðsagnar, verndar og miskunnar til þjóðar sinnar. Til þessa atburðar er oft vísað til í ritum Gamla testamentisins.⁶

Hinir fornu Hebrear fóru út frá Egyptalandi og héldu norður á bóginn til hins meinta fyrirheitna lands, Kanaanlands.⁷ Landsvæði þetta stóð á einskona þjóðbraut milli tveggja stórvelda hinnar fornu siðmenningar, Egyptalands og Mesapótamíu. Fyrir vikið var mikil umferð í gegnum landið og stórveldin sáu sér efnahagslegan hag í því að stjórna viðskiptaleiðinni sérstaklega í norðurhluta landsins.⁸ Í árdaga þjóðarinnar, á 13. öld f.Kr., bjuggu hinir tólf ættbálkar Ísraels víðsvegar á kanaaníska hálendinu en áttu þessa sameiginlega sögu og *exodus* atburðurinn vitnar til.⁹ Landnám ísraelsku ættbálkanna í Kanaanlandi hefur sennilega verið bæði flókið og langvinnt ferli¹⁰ og margar eyður í sögulegu tímalínunni frá landnámi til stofnunar konungsveldisins. En við vitum að pólitískur þrýstingur og hernaðarlegar hættur voru áskoranir sem mættu bandalagi ættbálkanna ítrekað ekki síst vegna landfræðilegar legu landsins.¹¹ Ættbálkar Ísraels voru

⁶ Durham, John I., *Exodus: World Biblical Commentary, Vol. 3.* (Waco Texas: World Books Publishers, 1987) bls. xx.

⁷ Fyrsti ritaði vitnisburðurinn um hóp fólks sem kallaðist Ísrael má finna í forni egypskri áletrun frá faraónum Merneptah (stjórnartíð 1213-1203 f. Kr.) en Palestína (Kanaanland) var þá undir stjórn Egyptalands. Þar segir að hópur fólks sem kallaði sig Ísrael, hafi verið eytt. Sjá: Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 11.

⁸ Anderson, G.W. *The History and Religion of Israel: Vol.1.* (Oxford: Oxford University Press, 1966) bls. 87.

⁹ Armstrong, Karen. *The Bible: A Biography.* (New York: Atlantic Monthly Press, 2007) bls. 12.

¹⁰ Anderson, G.W. *The History and Religion of Israel*, bls. 21.

¹¹ Sama heimild, bls. 41.

þá undir forystu tímabundinna leiðtoga, sem kallaðir voru dómara.¹² *Dómarabókin* flytur okkur sögur af dómurum eða herforingjum sem útvaldir voru af Guði og sem kvaddir voru til þegar vá bar að höndum. Þetta voru miklir bardagamenn sem myndu síðan stíga til hliðar og taka að sér ráðgefandi hlutverk eftir að erfiðleikatímabilinu var lokið.¹³

1000 – frá ættbálkum til konungsveldis

Eitt slíkt erfiðleikatímabil hófst í kringum árið 1000 f. Kr. þegar ættbálkar Ísraels voru undir árásum Filistea eins og oft áður en reyndist þeim nú erfiðara að verjast þeim. Ísrael tók upp miðstýrt stjórnkerfi, konungsveldi, að fordæmi annarra nágrannaríkja. En það var á þessum tímamarki sem Ísraelsþjóð hóf að skrifa niður sögu sína, en þá var ritun þegar orðin að fornri list sem lengi hafði verið stunduð í Mesapótamíu og Egyptalandi.¹⁴ Ættbálkarnir söfnuðust saman í kringum leiðtogann Sál, sem hafði náð miklum árangri í að verjast gegn öflugum her Filistíu.¹⁵ Sál var vel þekktur fyrir hernaðarlega hreysti, og kemur hann því til sögunnar eins og lokadómari, sem sameinaði fólkið og komst þannig til álita.¹⁶ Engu að síður reyndist árangur Sáls konungs tímabundinn. Eftir valdatíma Sáls völdu ættbálkarnir sér Davíð að konung, sem var málaliði af ættbálki Júda. Davíð tók við leiðtogahlutverki ísraelsku ættbálkanna. Velgengni Ísraelsþjóðar virðist hafa náð hámarki á valdatíma Davíðs. Hann gerði Jerúsalem að höfuðborg konungsveldisins, en borgin stendur hátt á landamærum Júda og Ísrael.¹⁷

Sonur Davíðs, Salómon var þriðji konungur hins sameinaða Ísraelsríkis. Hann byggði upp ríkið enn frekar yfir nokkurra áratuga stjórn og lét meðal annars reisa musteríð í Jerúsalem.¹⁸ Eftir hans daga klofnaði hið sameinaða konungsveldi í tvennt, í suðurríkið Júda og norðurríkið Ísrael.¹⁹

¹² Dómaratímabilið frá landnámi Ísraelsþjóðar í Kanaanslandi, um 1200 f. Kr. til c.a. 1000 f. Kr.

¹³ Anderson, G.W. *The History and Religion of Israel*, bls. 50.

¹⁴ Carr, David M. *Holy Resilience: The Bible's Traumatic Origins*. (New Haven & London: Yale University Press, 2014) bls. 15.

¹⁵ Sama heimild, bls. 16.

¹⁶ Anderson, G.W. *The History and Religion of Israel*, bls. 53.

¹⁷ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 16.

¹⁸ Anderson, G.W. *The History and Religion of Israel*, bls. 58.

¹⁹ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 16.

922 – klofningur konungsveldisins

Dauði Salómons konungs markar upphafið af miklum umbreytingum. Þá var þegar komin togstreita milli ríkjanna tveggja meðal annars í kjölfar aukinnar skattheimtu Salómons vegna byggingar musterisins í Jerúsalem.²⁰ Tíu ættbálkar Ísraels slíta sig frá ættbálkunum tveimur í suðurríkinu Júda.²¹ Þannig hefst saga konungveldisins Ísraels, í norðri, undir stjórn Jeróbóams konungs. Við höfum ekki miklar upplýsingar um það sérstaklega vegna þess að því var eytt innan við tveimur öldum eftir að það var stofnað. Engu að síður eru fræðimenn sammála um að það hafi verið til. En einu heimildirnar sem til eru af norðurríkinu koma frá Júda.²²

722 – fall norðurríkisins

Í kringum árið 722 f. Kr. lagði her Assyríumanna norðurríkið í eyði og var konungsveldið Ísrael þar með úr sögunni. Alger upplausn ríkti í kjölfar þeirra atburða. Efsta lag samfélagsins, allir þeir sem hefðu mögulega getað gert uppreisn gegn Assýríuveldi, voru sendir til annarra landssvæða stórveldisins. Assýringar eru í vissum skilningi upphafsmenn slíkra herleiðinga í styrjöldum til forna. Þá voru einnig aðrir þegnar stórveldisins fluttir inn til norðurríkisins til að taka yfir heimili og akra hinna útlægu Ísraelsþjóðar sem jók enn á sundrunu og upplausn samfélagsins 23 (2Kon 17. 24). Úr því varð eðlilega trúarbragðablöndun (2Kon 17.40). Voru hópar þessir kallaðir Samverjar og voru kenndir við landsvæðið þar sem þeir bjuggu, Samaríu. Allar götur síðan litu Ísraelsmenn niður á Samverja í suðurríkinu Júda.²⁴

Lítið sem ekkert er vitað um örlög hinna týndu ættbálka Ísraels eftir fall norðurríkisins.²⁵

²⁰ Andersen, G.W. *The History and Religion of Israel*, bls. 57.

²¹ Sama heimild, bls. 86.

²² Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 20.

²³ Brueggemann, Walter. *Reverberations of Faith. A Theological Handbook of Old Testament Themes* (Louisville: Westminster John Knox Press, 1982) bls. 70.

²⁴ Anderson, G.W. *The History and Religion of Israel*, bls. 167.

²⁵ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 26.

701 – umsátrið um Jerúsalem/Síon

Júda, undir stjórn Hiskía konungs, lagði á ráðin um að gera uppreisn í bandalagi við Egypta gegn Assýríustjórn. Nýr konungur Assýringa, Sanheríb var að vonum ekki ánægður með það og gerði atlögu að Júda og á aðeins nokkrum vikum lagði Assýríuher Júda í rúst og sátu um Jerúsalem/Síon.²⁶ Án skýringa drógu Assýringar hinsvegar herlið sitt til baka, að því er virðist fyrirvaralaust og yfirláfu Júda.²⁷ Júdamenn útskýrðu þetta kraftaverk með þeim hætti að Jahve hafði frelsað borgina frá glötun, vegna loforðs Guðs að vernda ætíð borg Davíðsættar (Jes 37. 33-35; 2Kon 18-19). Það var eina leiðin til að útskýra af hverju Jerúsalem komst undan tortímingu meðan norðurríkið, Ísrael/Samaría, og aðrar nágrannaþjóðir gerðu það ekki.²⁸

Þessi hugmynd um helgi borgarinnar var ekki ný því frá stofnun konungsveldis Davíðs höfðu konungar þjóðarinnar haldið því fram að Guð myndi vernda hina konunglegu borg, Síon eins og borgin er ítrekað nefnd sérstaklega í Sálmunum og einnig í spádómsbók Jesaja. Þessi forna „Síonar-guðfræði” sem felur meðal annars í sér þá trú að Guð muni vernda borgina frá óvinum og glötun, tók nýja stefnu í stjórnartíð Hiskía konungs í Júda.²⁹

622 – siðbót Jósía

Um síðir kom þó að því að völd Assýríukonungs fóru dvínandi. Hiskía konungur hafði leitt fram ákveðna siðbót í sinni stjórnartíð (2Kon 18.4).³⁰ En þeir konungar sem tóku við af honum tóku aftur upp „slæma siði” svo sem skurðgoðadýrkun í musterinu og reistu þar altari til heiðurs nágranna guðum og gyðjum.³¹ Þegar Jósía konungur kom til valda (640-609 f. Kr.) uppgötvaði Hilkía yfirprestur lögbók³² í musterinu og færði hana til konungs og las upp fyrir hann. Í kjölfar þessa fundar og úrskurðar spákonunnar Huldu sem fengin var til að meta lögbókina (2Kon 22.8-20) leiddi Jósía áfram alsherjar siðbót sem

²⁶ Jerúsalem og Síon eru samheiti.

²⁷ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls 41.

²⁸ Sama heimild, bls 47.

²⁹ Sama heimild, bls 42.

³⁰ Anderson, G.W. *The History and Religion of Israel*, bls. 104

³¹ Sama heimild, bls. 122

³² Annars vegar er talið að þarna sé átt við Sáttmálsbókina (2 Mós 20.22-23.33.) hins vegar að verið sé að vísa til elstu gerðar Fimmtu Mósebókar. Það er margt sem bendir til þess að um síðari ritið sé að ræða, því margar hliðstæður má finna á milli Fimmtu Mósebókar og 2 Kon 22-23.

fól í sér bæði umbætur í trúarlegum efnum og helgihaldi þjóðarinnar. Hann gerði kröfu um að Jahve einn væri dýrkaður í landinu og kom á miðstýringu musterinsátrúnaðarins í Jerúsalem sem var eini staðurinn sem fólk mátti færa fórnir.³³ Þannig var hægt að fylgjast með trúarlegri iðkun fólksins og uppræta þá slæmu siði sem höfðu farið fram innan musterisins.

2.2 Útlegðin til Babýlon

Vatnaskil urðu í sögu þjóðarinnar 587/586 f. Kr. Þegar þegar babýlónski konungurinn Nebúkadnesar lagði Jerúsalem í rúst, vegna uppreisnar Júdamanna gegn babýlónska stórveldinu. Hluti íbúanna var herleiddur til Babýlon, á meðan aðrir urðu eftir í Jerúsalem. (2Kon 25).³⁴ Það er erfitt að segja til um nákvæman fjölda þeirra sem flutt voru nauðug til Babýlon, en frásögum af því ber ekki saman í Gamla testamentinu. (Jer. 52.28.-30; 2Kon 24.14). Ekki er heldur vitað hvort að þær tölur sem koma fram í textunum feli einnig í sér fjölda kvenna og barna. En engin ágreiningur er þó meðal fræðimanna³⁵ um að hinir herleiddu hafi skipt þúsundum. Það er einnig ljóst að þau sem eftir voru í Júda voru fleiri en þau sem send voru í útlegð til Babýlon.³⁶ Fólkið sem sent var í útlegð var fyrst og fremst konungsfjölskyldan, menntað fólk, embættismenn og fjölskyldur þeirra. Fólksflutningarnir fóru fram í þremur áföngum á árunum 597, 587/6 og 582 f. Kr.³⁷

Hin „ósigrandi“ Síon hafði verið eyðilögð, musterið rænt og það brennt til kaldra kola, (2Kon 25.8.-15) og borgarmúrarnir brotnir niður.³⁸ Bæði borgin og Júda voru lögð í rúst, og þúsundir drepnar. Þjóðin horfði á endalok konungsveldisins og útlegð úr eigin landi. Það er ekki nokkur vafi á því að þessir atburðir hafi verið áfall fyrir þjóðina og hafði veruleg áhrif á sjálfsmynd þjóðarinnar og trúarhugmyndir.³⁹ Sumir töldu hörmungarnar

³³ Anderson, G.W. *The History and Religion of Israel*, bls. 125

³⁴ Ackroyd, Peter R. *Exile and Restoration: A Study of Hebrew Thought of the Sixth Century BC*. (London: SCM Press LTD, 1968), bls. 21.

³⁵ Sumir telja að það hafi verið um 5% þjóðarinnar sem hafi verið leidd til Babýlon en aðrir telja það nær 10% þjóðarinnar. Erfitt er að áætla nákvæmlega því ekki er vitað nákvæman fjölda íbúa í Júda og Jerúsalem á þesum tíma. Sjá: Morrow, William S. „Comfort to Jerusalem: The Second Isaiah as Counselor to Refugees“, *Biblical Theology Bulletin*, 2004, bls. 81.

³⁶ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66: A Commentary* (London: SCM Press Ltd., 1969) bls. 5.

³⁷ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls.72.

³⁸ Ackroyd, Peter R. *Exile and Restoration: A Study of Hebrew Thought of the Sixth Century*, bls. 25.

³⁹ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 69.

vera afleiðingu af siðbót Jósía konungs, þegar musterið í Jerúsalem var gert miðlægt fyrir fórnardýrkun og fólk mátti ekki lengur færa öðrum guðum fórnir. Guðir Babýlons hefðu sigrað Jahve. Þar af leiðandi sóttu margir í önnur trúarbrögð og jafnvel höfnuðu Jahve. Það var enda ríkjandi skoðun í hinum forna heimi Miðausturlanda að ef ein þjóð sigraði aðra í hernaði hefðu guðir hennar sýnt sig sterkari en guðir hinnar sigruðu þjóðar. Aðrir túlkuðu þessa atburði í ljósi orða spámannanna sem litu svo á hörmungarnar væru afleiðingar af reiði Guðs vegna fráhrarfs þjóðarinnar frá Jahve. Guð hafði yfirgefið Jerúsalem og hafnað þjóð sinni.⁴⁰

Þjóðin hafði þegar gengið í gegnum margar þrengingar, eins og stiklað hefur verið á í þessum kafla, fram að falli Jerúsalem og útleigðinni, en það er óhætt að segja að fáir atburðir hafi haft jafnmikil áhrif á ritun texta Biblíunnar og útleigð Ísraelsmanna í Babýlon. Þetta var tímabil mikillar sorgar eins og sjá má í Harmljóðunum, og sektarkenndar, sem sjá má í ritum Fyrri og Síðari konungabóka. En frá harmi og sektarkennd risu upp nýjar, hugmyndaríkar og ljóðrænar raddir sem endurskilgreindu gamlar trúarhefðir þjóðarinnar í ljósi útleigðarinnar, og gáfu þjóðinni von fyrir framtíðina (Jes. 40-55. Jer. 30-31 og Esek. 33-48.). Í gegnum þessa túlkun er hinni útlægu Ísrael lýst sem bjartsýnu vonarsamfélagi sem trúði og treysti að Guð hafði ákvarðað útleigð þjóðarinnar og myndi einnig leiða þjóð sína aftur saman og endurreisa samfélag þeirra í Jerúsalem og Júda.⁴¹

Þjóðin beið með mikilli eftirvæntingu eftir lokum útleigðarinnar og þess að fá að snúa aftur heim. Þegar persakonungurinn Kýrus, hafði sigrað Babýlon árið 539 f.Kr., án mikilla átaka, gaf hann hinum útlægu frelsi til að snúa aftur til síns heimalands eftir fimmtíu ára útleigð. Það eru áreiðanlegar vísbendingar um að þeir fyrstu hafi farið aftur til Jerúsalem 537 f.Kr., og hafist handa við að endurreisa musterið í Jerúsalem (Esra 1. 2-11). Oftast er miðað við að það hafi verið fullbúið í kringum 515 f. Kr, og markar það upphafið að því sem almennt er kallað hið síðara musterið (e. *Second Temple Judaism*).⁴² Það voru þó ekki allir sem snéru heim þegar heimfararleyfið loksins kom.

⁴⁰ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls. 6.

⁴¹ Brueggemann, Walter. *Reverberations of Faith*, bls. 70.

⁴² Räisänen, Heikki. *The Rise of Christian Beliefs: The Thought World of Early Christians*. (Minneapolis: Fortress Press, 2010) bls. 20.

Mögulega vegna þess að kynslóðaskipti höfðu orðið hjá hinum útlægu í Babýlon og margir voru búnir að koma sér vel fyrir og skapa sér líf þar. Heimferð þjóðarinnar hefur því aldrei náðst að fullu. Þar af leiðandi er gyðingdómi ævinlega síðan lýst sem dreifðu samfélagi⁴³ eða þjóð í dreifingunni „diaspora“.⁴⁴ Dreifing Gyðinga um heimsbyggðina var þó í raun hafin með falli Samaríu 722 f. Kr. Þó að um hlutskipti þeirra sem Assýringar herleiddu sé lítið vitað.

Þegar hinir útlægu komu til baka til Júda byggðu þau upp samfélag sem myndi lifa af, sem krafðist hvorki landsvæðis né konungsveldis, því allt sem þjóðin hafði áður lagt traust sitt á: landið, konungsveldið, borgina og musterið, hafði verið frá þeim tekið. Gyðingdómur mótaðist af lærdómi þjóðarinnar vegna áfalla sem þau höfðu orðið fyrir og þrautseigju sem þjóðin öðlaðist á útleðartímanum, sem flóttamenn í ókunnugu landi. Áherslur færðust yfir á aðra þætti eins og hvíldardaginn og umskurnina sem og mikla trúmennsku við lögmálið. Hvíldardagurinn varð nýtt sameiningartákn fyrir hina útlægu í Babýlon, þegar þeir stóðu frammi fyrir því að musteri þeirra var eyðilaggt. Hvíldadagurinn fékk því aukna þýðingu fyrir Ísraelsmenn.⁴⁵ Komandi kynslóðir Gyðinga myndu enn þola margar þrengingar en gyðingdómur var mótaður til að lifa af.⁴⁶

2.3 Túlkun á útleðinni í vitund þjóðar (ritum hennar)

Þekking okkar á ástandinu í Júda á útleðartímabilinu og örlögum þeirra sem flutt voru til Babýlon er brotackennd. Það skapaðist eyða í frásögn þjóðarinnar eftir að hluti hennar var herleidd til Babýlon. David M. Carr telur að mögulega sé þessi eyða í sögunni vísbending um afleiðingar áfallsins sem þjóðin upplifði við árás babýlónska hersins.⁴⁷ Helsta heimild okkar um ástand þjóðarinnar sem varð eftir í Jerúsalem má finna í

⁴³ Brueggemann, Walter. *Reverberations of Faith*, bls. 71.

⁴⁴ Diaspora orðið kemur frá grísku, διασπορά (diasporá) og þýðir dreifing eða útbreiðsla. Í þessum skilningi er átt við dreifingu Gyðinga út fyrir Ísrael. En getur einnig átt við um hóp fólks sem hefur af mismunandi ástæðum neyðst til að yfirgefa uppruna sinn, s.s. vegna efnahagslegra vandamála, vegna trúarlegra, félagslegra, þjóðernislegra eða pólitískra átaka. Í Slm 42-43 sjáum við t.d. dæmi um ljóðmælenda sem af ókunnnum ástæðum hefur þurft að flýja Jerúsalem, þar sem hann hefur gegnt mikilvægu trúarlegu embætti og er nú staddur nærri Hermonfjalli í útleð í eigin landi og harnar mjög hlutskipti sitt.

⁴⁵ Gunnlaugur A. Jónsson. „Hvíldardagur í stað musters“ *Kirkjuritið*. 1993, bls. 3.

⁴⁶ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 140.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 74.

Harmljóðunum en talið er mjög líklegt að höfundur þeirra⁴⁸ hafi verið í Jerúsalem eftir fall borgarinnar.⁴⁹ Af Harmljóðunum að dæma er ljóst að ástandið var afar slæmt í Jerúsalem á tímum útleðarinnar: „Hörund vort er heitt eins og ofn af hungurbruna. Konum er nauðgað í Sion, meyjum í borgum Júda, höfðingjar gripnir og hengdir, öldungum engin virðing sýnd. Æskumennirnir verða að þræla við kvörnina og sveinarnir hrasa undir viðarbyrðunum.” (Harmlj. 5.10-13). Ljóðin lýsa neyð og örvæntingu þeirra sem voru eftir í rústum Jerúsalem. Það er ekki mikla von að finna í textum Harmljóðanna, og er það eitt af fáum ritum ritningarinnar sem lýkur með spurningu: „Eða hefur þú hafnað oss fyrir fullt og allt og ert oss reiður úr öllu hófi?” (Harmlj. 5. 22).

Kaflar 50-51, í Jeremía bera þess einnig merki að hafa verið skrifaðir í Júda á útleðartímabilinu. Þar hvetur spámaðurinn Jeremía þau sem voru í útleð í Babýlon að byggja hús, rækta garða, giftast og eignast börn (Jer 29.5-6), sem gefur okkur góða vísbendingu um að hinir útlægu hafi lifað við ákveðið frelsi í Babýlon. En líka má gera ráð fyrir að hlutskipti þeirra hafi verið talsvert misjafnt (sbr. Slm 137).

Sennilega fengu deuterónómsku söguritin (e. *Deuteronomic histories*)⁵⁰ einnig á sig sína lokamynd í Júda fljótlega eftir fall borgarinnar, til að útskýra hörmuleg örlög þjóðarinnar og útleðarinnar.⁵¹ Lagfæra þurfti sögu þjóðarinnar sem hafði verið tekin saman í tíð Jósía konungs, í ljósi eyðileggingar Jerúsalem. Upphaflega hafa konungabækurnar líklega endað á sáttmála Jósía við Guð (2Kon 23) þegar hann lét meðal annars hreinsa upp skurðgoðadýrkun í landinu og endurvakti páskahátíðina í Jerúsalem. En það er talið líklegt að ritarar í Júda hafi lagfært niðurlag konungabókanna til að veita svör um ástæðu hörmunganna, þrátt fyrir siðbót Jósía. Hin mikla trúfesti Jósía var ekki nægileg til að veita upp á móti óhlýðni sem faðir hans sýndi.⁵²

⁴⁸ Harmljóðin hafa löngum verið kennd við Jeremía og voru gjarnan nefnd Harmagrátur Jeremía í eldri íslenskum biblíuþýðingum.

⁴⁹ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls. 5.

⁵⁰ Jósúa, Dómarabókin, Fyrri og Síðari Samúelsbók, Fyrri og Síðari konungabók. Saga þjóðarinnar frá Exodus til falls Jerúsalem. Þessi rit hafa verið kölluð Deuterónómísku söguritin vegna þess að þau fylgja þeirri stefnu sem boðuð er í Deuterónómíum, þ.e. Fimmta Mósebók.

⁵¹ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls 5.

⁵² Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 76.

Mikilvægasta skriflega heimildin sem við eigum um áframhaldandi hefðir hinna útlægu Ísraelsþjóðar í Babýlon, samanstendur af spádómum Esekíels og annars Jesaja (Deutero Jesaja). Samkvæmt Esekíel höfum við áreiðanlegar vísbendingar um að hinir útlægu hafi búið saman í ákveðnum hverfum Babýlons (Esek 3.15; 8.1; 14.1; 33.30).⁵³ Það er einnig mjög líklegt að fólk hafi getað komið saman til tilbeiðslu og þá viðhaldið trúarlegum hefðum sínum að einhverju leyti. Það er hins vegar ekkert, hvorki í Esekíel né í öðrum Jesaja, sem bendir til þess að hinir útlægu hafi verið þröngvað til að tilbiðja babýlónska guði.⁵⁴

Þrátt fyrir eyður í sögu þjóðarinnar á útleigðartímanum er Gamla testamentið oft talið vera að stórum hluta safn ritverka hinna útlægu Júdamanna og afkomenda þeirra. Eins og hefur komið fram höfðu babýlónsk stjórnvöld fyrirskipað að flytja „efsta lag“ samfélagsins í Júda, til Babýlon. Það er einmitt þessi samfélagshópur sem líklega var bæði læs og skrifandi í hinu forna samfélagi, embættismenn, prestar og konungsfjölskyldan. Í útleigðinni skapaðist því óvenju hátt hlutfall skrifandi Júdamanna í Babýlon.⁵⁵ Eins og algengt er meðal þeirra sem verða fyrir áfalli, öðluðust hinir útlægu nýjan sjálfsskilning sem myndi að lokum hjálpa þeim að standast önnur stórveldi sem á eftir komu.⁵⁶ Huggunarspámaðurinn nafnlaus (Jes 40-55) talaði í þá kjark sem ekki hefur verið vanþörf á, hvatti þá til að óttast ekki, Drottin hefði ekki yfirgefið þá og þeir ættu þvert á móti björgun og heimför („nýjan exodus“) í vændum.

2.4 Félagslegt umhverfi útleigðarinnar í Babýlon

Saga Ísraels er í einni merkingu aðeins minniháttar þáttur í hinn viddtæku flóknu fornaldarsögu Austurlanda nær. Að undanskildum mögulega valdatíma konunganna Davíðs og Salómons, náði Ísraelsþjóð aldrei heimsveldisstöðu. Henni tókst að viðhalda fullkornlega sjálfstæðri þjóðlegri stjórn í aðeins litlum hluta Gamla testamentisins og þjóðareiningu í enn skemmri tíma.

⁵³ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls. 5

⁵⁴ Sama heimild, bls. 6.

⁵⁵ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 75.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 76.

Pólítísk áhrif þjóðarinnar voru sjaldan mikil og sjálfstæði hennar var oft ótryggt eða ekkert, trú hennar sýndi ótrúlega þrautseigju til að takast á við og lifa af krísutímabil. Þá náði þjóðin að viðhalda sérkennum sínum mun betur en trúarbrögð nágrannaríkjanna, sem breyttust eða afmáðust í þeim viðtæku breytingum sem höfðu áhrif á hin fornu samfélög austurlanda nær. Þrátt fyrir þessar andstæður eru saga þjóðarinnar og trú hennar óaðskiljanleg. Það er auðvitað rétt að hvar sem trúarbrögð hafa verið iðkuð, hafa þau að einhverju leyti verið hluti af sögunni og orðið fyrir áhrifum af pólítískum, félagslegum og efnahagslegum þáttum samfélagsins sem þau eru hluti af.⁵⁷

Gamlatestamentisfræðingurinn Daniel Smith-Christopher nálgast textatúlkun í ritum Biblíunnar út frá þvermenningarfræðilegum rannsóknum. Hann hefur sérstaklega rannsakað texta sem urðu til meðal útlaganna í Babýlon. Hann telur að nýta megi reynslu af áföllum 20. og 21. aldar til að skýra forna texta, og hugsun okkar gagnvart mögulegum áhrifum áfalla á hin fornu samfélög. Stríð, þjóðarmorð og hryðjuverkaárásir, eru dæmi um sögu síðustu aldar og er enn raunveruleiki milljóna manna í heiminum í dag. Við lifum á öld flóttamanna, þar sem milljónir manna eru í útleið, hvort sem það er vegna nauðungarflutninga eða vegna þess að fólk hefur flúið sjálfviljugt vegna ófremdarástands í heimalandi sínu. Við lifum á tímum þar sem fordæmalaust hlutfall af fólki í heiminum er á hreyfingu, meira heldur en nokkurn tímann fyrr í mannkynssögunni, þar á meðal seinni heimstyrjöldinni.⁵⁸ 82.4 milljónir eru á flótta í heiminum í dag, fólk sem er að flýja átök, ofsóknir eða aðstæður sem ógna almannaoöryggi.⁵⁹

Umsátur, eyðilegging og brottvísun Júdamanna frá Jerúsalem á árunum 597/587 f.Kr. er í eðli sínu áfallareynsla. Þegar yfirstétt borgarinnar var flutt til Babýlon (597 f. Kr.), ásamt öðrum þeim sem valdir voru til brottflutnings, er líklegt að hinir útlægu hafi upplifað

⁵⁷ G.W. Anderson. *The History and Religion of Israel*. bls 1.

⁵⁸ Smith-Christopher, Daniel L. *Biblical Theology of Exile: Overtures to Biblical Theology* (Minneapolis: Fortress Press, 2002) bls. 28.

⁵⁹ “Eitt prósent af mannkyninu á flótta: Skýrsla Flóttamannastofnunar Sameinuðu Þjóðanna um þróun á heimsvísu.” *UNHCR Ísland*, <https://www.unhcr.org/neu/is/38321-eitt-prosent-af-mannkyninu-a-flotta-skyrsla-flottamannastofnunar-sameinudu-thjodanna-um-throun-a-heimsvisu.html>. (Sótt 07.01.2022)

miklar þjáningar á meðan á umsátrinu stóð og líklegt að borgararnir hafi orðið vitni að miklu ofbeldi eða orðið fyrir því sjálfir.⁶⁰

Í bók sinni *A Biblical Theology of Exile* dregur Smith-Christopher athygli að sjónarhorni rannsókna nýlendutímans sem og rannsókna sem gerðar hafa verið meðal flóttafólks, til að lesa suma útleðartexta biblíunnar, sem og að skoða þá frá sjónarhorni hörmunga tuttugustu aldar. Hann telur mikilvægt að meta babýlónsku útleðina sem bæði sögulegar mannlegar hörmungar sem höfðu í för með sér verulegar félagslegar og trúarlegar afleiðingar. En telur að nýta megi þverfaglegar rannsóknir til þess að meta áhrif útleðarinnar í Babýlon.⁶¹

Hann gagnrýnir þær skoðanir sem telja að almenn viðbrögð hinnar fornu Ísraelsþjóðar við Persaveldi hafi eingöngu verið jákvæð og bendir á að hægt sé að lesa slíka texta í ljósi þess að um stöðu minnihlutahóps er að ræða, sem reyndi að lifa af, á sama tíma og þau reyndu að viðhalda sjálfsmynd sinni í ótta við hið völduga heimsveldi.⁶²

Þá bendir hann á kraft frásagnarinnar (e. *narrative*) til enduruppbyggingar sjálfsmyndar og nefnir sem dæmi hlutverk iðrunarbæna sem fluttar voru af almenningi (1Kon 8; Neh 9; Dan 9).⁶³ Slíkar bænir eru bæði pólitískar yfirlýsingar og dæmi um enduruppbyggingu frásagnarinnar að því leyti að þær kalla fólkið til að viðurkenna mistök fortíðarinnar, það er, konungsveldisins, og kallar á endursköpun sjálfsmyndar en þeirrar sem konungsveldið sýndi.⁶⁴ Smith-Christopher útskýrir að áherslan á hreinleika í blönduðum hjónaböndum í ritum Esra og Nehemía megi best skilja í ljósi félagslegra og pólitískra aðstæðna minnihlutahópa. Samtíma rannsóknir á slíkum hópum sýna að til að viðhalda sjálfsmynd sinni og um leið standast áhrif heimsveldisins, þarf menning minnihlutahópa að leggja áherslu á hreinleikalögmál sem þýðir að ekki megi blandast utanaðkomandi aðilum, til að viðhalda stöðu þeirra sem eftir eru sem hópur „hina réttlátu“ og til að sjálfsmynd minnihlutahópsins lifi af. (Esra 9).⁶⁵

⁶⁰ Markl, Dominik. „The Babylonian Exile As the Birth Trauma of Monotheism.“ *Biblica*, vol. 101, no. 1, 2020, bls. 10. doi: 10.2143/BIB.101.1.3287512

⁶¹ Smith-Christopher, Daniel L. *The Biblical Theology of Exile*, bls. 6.

⁶² Sama heimild, bls. 43.

⁶³ Sama heimild, bls. 111.

⁶⁴ Sama heimild, bls. 112.

⁶⁵ Sama heimild, bls. 161.

Félagsfræðileg nálgun, Smiths-Christophers, leggur áherslu á að ritskýring á útleðartextum Gamla testamentisins, verði ekki aðeins skoðuð út frá hefðbundinni bókmennta- og textarýni heldur einnig í því ljósi að textinn er afurð félagslegs veruleika auk þess sem hann er leið til að takast á við veruleika áfalls. Hann fullyrðir að vænlegasta leiðin til að skilja textann í samhengi útleðar er að endurbyggja heimsmynd útlægra þjóða, sem hann hefur meðal annars gert með því að skoða rannsóknir sem gerðar hafa verið á undanförunum áratugum á þau sem hafa kynnst útleð. Í því samhengi styður hann sig við samanburðaraðferðir sem nota gögn frá svokölluðum „fjórða heimi“ (e. *Fourth world*)⁶⁶ sem er hugtak sem áður var notað í félagsfræðilegum skilningi til að tákna útlæga hópa. Trúarbrögð hinna landlausu skilgreina útleð sem krísuástand sem hefur áhrif á lífsafkomu allra þeirra sem verða fyrir brottflutningi frá heimalandi sínu. Smith-Christopher vísar á bug þeirri hugmynd að lífið hafi ekki verið erfitt fyrir hina útlægu Júdamenn í Babýlon, með því að einblína á þá óumflýjanlegu staðreynd að þeir voru land- og valdalaus minnihluti, félagslegir utangarðsmenn í samfélagi með vel skilgreint félagslegt og pólitískt stigveldi.⁶⁷

Mannfræðirannsóknir hafa beint athyglinni að því að greina tengslasamhengi hópa við aðra hópa innan samfélaga. Með því að skilja mikilvægi krísutímabila á ákveðin samfélagshóp, getum við betur skilið hvaða áhrif krísan hafði, sem í þessu tilfelli er útleðin til Babýlon. Eins og við höfum séð í sögulegri enduruppbyggingu okkar táknaði útleðin hernaðarósigur og áframhaldandi hernaðaryfirráð, sem var dagleg áminning Júdamanna um að þeir væru ekki lengur sjálfstæð þjóð. Ennfremur, fyrir þá sem fluttir voru til Mesapótamíu, hafði krísan áframhaldandi áhrif á vitund og félagsleg átök minnihlutahópsins, sem hinir útlægu voru, eftir útleðina. Rannsóknir sýna fram á að hópar flóttamanna eða minnihlutahópa myndast á verulega ólíkan hátt. Ef flóttamaður eða minnihlutahópur myndast út frá einstaklingum sem flytjast á milli landa, eru tengsl innflytjenda hver við annan og við samfélagið sem þeir búa í, verulega frábrugðin þeim

⁶⁶ Fjórði heimurinn er hugtak sem hefur áður verið notað um þjóðir eða þjóðarbrot sem búa við mikla fátækt, um vanþróuð samfélög, stundum einnig um minnihlutahópa innan ríkja, s.s. frumbyggja, íbúa fátækrahverfa eða fólks án ríkisfangs.

⁶⁷ Smith-Christopher, Daniel L. *Religion of the Landless: The Social Context of the Babylonian Exile* (Eugene, Oregon: Wipf and Stock Publishers, 1989) bls. 8-9.

flóttamönnum- eða minnihlutahópum sem myndast þegar hópur fólks flyst saman á milli landa.⁶⁸

Líf minnihlutahóps er háð því að þeim takist að skapa traust samfélag með félagslegum mörkum. Þessi samstaða í útleð skapar síðan aðskilnað frá íbúum sem ekki upplifðu útleð. Síðasti félagsfræðilegi þátturinn í krísu útleðarinnar væri þá hugsanleg átök milli þeirra sem voru í útleð og þeirra sem urðu eftir. Þessi átök myndu ekki endilega endurspegla „hrörnun“ eða trúarlegrar trúfesti þeirra sem eftir urðu í Palestínu, heldur aðeins að krísan leiddi til annarrar félagslegrar uppbyggingar. Þannig verður greining á félagslegum átökum á tímum endurreisnar og endurkomu að taka alla þessa þætti félagsfræðilegrar greiningar með í reikninginn. Málin varða ekki aðeins trú og stétt, heldur hefur einnig með myndun hamfarasamfélaga að gera.⁶⁹

Samanburðarrannsóknir benda til þess að Babylónuher hafi farið fram með miklu ofbeldi og ekki ólíklegt að almenningur hafi orðið vitni að því, sem er ein leið sálræns hernaðar.⁷⁰

Þá má gera ráð fyrir að margir hafi upplifað heilsubrest vegna umsátursins og átakanna og því var ferðalagið til Babýlon lífshættulegt fyrir marga, og einhverjir lifðu það ekki af. Meðal hinna útlægu voru margir sem höfðu misst fjölskyldumeðlimi, sérstaklega eiginmenn/feður sem voru drepnir í átökum og börn sem lifðu ekki af hungursneiðina (Harmlj. 5.3). Fleiri sálrænar áskoranir biðu hinna útlægu. Hafandi séð eyðilegginguna um allt sem stóð fyrir pólitíska og trúarlega sjálfsmynd þeirra, þurfdu þau að setjast að í framandi og ráðandi menningarumhverfi þaðan sem fulltrúar hernaðarins sem höfðu beitt þau ofbeldi voru.⁷¹

Útleð er í grundvallaratriðum ósamfellt ástand. Hinir útlægu eru teknir frá rótum sínum, landi sínu, fortíð sinni. Þeir eiga almennt ekki óvinaríki, en leitinn að sameiginlegum óvini getur leitt hina útlægu til að endurskapa brotið líf sitt í frásagnarformi, oft með því að

⁶⁸ Sama heimild, bls. 53.

⁶⁹ Sama heimild, bls. 64-65.

⁷⁰ Markl, Dominik. „The Babylonian Exile As the Birth Trauma of Monotheism.“, bls.11.

⁷¹ Sama heimild, bls. 12.

velja að líta á sig sem hluta af sigursælli hugmyndafræði eða endurreistum hópi. Slík saga er hönnuð til að setja saman brotna sögu útlegðar aftur í nýja heild.⁷²

Þó að það sé vel staðfest innan sálfræðirannsókna að frásögn áfallaupplifunnar geti reynst vel sem meðferðarúrræði eða úrvinnsla í bataferli, þá eru frásagnir einnig mikilvægur hluti hins mannlega veruleika sem gerir okkur öllum kleift að gera grein fyrir lífi okkar og finna fyrir samþættingu sem meðlimir samfélags. Með endurheimt tungumálsins getur þolandi myndað sögu um sjálfsmynd sína, sagt persónulega sögu sem staðsetur hann í tíma og rúmi.⁷³

2.5 Ályktanir

Af stórum hluta Gamla testamentisins má ráða að landið sem Ísraelsþjóð settist að í var aðeins um tíma landsvæði sem þeir höfðu full umráð yfir, en lengst af var þjóðin undir erlendum yfirráðum og líf hennar skaraðist mismikið af öðrum þjóðum. Landið stóð enda í þjóðbraut, milli stórvelda, eins og Egyptalands, Líbanon og Sýrlands og Mesópótamía ekki fjarri. Samkvæmt þeirra eigin hefð, komu forfeður þeirra til landsins helga sem útlendingar og grundvöllur trúar þeirra átti sér stað utan landamæra þess. Samt varð landsvæði Ísraels/Palestínu ímynd trúarlegrar vonar þjóðarinnar. Fall Júda árið 587/6 f. Kr. markaði endalok sjálfstæðis þjóðar Jahve, konungsveldisins og helgisíða musterisguðsþjónustunnar. Þrátt fyrir hörmungarnar sem höfðu gengið yfir þjóðina náðu Gyðingar að varðveita þjóðareinkenni sín með því að endurmeta sögu sína og guðfræði. Trúin var drifkrafturinn sem kallaði fólkið til ábyrgðar og réttlátra athafna.

Hugtakið „útleð“ hefur hér á undan verið tengt við sögulegan og guðræðilegan atburð sem var fall Jerúsalem og útleð Júdamanna. Hugtakið er ekki síður þýðingarmikið þegar við hugsun til vaxandi fjölda þeirra sem eru í útleð í dag, fólks á flóttu, fólk sem flyst á milli landa og jaðarsettra hópa, svo sem af hernaðarlegum, pólitískum eða efnahagslegum

⁷² Smith-Christopher, Daniel L. *A Biblical Theology of Exile*, bls. 105.

⁷³ Smith-Christopher, Daniel L. „Trauma and the Old Testament: „Some Problems and Prospects.“, Becker E-M, Dochhorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritsstj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 239.

ástæðum. Í útleigðinni í Babýlon öðlaðist Ísraelsþjóðin⁷⁴ trú og traust á að Jahve væri Guð sem myndi safna hinum útlægu saman og leiða þá heim.

*Svo segir Drottinn Guð sem safnar saman hinum burtreknu
Ísraelsmönnum: Ég mun safna að þeim enn fleiri en þeim sem þegar
hafa safnast saman. (Jes 56.8)*

Þverfaglegar rannsóknir og samanburðarrannsóknir hafa nýst biblíulegum textatúlkunum til að varpa nýju ljósi á forna texta og þess samfélags sem þeir eru skapaðir í. Ef við gerum ráð fyrir að áföll og viðbrögð við þeim hafi fylgt manneskjunni frá upphafi þá getum við verið viss um að öll þau erfiðleikatímabil sem Ísraelsþjóð mætti, mótuðu sjálfsmynd hennar. Við getum gefið okkur að útleigðin til Babýlon hafi verið mikið áfall fyrir þjóðina sem varð til þess að endurmeta þurfti sjálfsmynd þjóðarinnar. Þar kemur máttur frásagnarinnar inn sem öflugt verkfæri til úrvinnslu. Þegar við nýtum okkur samtíma rannsóknir og þekkingu á áföllum og áfallaviðbrögðum, getum við skoðað þá texta sem fjalla um félagslegt umhverfi hins forna heims, hvað var að gerast og hver voru viðbrögð við þeim atburðum?

Í næsta hluta ætlum við að rýna í áfallarrannsóknir, kenningar og viðbrögð við áföllum og hvernig þau geta veitt okkur betri innsýn inn í aðstæður og ástand hinna útlægu, sem og þeirra sem eftir voru í Júda, ásamt kynslóðum sem á eftir komu, sem skrifuðu söguna.

⁷⁴ Eða sá hluti þjóðarinnar sem yfirleitt er kenndur við Júda.

Hluti III: Túlkunarramminn

3.1. Áfallarannsóknir

„[Seifur] leiðir dauðlega til skilnings
um að þekking komi í gegnum þjáningu.
Hann hefur sett þetta sem lög.
En í svefni dettur inn í hjartað
minning um sársauka;
viskan kemur nauðug.
Það er ofsafengin gjöf, geri ég ráð fyrir,
frá guðunum á mikilfenglega róðrabekknunum“
(Æskýlos, *Agamemnon* 176-83)⁷⁵

Áföll hafa verið hluti af mannkyni frá upphafi. Gríska hugtakið τραύμα (Trauma) á uppruna sinn í fornöld og merkir líkamleg sár, eða áverka. En hugtakið finnst víða í fornum bókmenntum. Þótt því fari vitaskuld fjarri að áföll séu nútíma fyrirbæri eru áfallarannsóknir og þekking okkar á áföllum frekar ung í sögulegu samhengi. Þá hafa rannsóknir síðustu aldar aukið skilning okkar á áfallasögu fornaldar.⁷⁶

Manneskjan býr yfir einskærri þrautseigju. Frá örófi alda hefur hún upplifað stríð, hamfarir, bæði frá náttúrunnar hendi og af mannavöldum, ásamt öllum þeim erfiðleikum og jafnvel ofbeldi sem manneskjan upplifir í sínu persónulega lífi. Áfallareynsla skilur eftir sig spor, hvort sem það er í sögu okkar og menningu eða innan heimilisins, á fjölskyldur okkar, svo sem vegna erfiðra áfalla eða leyndarmála innan fjölskyldunnar sem geta haft alvarlegar sálrænar afleiðingar frá kynslóð til kynslóðar. Áfallareynsla skilur einnig eftir sig spor í huga okkar og tilfinningum, og hefur áhrif á getu okkar til gleði og nándar og á lífeðlisfræðileg viðbrögð okkar og ónæmiskerfi. Áföll hafa ekki aðeins áhrif á þau sem verða fyrir því beint, heldur einnig þau sem standa þeim næst. Áfall samkvæmt skilgreiningu er óbærilegt og óviðunandi. Flest fórnarlömb nauðgana, hermenn sem

⁷⁵ Janzen, David. *The Violent Gift: Trauma's Subversion of the Deuteronomistic History Narrative*. (London: Bloomsbury, 2012) bls. 3. [Þýðing ritgerðarhöfundar úr ensku].

⁷⁶ Becker, Eve-Marie. „Trauma Studies and Exegesis: Challenges, Limits and Prospects“, Becker E-M, Dochhorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritsj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 17.

upplifað hafa hrylling af vígvelli og börn sem hafa verið misnotuð, komast í mikið uppnám þegar þau hugsa um það sem þau upplifðu að þau reyna með öllum mætti að ýta því úr huganum.⁷⁷

Það krefst mikillar orku að halda áfram með lífið á sama tíma og manneskjan ber minningu um skelfingu og skömm yfir því að hafa upplifað sig veikburða og varnarlausu í aðstæðunum. Þau sem hafa upplifað slíka skelfingu vilja að sjálfsögðu öll komast yfir áfallið og halda áfram með lífið, en sá hluti heilans sem hefur það hlutverk að tryggja að við lifum af, er ófær um að afneita áfallareynslunni og kallar stöðugt fram viðbrögð og minningar um skelfinguna sem var upplifuð.

Löngu eftir að áfallið er yfirstaðið getur endurupplifun af áfallinu endurvirkjast í heilanum við minnstu vísbendingu um hættu og þá fara heilarásir að seyta gríðarlegu magni af streituhormónum af stað í líkamanum. Þetta ýtir undir óþægilegar tilfinningar, sterk líkamleg viðbrögð ásamt hvatvísri og árásargjarnri hegðun. Þessi áfallaviðbrögð geta verið óútskýranleg og yfirþyrmandi. Þau sem upplifað hafa áfall finna fyrir því að missa stjórn, og upplifa oft ótta að þau séu skemmd inn að kjarna og ekki viðbjargandi.⁷⁸

Uppruna áfallarannsóknna má rekja aftur til síðari hluta nítjándu aldar þó að yfirleitt sé miðað við rannsóknir á hermönnum og viðbrögð þeirra við fyrri heimsstyrjöld (1914-18) þegar farið var að huga að andlegum eftirköstum þeirra hörmunga sem hermenn upplifðu eftir að heim var komið. Hugtakið sprengjulost (e. *shell shock*) var upphaflega skilgreint þannig að sprengingar á vígvellinum hafi valdið sumum hermönnum heilaáverkum. Viðbrögð mannanna komu m.a. fram með þeim hætti að þeir áttu erfitt með að ná takast á við hefðbundið líf eftir þær hörmungar sem þeir höfðu upplifað á vígvellinum. Hermennirnir mættu fordómum í samfélaginu vegna þessa viðbragða sem þeir réðu ekki við, svo að litið var niður á þá og þeir taldir veikburða og huglausir. Síðar kom þó í ljós að hermennirnir hefðu orðið fyrir sálrænum truflunum.⁷⁹ Rannsóknir á stríðsáfallum voru endurvaktar í miðri síðari heimsstyrjöld þegar kom í ljós að sagan virtist endurtaka sig, hermenn sýndu sömu einkenni og hermenn fyrri heimstyrjaldar. Þá var einnig rannsókn

⁷⁷ Van der Kolk, Bessel A. *The Body Keeps the Score: Brain, Mind and Body in the Healing of Trauma*. (New York: Penguin Books, 2015.) bls. 1.

⁷⁸ Sama heimild, bls. 2.

⁷⁹ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 257.

gerð í Oslóarháskóla á sjöunda áratug síðustu aldar vegna þess að fjöldi þeirra sem dvalist höfðu í fangabúðum nasista í seinni heimstyrjöldinni höfðu leitað á sjúkrahús með sömu einkenni og hermennirnir svo sem þrekleysi, skert minni, vanlíðan, vanmáttarkennd og óstöðug geðbrigði. Nokkru síðar varð til skilgreiningin „eftirlifenda heilkenni” (e. *survivor syndrome/guilt*) sem einkennist af því að fólk upplifði sektarkennd yfir því að hafa lifað af á meðan aðrir gerðu það ekki. Þá voru ofsóknarhugmyndir einnig algengar meðal fólks sem var á flótta í seinni heimsstyrjöldinni, sem rekja má til yfirþyrmandi öryggisleysis vegna lífsreynslu þeirra. Sömu einkenni mátti einnig finna meðal þeirra sem lifðu af kjarnorkusprengringarnar í Hiroshima og Nagasaki.

Tímamót urðu árið 1980 eftir Víetnamstríð þegar sálfræðingar kölluðu eftir viðurkenndri greiningu vegna sameiginlegra einkenna sem m.a. uppgjafahermenn upplifðu. Áfallastreituröskun (e. *Posttraumatic stress disorder*)⁸⁰ eða PTSD varð loksins viðurkennd innan geðheilbrigðis og sálfræðinnar samkvæmt greiningar og tölfræðihandbók Ameríska geðlæknafélagsins eða DSM (e. *Diagnostic and Statistical Manual*). Með því að bera kennsl á einkennin á kerfisbundinn hátt og flokka þau saman í röskun var loksins komið hugtak á þjáningum fólks sem var yfirbugað af hryllingi og úrræðaleysi vegna reynslu sinnar. Með hugmyndaumgjörðinni um áfallastreituröskun varð loksins róttæk breyting á skilningi okkar um þau sem glíma við slík einkenni, sem síðan leiddi til upphafs viðamikilla rannsókna og tilrauna til að finna árangursríkar meðferðir handa þolendum áfalla.⁸¹

Ódæðisverk tuttugustu aldarinnar leiddu einnig til rannsókna á ýmsum tegundum bókmennta s.s. bókmennta um helförina, sprengjuárásanna á Hiroshima og Nagasaki og Víetnamstríðsins. Bókmenntir sem skrifaðar voru í kjölfar þessara hörmunga eru ýmist nefndar „sögur eftirlifenda” (e. *Survivor literature*) eða áfalla bókmenntir (e. *Trauma literature*). Innsýn slíkra bókmennta hefur haft mikil áhrif á og gefið okkur innsýn í, að móta rannsóknir og aðferðir m.a. á sviði biblíurannsókna.⁸²

⁸⁰ Áfallastreituröskun er heiti yfir ákveðin viðbrögð í kjölfar áfalls.

⁸¹ Van der Kolk, Bessel A. *The Body Keeps the Score*, bls. 19.

⁸² Garber DG. Trauma Theory and Biblical Studies. *Currents in Biblical Research*. 2015;14 (1), bls.16. doi:[10.1177/1476993X14561176](https://doi.org/10.1177/1476993X14561176)

Með tilkomu frekari greininga og aukins skilnings á áfallaviðbrögðum erum við einnig farin að skilja hvernig yfirþyrmandi reynsla hefur áhrif á innstu skynjun okkar og samband okkar við líkamlegan veruleika okkar og kjarna þess sem við erum. Við höfum komist að því að áföll eru ekki bara einstakur atburður sem átti sér stað einhvern tíman í fortíðinni, heldur eru það ummerkin sem slík reynsla skilur eftir sig á huga, heila og líkama. Þessi ummerki hafa viðvarandi afleiðingar fyrir það hvernig manneskjunnar tekst að lifa af í núinu. Til að raunverulegar breytingar eigi sér stað þarf líkaminn að læra að hætta er liðin hjá og öðlast færni á ný til að takast á við lífið og dvelja í núinu. Leit okkar að því að skilja áföll hefur leitt til þess að við hugsum öðruvísi, ekki aðeins um uppbyggingu hugans heldur einnig um möguleika og færni hugans til að ná bata.⁸³

Mannshugurinn býr yfir sérstakri getu til að endurskrifa minningar eins og fram kemur í rannsókninni „Grant study of Adult Development“ sem gerð var á meðal karlmanna á árunum 1939-44.⁸⁴ Í rannsókninni var með kerfisbundnum hætti fylgst með andlegri og líkamlegri heilsu yfir tvö hundruð karlmanna sem voru þá nemendur á öðru ári í Harvard á þessum árum, og fram á efri ár þeirra. Þau sem stýrðu rannsókninni gátu með engu móti vitað að mikill fjöldi þeirra sem tók þátt í rannsókninni átti eftir að berjast í síðari heimsstyrjöldinni, sem hefur gert okkur kleift að öðlast dýrmæta þekkingu með því að fylgjast með þróun og úrvinnslu minninga manna frá seinna stríði. Rætt var ítarlega um reynslu þeirra úr stríðinu á árunum 1945/46, strax eftir að þeir komu heim og aftur á árunum 1989-90. Fjórum og hálfum áratug síðar hafði frásögn meirihluta þeirra breyst varðandi upphaflegar minningar þeirra sem þeir greindu frá beint eftir stríð. Með tímanum höfðu minningar þeirra og upplifanir af þeim hryllingi sem þeir upplifðu mildast töluvert. En frásagnir þeirra sem höfðu orðið fyrir áfalli og í kjölfarið þróað með sér áfallastreituröskun, hafði lítið sem ekkert breyst. Minningar þeirra höfðu varðveist og frásögn þeirra var enn í meginatriðum sú sama. Hversu nákvæmar sem minningar okkar eru, virðist fara eftir því hversu þýðingarmikill atburðinn var fyrir okkur persónulega og hvaða áhrif hann hafði á okkur á þeim tíma.

⁸³ Van der Kolk, Bessel A. *The Body Keeps the Score*, bls. 21.

⁸⁴ “A 50-Year Prospective study of the Psychological Sequelae of World War II Combat,” *American Journal of Psychiatry* 152, no. 4, apríl, 1995, bls. 516-22.

Van Der Kolk bendir á í samhengi varðveislu minninga, að þau sem muna 11. september 2001, tengja þær minningar við ákveðið fólk, stað, lykt og tilfinningu þegar þau sáu fréttir eða heyrðu af hryðjuverkaárásunum í Bandaríkjunum. Þau muna nákvæmlega í hvaða aðstæðum þau voru þennan ákveðna dag, þriðjudaginn 11. september 2001, en á sama tíma eiga fáir minningar um hvað þau voru að gera deginum á undan, þann 10. september 2001.⁸⁵

Þegar við upplifum eitthvað skelfilegt, varðveitist sterk og frekar nákvæm minning um atburðinn í minni okkar í langan tíma, því meira adrenalín sem líkaminn seytir af stað í líkamanum því nákvæmari verður minningin um atburðinn. Reyndar er það aðeins svo upp að vissu marki, því þegar við stöndum frammi fyrir aðstæðum sem eru svo hryllilegar að mannshugurinn nær ekki utan um að skilja þær þá yfirbugast kerfið allt og brotnar niður. Ummerki áfallaupplifana eru ekki skipulagðar, heildstæðar né rökréttar frásagnir heldur eru þær sundurlausar skynjanir og tilfinningalegar, ummerkja, mynda, hljóða og líkamlegra skynjana.⁸⁶ Línuleg áfallafrásögn er því ekki til, heldur hefur hún sinn eigin tímaramma sem brýtur hefðbundið orsakasamhengi.⁸⁷

Minningar eða endurupplifanir koma til vegna varnarkerfis líkamans sem varðveitir upplýsingar í heilanum um það sem gerðist á meðan á atburðinum stóð. Líkaminn hefur ekki tíma til að skilja hvað er að gerast á meðan á atburðinum stendur og upplifir allt mjög hættulegt og ógnvekjandi. Heilinn varðveitir minningar um atburðinn sem hluti af varnarkerfi líkamans, ef ske kynni að svipuð hætta gerðist aftur. Ef það er raunveruleg hætta á að samskonar áfall gerist aftur þá er þetta varnarkerfi líkamans mjög gagnlegt en ekki eins gagnlegt ef hættan er liðin hjá og manneskjan þarf í raun og veru ekki á þessari vörn að halda lengur.⁸⁸

Eins og hefur komið fram var framan af tuttugustu öldinni samfélagslegir fordómar gagnvart þeim manneskjum sem höfðu upplifað áfall og sýndu áfallaeinkenni, þekking á

⁸⁵ Van der Kolk, Bessel A. *The Body Keeps the Score*, bls. 177.

⁸⁶ Sama heimild, bls. 178.

⁸⁷ Arnold-de Simine, Silke. "Trauma and Memory." *Trauma and Literature*. J. Roger Kurtz (Ritstj.), (Cambridge: Cambridge University Press, 2018) bls. 141.

⁸⁸ „Að skilja viðbrögð við áfalli: Leiðbeiningar fyrir þolendur áfalla og aðstandendur þeirra.“ Ragnhildur Guðmundsdóttir og Valgerður Margrét Magnúsdóttir (þýðendur), 2008, *Emdrmedferd.is*. <http://emdrmedferd.is/resources/les.pdf> (Sótt 07.01.2022).

áfallaviðbrögðum og meðferðir við þeim voru þá litlar áður en viðurkennd greining var komin fram. Það eru ekki nema örfáir áratugir síðan að samfélagsleg viðhorf um áföll breyttist og þær manneskjur sem sýndu áfallaeinkenni urðu að holdgervingum sameiginlegrar mennsku okkar, en ekki manneskjur sem samfélagið lítur niður á sem veikburða.⁸⁹

3.2. Áföll og áfallakenningar

Sálrænt áfall verður til vegna ógnandi og óviðbúins atburðar í lífi einstaklings, sem viðkomandi hefur ekki stjórn á og hefur neikvæð áhrif á þá upplifun að hann lifi í öruggum og fyrirsjáanlegum heimi. Því meira sem atburðurinn snertir viðkomandi persónulega eykst hættan á tilfinningalegum skaða fyrir einstaklinginn.

Verði einstaklingur fyrir lífsreynslu sem er honum mögulega skaðleg getur viðkomandi upplifað hjálparleysi, mikinn ótta eða hrylling sem getur valdið skaðlegri streitu (e. *Traumatic stress*) og jafnvel leitt til áfallastreituröskunnar (e. *Post-traumatic stress disorder*).

Flestir upplifa aðstæður í lífinu sem geta verið mjög streituvaldandi, en fáar þeirra skilgreinast þó sem raunveruleg áföll. Það eru margar leiðir til að skilgreina áföll en skilgreining samkvæmt DSM-V felur í sér að manneskja hafi upplifað, orðið vitni að eða staðið andspænis atburði sem felur í sér raunverulegan dauða eða ógn um dauða eða alvarleg meiðsl eða ógn við eigin líkamlegu heilsu eða annarra, að upplifa hættu á kynferðislegu ofbeldi eða verða fyrir því, að verða ítrekað í starfi fyrir því að sjá óhugnalegar aðstæður eða heyra í smáatriðum um alvarlega atburði. Viðbrögð manneskjunnar í slíkum aðstæðum myndu þar af leiðandi fela í sér mikinn ótta,

⁸⁹ Smith-Christopher, Daniel L. „Trauma and the Old Testament: Some Problems and Prospects.“ Becker E-M, Dochhorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritsstj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 230.

hjálparleysi eða skelfingu. Áfall af manna völdum og áföll af völdum ofbeldis, glæpa og hryðjuverka er oft erfiðara að aðlagast og sætta sig við en áföll vegna náttúruhamfara.⁹⁰

Áfallastreituröskun (e. *posttraumatic stress disorder*) samkvæmt ICD 11⁹¹ er heilkenni (e. *syndrome*) sem þróast í kjölfar þess að lenda í slíkum atburðum eða aðstæðum sem eru sérstaklega ógnandi og hörmulegir eða mörgum atburðum sem einkennast af öllu eftirfarandi.

Endurupplifun á áfallinu eða áföllunum í núinu í formi skýrra ágengra minninga, endurlits (e. *Flashbacks*) eða martraða. Þessu fylgir venjulega sterk og yfirþyrmandi tilfinning eins og ótti eða hryllingur og sterk líkamleg skynjun eða tilfinning um að vera yfirþyrmdur eða sökkva í sömu sterku tilfinninguna sem var upplifuð í áfallinu. Forðun hugsana og minninga um atburðinn eða forðast athafnir, aðstæður eða fólk sem minnir á atburðinn eða atburðina.

Viðvarandi tilfinning um mikla hættu sem birtist í ofurárvekni eða ofurviðbrögðum við áreiti eins og skyndileg hljóð. Þessi einkenni verða að standa yfir í amk nokkrar vikur og valda áberandi truflun í lífi einstaklingsins, persónulega, á fjölskyldu eða á öðrum mikilvægum sviðum lífsins. Þættir sem hafa áhrif á viðbrögð fólks við áföllum eru t.d. fyrri áföll sem ekki hefur verið unnið úr. Fyrri reynsla, aðlögunarhæfileikar; upplifun og túlkun.⁹²

Tilfinningaleg og sálræn einkenni áfalla eru eftirfarandi:

- Afneitun, vantrú
- Reiði, pirringur, skapsveiflur
- Sektarkennd, skömm, sjálfsásökun
- Leiði eða vonleysi
- Kvíði og ótti

⁹⁰ Ragnhildur Guðmundsdóttir og Valgerður Margrét Magnúsdóttir (þýðendur). „Að skilja viðbrögð við áfalli: Leiðbeiningar fyrir þolendur áfalla og aðstandendur þeirra.“ 2008, *Emdrmedferd.is*. <http://emdrmedferd.is/resources/les.pdf> (Sótt 07.01.2022)

⁹¹ Alþjóðleg tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála. Flokkunarkerfið er gefið út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO).

⁹² Margrét Blöndal, „Áfallastreituröskun og langvinnar afleiðingar.“ Sálgæsla, Endurmenntun HÍ, haust 2019.

- Að draga sig frá öðrum
- Tilfinning fyrir sambandsleysi eða dofa

Líkamleg einkenni áfalls eru eftirfarandi:

- Svefnleysi eða martraðir
- Verða auðveldlega brugðið
- Hraðari hjartsláttur
- Verkir, þreyta
- Einbeitingarerfiðleikar

Einkenni endurupplifunar áfalls eru eftirfarandi:

- Uppáþrengjandi hugsanir
- Martraðir, tilfinningalegur dofi
- Forðun, sektarkennd og reiði.⁹³

Í hnotskurn er áfall yfirþyrmandi tilfinning um algjört hjálparleysi.

Hvort sem áfallinu fylgir líkamlegur áverki eða ekki er það sérstaklega sálfræðilegt áfall sem fylgir lífeðlisfræðilegu umróti sem gegnir aðalhlutverki í áhrifum áfalls til lengri tíma.

Geðlæknirinn Judith Herman skilgreinir áfallastreituröskun sem beina afleiðingu af því þegar manneskja lendir í aðstæðum eða atburði þar sem hún upplifir algjöra skelfingu og hjálparleysi sem yfirgnæfa aðlögunarviðbrögð hennar. Þegar vitundin nær ekki utan um aðstæðurnar og manneskjan frýs eða flýr.⁹⁴

Einstaklingar og samfélagslegir hópar geta brugðist við áföllum með mismunandi hætti og því er afar mikilvægt að skoða áföll bæði hjá einstaklingum sem og í samfélags- og menningarlegu samhengi.

⁹³ „Áföll, áfallastreita og áfallahjálpar.“ *Landspítali.is*, <https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/fraedsluefni/afoll-afallastreita-og-afallahjalp/>. (Sótt 07.01.2022) Sjá einnig: Ragnhildur Guðmundsdóttir og Valgerður Margrét Magnúsdóttir (þýðendur). „Að skilja viðbrögð við áfalli: Leiðbeiningar fyrir þolendur áfalla og aðstandendur þeirra.“ 2008, *Emdrmedferd.is*. <http://emdrmedferd.is/resources/les.pdf> (Sótt 07.01.2022)

⁹⁴ Herman, Judith. *Trauma and Recovery: The Aftermath of Violence*. (New York: Basic Books, 1992) bls. 33-34.

Áfallakenningar

Áfallakenningar varða viðbrögð fólks við ýmis konar áföllum þar sem leitast er við að skýra viðbrögð þeirra sem upplifa áfall. Leiðir til að vinna úr áfalli geta verið mismunandi eftir hverjum einstaklingi og viðbrögðin geta bæði varað í stuttan og langan tíma.

Í áratugi voru áföll rannsökuð út frá reynslu og viðbrögðum einstaklingsins. Á síðastliðnum áratugum hafa einnig komið fram kenningar og skýringar á sameiginlegum áföllum (e. *Collective trauma*) og viðbrögð við þeim þegar heilt samfélag verður fyrir áfalli. Þá verður að skoða áfall í víðara samhengi því hver einstaklingur tilheyrir samfélagi og félagsleg mótun einstaklingsins er hluti af ákveðnu samfélagsmynstri sem hann tilheyrir.⁹⁵

Sameiginlegt áfall er notað yfir margvíslega hópa sem hafa verið kúgaðir, ofsóttir, verið vísað úr heimalandi sínu eða þurft að flýja þaðan. Sameiginlegt áfall á einnig við um þegar hópur býr að sameiginlegri reynslu að hafa upplifað hörmungar vegna stríðsátaka, þjóðarmorðs, náttúruhamfara eða annarra alvarlegrar ógnar sem skekur heilt samfélag.⁹⁶

Í flestum ritum Gamla testamentisins beinist athyglin frekar að sameiginlegum vitnisburði þjóðar sem flutt var nauðug frá sínum heimkynnum. Samanburðarrannsóknir hafa veitt góða innsýn á slíka fólksflutninga innan biblíutúlkunnar. Félagsfræðingurinn Kai Erikson notar myndlíkinguna úr 1Kor. 12 í kenningu sinni um sameiginlegt áfall (e. *collective trauma*) þar sem samfélagið er eins og einn líkami⁹⁷ í þeirri merkingu að þegar hópur fólks upplifir áfall sameiginlegt áfall verður það eins og „högg á grunnvef í hinu samfélagslega lífi sem skaðar böndin sem tengir fólk saman og skerðir ríkjandi samfélagstilfinningu.“ Áhrif sameiginlegra áfalla skapar bæði tilfinningaleg og sálfræn sár sem hafa áhrif á sjálfsmynd hópsins.⁹⁸

⁹⁵ Kamionkowski, Tamar. “Trauma, Identity Formation, and Anxiety.” <http://Perspectives.ajsnet.org/the-Anxiety-Issue-Spring-2015/Trauma-Identity-Formation-and-Anxiety/>, 2015. (Sótt 31.12.2021)

⁹⁶ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 264.

⁹⁷ Garber DG. Trauma Theory and Biblical Studies. *Currents in Biblical Research*. 2015;14(1) bls. 28. doi:[10.1177/1476993X14561176](https://doi.org/10.1177/1476993X14561176)

⁹⁸ Erikson, Kai. *A New Species of Trouble: Explorations in Disaster, Trauma and Community* (New York: Norton, 1994) bls. 5.

Félagsfræðingurinn Jeffrey Alexander setti fram kenningu um menningarlegt áfall (e. *cultural trauma*) og sameiginlega sjálfsmynd (e. *collective identity*). Hann segir að menningarleg áföll eigi sér stað þegar ákveðin hópur innan samfélags sem upplifir skelfilega atburði og veldur því að skilja eftir sig óafmáanlega merki í hópvitund þeirra og markar minningar þeirra að eilífu sem breytir sjálfsmynd þeirra til framtíðar með grundvallandi og óafturkallanlegum hætti.⁹⁹ Alexander segir að til að áföll komi fram á sviði hins sameiginlega, verður samfélagsleg krísa/áfall að verða menningarleg krísa/áfall. Atburðurinn er eitt en framsetning á því er annað, segir hann. Áfall er ekki afleiðing þess að hópur verður fyrir sársauka. Heldur er það afleiðing af skyndilegum ónotum sem smýgur inn í kjarna sameiginlegrar sjálfsmyndar.¹⁰⁰

Í kenningu sinni leggur hann sérstaka áherslu á hlutverk frásagnarinnar í mótun nýrrar sameiginlegra sjálfsmyndar samfélaga þegar kemur að áfallaviðbrögðum og áhrifum þeirra á hópa sem upplifað hafa atburði sem skekið hafa samfélagið. Alexander telur hinsvegar að það sé ekki atburðurinn sem slíkur sem skapar sameiginlegt áfall, heldur frekar er það merkingarsköpun þess atburðar sem mótar raunveruleika áfallsins. Það er í raun burðarhópur (e. *carrier group*) sem þjónar þeim tilgangi að skilgreina atburðinn sem áfall, og það er burðarhópurinn sem gefur áfallafrásögninni líf, að lokum sannfærast nógu margir um að þeir hafi orðið fyrir áfalli, til að ný höfuðfrásögn (e. *Master narrative*) geti tekið á sig mynd. Það er áskorunin í merkingunni sem veitir tilfinningu skelfingar og ótta, ekki atburðirnir sjálfir.¹⁰¹

Þessi sjálfsmyndarendurskoðun þýðir að leita verður að endurminningum um sameiginlega fortíð, því minnið er ekki aðeins félagslegt og fljótandi, heldur tengist það djúpt samtíma sjálfsvitund.¹⁰² Sameiginleg áföll hafa engar landafræðilegar eða menningarlegar takmarkanir. Þau koma fram þegar hópur upplifir að þau hafi hlotið alvarlegan skaða og geta í framhaldi dregið af reynslunni siðferðislegan lærdóms sem kemur frá þeim sjálfum, hvort sem það er til góðs eða ills.¹⁰³

⁹⁹ Alexander, Jeffrey. *Trauma: A Social Theory* (Cambridge, UK: Polity Press, 2012) bls. 6.

¹⁰⁰ Sama heimild, bls. 15.

¹⁰¹ Sama heimild, bls. 16.

¹⁰² Sama heimild, bls. 26.

¹⁰³ Sama heimild, bls. 30.

Fall Jerúsalemborgar, eyðing musterisins og herleiðing drjúgs hluta Júdamanna til Babýlon 587/6 f. Kr. eru dæmi úr hinum forna heimi Miðausturlanda um alvarleg áföll sem forvitnilegt og gagnlegt er að rýna út frá nútímakenningum um sameiginleg áföll sem hefur áhrif á menningu og sjálfsmynd þjóðar.

3.3. Áfallakenningar og biblíurannsóknir

Á undanförnum áratugum hafa guðfræðingar notað áfallakenningar (e. *Trauma theories*) sem verkfæri til að öðlast dýpri innsýn í suma erfiðustu og sársaukafyllstu texta Biblíunnar. Notkun áfallakenninga hafa reynst vel í rannsóknum á sviði félagsvísinda og hugvísinda, ekki síst bókmenntafræði, guðfræði og trúarbragðafræði ásamt öðrum aðferðafræðinálgunum, svo sem á sviði flóttamannafræða, sem hafa sýnt fram á nýstárlegar niðurstöður. Áfallakenningar hafa reynst sérstaklega gagnlegar í rannsóknum á útleðartextum Gamla testamentisins en einnig meðal annars í ritum Nýja testamentisins. Við vitum að áfall hefur gríðarleg áhrif á mannlegan veruleika sem liggur einmitt til grundvallar fjölmargra texta Biblíunnar.¹⁰⁴

Í Biblíunni eru margir frásagnir sem lýsa atburðum sem við vitum í dag að geta haft alvarlegar andlegar afleiðingar í för með sér fyrir þann sem upplifir. Í Gamla testamentinu mætti nefna nokkra slíka atburði s.s. morð (1.Mós 4) nauðgun (1.Mós 34) mannrán og þvingun til hjónabands (Dóm. 19 og 21) útleð og barnamorð (Slm. 137).

Í bók sinni *Holy Resilience* vinnur höfundur, David Carr, með texta Biblíunnar í ljósi áfallarannsókna og hvernig textar ritningarinnar, bæði í textum Gamla- og Nýja testamentis, eru skapaðir sem mögulegt viðbragð við áfallareynslu. Þannig hafa mörg rit Biblíunnar orðið til sem frásögn af upplifun þjóðar af margra alda hörmungum og þjáningum. Ekki síst samfélagslegu áfalli.¹⁰⁵ Bæði gyðingdómur og kristni veita sýn á trúarlegt líf sem leggur áherslu á samfélag trúaðra. Þar að auki lýsa gyðinglegir og kristnir textar hvernig hörmungar þjóðar og samfélags hafi veitt þeim aukið þolgæði frekar en að sundrast vegna þeirra. Carr bendir á mikilvægi þess að rit Biblíunnar séu skrifuð að hluta

¹⁰⁴ Garber, D.G. Trauma Theory and Biblical Studies. *Currents in Biblical Research*. 2015;14 (1), bls. 24-44. doi:[10.1177/1476993X14561176](https://doi.org/10.1177/1476993X14561176)

¹⁰⁵ Carr, David M. *Holy Resilience*, bls. 2.

sem viðbragð við sameiginlegum áföllum og sýna því þjáninguna sem hluta af víðtækari sögu um hjálpræði (e. *redemption*).¹⁰⁶ Hin forna Ísraelsþjóð átti safn rita um sterka leiðtoga, eins og nágrannaþjóðir þeirra áttu, sem birtast í Konungabókunum en einnig í nokkrum Davíðssálmum, frásagnir af stórkostlegum konungum þjóðarinnar og mikilfenglegu borg þeirra. Þessi rit urðu til fyrir hið stóra áfall sem Carr miðar við útleigðina til Babýlon eftir fall Jerúsalemborgar. Eftir það varð meiri áhersla lögð á frásagnir um hina landlausu forfeður Ísraelsþjóðar og lífi þeirra í óbyggðum. Carr bendir á að þótt að bækur Biblíunnar séu fjölbreyttar eru þar einnig rit sem fjalla um gleði, þakklæti og kærleika, þá var það á tímabilum þjáninga þjóðarinnar sem heildarform og áherslur rita Biblíunnar mótuðust mest á.¹⁰⁷

Rannsóknir á áföllum og afleiðingum þeirra innan sálfræði- og geðrannsókna eru mikilvægar fyrir fræðigreinar sem fjalla um hið mannlega og félagslega og áhrif þeirra á sögu, menningu og trúarbrögð. Hugvísindin leggja sitt af mörkum til sögulegrar og bókmenntalegrar greiningar á sálrænu hugarfari, sem miðlað er í sögulegum bókmenntum og skjölum. Áföll skapa ringulreið og varnarleysi vegna upplifunar ytri þátta hvort sem það er af völdum náttúrunnar eða manna. Hugvísindin, eins og guðfræði getur veitt víðari sýn á sálarlíf einstaklinga og samfélaga, bæði í fortíð og nútíð.¹⁰⁸ Því fræðimenn sem fást við hið forna samfélag eru stöðugt að rýna í samfélagshópa og ákveðnar félagsmenningar- og trúarlegar aðstæður sem geta valdið áfalli bæði á einstakling og samfélag.¹⁰⁹

Ytri streituvaldandi þættir geta haft alvarlegar afleiðingar á sálarlíf manneskjunnar sem veldur óreiðu og ringulreið og brýtur niður persónulega sjálfsmynd og þroska manneskjunnar og samfélagið í heild. Það er þannig sem áfallarannsóknir geta gefið dýrmæta innsýn í sögulegan skilning á andlegu ástandi samfélags og einstaklinga í

¹⁰⁶ Sama heimild, bls. 3.

¹⁰⁷ Sama heimild, bls. 4

¹⁰⁸ Becker, Eve-Marie. "Trauma Studies and Exegesis: Challenges, Limits and Prospects"., Becker E-M, Dochhorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritsstj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 15.

¹⁰⁹ Sama heimild, bls. 16.

ákveðnu menningarlegu og trúarlegu umhverfi.¹¹⁰ Þannig geta áfallarannsóknir brúað bil á milli fjölbreyttra rannsóknarsviða, innan og utan hins akademíska veruleika.¹¹¹

Ef við berum saman áfallareynslu í hinu forna samfélagi og í nútímanum getum við sagt að í einhverjum skilningi eru afleiðingar eyðileggingar musterisins í Jerúsalem, bæði 587/586 f. Kr. og 70 e. Kr. svipaðar og afleiðingar af hryðjuverkaárásinni á Bandaríkin þann 11. september 2001. Í báðum tilfellum er um að ræða skelfilega atburði vegna stríðs eða hryðjuverka sem koma við kviku samfélagsins og menningarlegrar sjálfsmyndar þjóða. Við þurfum að greina nánari smáatriði hvort og hversu langt er hægt að nota áfalla fyrirbærafræði (e. *Phenomenology*) sem sögulegt verkfæri til að skilja upplifun einstaklings jafnt sem samfélagslegsins af hamförum, stórslysum og áföllum. Áfallarannsóknir opna þannig pláss fyrir þverfaglegar rannsóknir þrátt fyrir að rannsóknarsviðin séu ólík. Innan geðlæknisfræða er það fyrst og fremst þolandinn sem einstaklingur sem þarfnast meðhöndlunar. Félagfræðin rýnir hinsvegar í mögulegt sameiginlegt áfall samfélags. Sagnfræðin greinir sögulega atburði sem mögulega höfðu áhrif á síðari kynslóðir og svo eru það hugvísindin sem rannsaka bókmenntaverk eins t.d. biblíuleg ritskýring og textatúlkun, þar sem spegla má afleiðingar áfalla eða áfallareynslu á trú og menningu. Það geta einnig verið bókmenntaverk sem verða til vegna áfallareynslu. Eins og fjölmargir textar Biblíunnar sem hafa orðið til vegna samfélagslegra þrenginga og tilgangur frásagnar þeirra má sjá sem leið til að vinna sig í gegnum erfiða reynslu.¹¹² Við munum aldrei vita nákvæmlega hversu nálægt fornir textar eru í raun og veru við ákveðin áföll eða áfallareynslu. Hins vegar getur sjónarhorn áfallarannsóknna reynst mikilvægari en vissan um sögulegar sannanir. Fornir textar eru uppfullir af lýsingum af ótta, sársauka, sektarkennd og skömm. Það skerpir sjónarhorn textatúlkunnar þegar við leitum að mögulegum áföllum eða áfallareynslu, eins getur það skerpt á almennri næmni til áfallagreininga. Þar af leiðandi geta biblíurannsóknir hjálpað

¹¹⁰ Sama heimild, bls. 17.

¹¹¹ Sama heimild, bls. 23.

¹¹² Becker, Eve-Marie. „Trauma Studies and Exegesis: Challenges, Limits and Prospects“, Becker E-M, Dochhorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritsstj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 25.

geð- og sálfræðirannsóknnum bæði þegar kemur að flóknum greiningum og meðferðum þar sem áföllum og áfallastreitu er lýst, hún skilgreind og meðhöndluð.¹¹³

Áfallakenningar og rannsóknir gefa okkur útvíkkaða mynd um það sem við getum vitað um lífið í Júda til forna, bæði um og eftir Babýlónska tímabilið. Jafnvel þó að sögulegar upplýsingar um babýlónska tímabilið sé enn umdeilt á meðal biblíufræðinga, er þó ríkjandi hópur fræðimanna sem viðurkennir að hernaðarlegar innrásir, hungursneyð, nauðungarflutningar fólks og stjórnvaldshrun hafi grafið undan efnahags- og félagslífi þjóðarinnar og skilið hina helgu borg eftir í rúst. Áfallakenningar víkka út sögulegt ímyndunarafli okkar með því að benda á dæmigerð langvarandi áhrif hörmunga á þolendur jafnvel eftir að líkamlegt öryggi hafði verið endurreist. Hér eru nokkur dæmi um langtíma afleiðingar ofbeldisfulls áfalls:

- a) Þolendur geta ekki meðtekið og skilið það sem er að gerast (skelfing og bjargarleysi) á meðan atburðurinn er að gerast, atburðirnir festast í huga þeirra og taka sér bólfestu í heilanum í endurteknum minningum eins og þeir væru enn að gerast í andlegu rými.
- b) Þolendur geta sjaldan talað nægilega vel um áfallið vegna þess að minningarnar um ofbeldið eru þeim ofviða. Brotakennt tungumál og niðurbrot gerir það að verkum að fólk á erfitt með að tjá reynslu sína, og upplifa sig sorgmædd og yfirgefin.
- c) Þolendur lokast sjálfkrafa tilfinningalega sem er hluti varnarkerfis líkamans. Þeir geta orðið tilfinningalega dofnir og geta því ekki syrgt það sem þeir hafa misst.
- d) Mikilvægasta atriði fyrir biblíulegar túlkunarir, felst í því að þolendur missa trúna og traustið á stofnanir, hefðir og Guð. Eftir hörmungarupplifun breytist trúin sem áður var grundvöllur lífsins, í tómarúm sem er merkingarlaust.¹¹⁴

Til að lifa af hörmungar þurfa þolendur að finna einhverskonar túlkun í atburðinum, jafnvel þótt að útskýringin sé slæm, röng eða feli í sér sjálfsásakanir. Útskýringar gefa til

¹¹³ Sama heimild, bls. 26.

¹¹⁴ O'Connor, Kathleen M. „How Trauma Studies Can Contribute to Old Testament Studies.”, Becker E-M, Dochhorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritsj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 212-213.

kynna að ringulreið ráði ekki alheiminum heldur að skipulag og stöðugleiki liggi að baki óskiljanlegum atburðum. Rannsóknir sýna fram á að þolendur ofbeldis sem og fólks sem glímur við illvíga sjúkdóma eiga betri lífslíkur og lífsgæði hafi þau fundið einhverskonar útskýringu, hvort sem þær eru að falskar eða rangar, en þau sem finna enga útskýringu. Það er í eðli manneskjunnar að þurfa að finna ástæðu þegar skelfilegir hlutir gerast og „vita“ af hverju það gerðist. Útskýringar veita stöðugleika og traust á heiminum aftur og skapa öryggistilfinningu jafnvel þótt að hún sé fölsk.¹¹⁵

Áföll sem erfast milli kynslóða (e. Generational trauma)

Áfall hefur áhrif á hópsjálfsmyndina sem gengur áfram til næstu kynslóða og verður hluti af hópkenndinni eða þjóðarsálinni. Minning um fyrri áföll situr áfram í dvala í nokkrar kynslóðir, og helst innan sálfræðilegu DNA meðlima hópsins og er hljóðlega viðurkennd innan menningarinnar sem birtist í bókmenntum og listum sem dæmi. Áfallið er hægt að endurverkja við ákveðna aðstæður sem hefur áhrif á sameiginlega hugsun, skynjun og gjörðir hópsins. Þegar upprunalega áfallið er endurvakið getur það raskað skynjun hópsins sem skilgreina „nýjan óvin“ í nýrri atburðarás sem framlengingu á gömlum óvini frá sögulegum atburði.¹¹⁶

Áhrif sálrænna áfalla geta erfst á milli kynslóða og því er úrvinnsla á sálrænum áföllum mjög mikilvæg. Áföll sem erfast milli kynslóða (e. *Generational trauma*) er eins og það hljómar, áfall sem er ekki aðeins upplifað af einni manneskju heldur framlengist frá einni kynslóð til annarrar. Í rannsókn frá 1988 kom í ljós að barnabörn eftirlifenda helfararinnar voru um 300% líklegri til tilvísunar innan geðdeilda. Rannsóknin leiddi til þess að síðan þá hafa þeir sem lifðu af helförina og afkvæmi þeirra verið mest rannsakaði hópurinn, en fræðilega séð gæti hvers kyns öfgafull, langvarandi streita haft slæm sálræn áhrif á börn og/eða barnabörn, sem leitt getur til klínísku kvíða, þunglyndis og áfallastreituröskunnar

¹¹⁵ Sama heimild, bls 216.

¹¹⁶ Smith-Christopher, Daniel L. „Trauma and the Old Testament: Some Problems and Prospects.“, Becker E-M, Dochhorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritstj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 236.

(PTSD). Áföll hafa áhrif á erfðafræðilega ferla, sem leiðir til þess að áfallaviðbrögð eykst hjá hópum sem verða fyrir miklum áföllum.¹¹⁷

Þetta er áhugavert að hafa í huga í tengslum við babýlónsku útleðina. Þegar huggunarspámaðurinn svonefndi (Jes 40-55) flytur boðskap sinn er stærsti hluti áheyrenda hans trúlega önnur kynslóð útlaganna, það er að segja, afkomendur þeirra sem upplifðu fall Jerúsalem, eyðileggingu musterisins og herleiðingu hluta íbúanna til Babýlon. Fjallað verður nánar um það að í fimmta hluta þessa ritgerðar.

3.4. Vöxtur í kjölfar áfalls (e. *Posttraumatic Growth*)

Eins og fram hefur komið hafa þjáningar manneskjunnar verið miðlægar í trúarlífi hins forna samfélags sem og í samtímanum. Hugmyndin er því ekki ný, því við eigum nokkur þúsund ára gamlar frásagnir af áfallareynslu þar sem manneskjan veltir fyrir sér mögulegri merkingu sem hægt væri að finna eftir hörmungar, þjáningu og missi.

Richard G. Tedeschi og Lawrence G. Calhoun komu fram með hugtakið „Post Traumatic Growth“ (PTG) sem skilgreinir jákvæð viðbrögð og skilning á sjálfinu, tengsl við annað fólk og jákvæða lífssýn eftir baráttu við meiriháttar lífskreppu. Vöxtur eftir áfall (e. *Posttraumatic growth*) er semsagt jákvæð sálfræðileg breyting sem á sér stað hjá einstaklingi eða samfélagi eftir að hafa tekist á við mikla erfiðleika og áfall.¹¹⁸ Samkvæmt hugmynd Calhoun og Tedeschi samanstendur vöxtur í kjölfar áfalls af fimm þáttum, sem eru, að fólk upplifir aukinn andlegan/trúarlegan þroska, sér nýja möguleika í lífinu, metur lífið meira og forgangsraðar lífi sínu með öðrum hætti, upplifir aukinn persónulegan styrk og nánari tengsl við aðrar manneskjur. Trú, aðlögunarhæfni, hvað viðkomandi telur vera mikilvægt í lífinu, lífsfylling, og jákvæðni eru allt lykilþættir þegar kemur að viðbrögðum einstaklings við áfalli.

Það er þó ekki nauðsynlegt að upplifa öll þessi fimm atriði til að öðlast vöxt í kjölfar áfalls, aðeins eitt til tvö atriði geta gefið til kynna vöxt og von. Einnig er mikilvægt að

¹¹⁷ Sigal, John J., et al. „Grandchildren of Survivors: Can Negative Effects of Prolonged Exposure to Excessive Stress Be Observed Two Generations Later?“ *The Canadian Journal of Psychiatry*, vol. 33, no. 3, apríl, 1988, bls. 207–212. doi:[10.1177/070674378803300309](https://doi.org/10.1177/070674378803300309)

¹¹⁸ Calhoun, L.G. og Tedeschi, R.G. (Ritstj.) 2006. *The Handbook of Posttraumatic Growth: Research and Practice*. (Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates Publishers, 2006) bls. 3.

hafa í huga að þótt fólk upplifi vöxt og von eftir áfall þá getur það samtímis upplifað örvæntingu eða önnur einkenni áfalls. Vöxtur eftir áfall og möguleiki um von er ekki aðeins að finna hjá einstaklingum heldur einnig í samfélagi fólks. Það hvernig hópur fólks upplifir sig sem heild í erfiðum aðstæðum, hefur áhrif á hvernig hópurinn tekst á við áfall í sameiningu.¹¹⁹

“*Einhvern veginn hættir þjáningin að vera þjáning
um leið og hún hefur tilgang.*”¹²⁰

Ein frægasta sjálfsævisögulega frásögnin af vexti eftir áfall er bókin „*Leitin að tilgangi lífsins* (A man’s search for meaning)“ eftir Viktor Frankl, sem lifði helförina af. Frankl var virtur geðlæknir sem lenti í fangabúðum nasista í síðari heimstyrjöld, þar sem hann upplifði á eigin skinni og hjá öðrum föngum, hvernig fólk tókst á við þessar ómannúðlegu aðstæður sem fangabúðirnar voru. Hluti bókarinnar fjallar um meðferðarúræði sem Frankl þróaði eftir þessa lífsreynslu sem nefnist „lógóþerapía“. Hún gengur út á að hjálpa fólki að finna merkingu, að finna tilgang í þjáningunni sjálfri. Eitt er að finna sér verkefni eða hlutverk í lífinu sem gefur manneskjunni eitthvert gildi. Annað felst í kærleika og tengslum við annað fólk og í þriðja lagi er að finna hvernig þjáningin eða erfiðleikarnir sem við mætum í lífinu, getur einnig veitt okkur gildi, að finna merkingu í þjáningunni. Þannig sýnir hann fram á hvernig tilvistarlegur skilningur á þjáningu, örvæntingu og hjálparleysi getur nýst sem bjargráð til að takast á við áfall.

3.5 Ályktanir

Saga mannkyns er saga þjáningar, áfalla, seiglu og vonar. Þekking okkar af rannsóknum á sviði geð- og sálfræðinnar, eftir hörmungar síðustu aldar, hefur gefið okkur aukna innsýn í hugarheim manneskjunnar og viðbrögðum hennar við áföllum. Þær hafa einnig veitt fjölmörgum akademískum sviðum efnivið til þverfaglegra rannsókna. Á undanförunum áratugum hafa guðfræðingar notað áfallakenningar (e. *Trauma theories*) sem fjallað hefur verið um í þessum kafla, sem verkfæri til að öðlast dýpri innsýn í suma erfiðustu og sársaukafyllstu texta Biblíunnar. Þær gefa okkur ekki aðeins betri innsýn í

¹¹⁹ Sama heimild, bls. 5.

¹²⁰ Frankl, Viktor. *Leitin að tilgangi lífsins* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006) bls. 101.

þær aðstæður sem textanir voru skapaðir í, heldur opna leiðir fyrir nýjar túlkanir sem nýtast einnig öðrum sviðum. Þannig geta rannsóknir á fornum textum einnig veitt nútímarannsakendum nýtt sjónarhorn til að skilja áföll og viðbrögð við þeim.

Frásögnin er miðlægt verkfæri þegar kemur að úrvinnslu. Manneskjan hefur nýtt sér það verkfæri bæði í list og bókmenntaverkum frá fornu fari, að miðla reynslu sinni af þjáningu og erfiðleikatímabilum. Meðvitað eða ómeðvitað hefur frásögnin eflaust verið mörgum bjargráð til að reyna að finna merkingu í óréttlátum heimi.

Þegar við rýnum í útleðartexta Biblíunnar með hliðsjón af áfallakenningum er markmiðið að varpa ljósi á áhrif áfallsins á þjóðina og viðbrögð hennar við því, sameiginlega, á sjálfsmynd útlaganna og menningu. Einnig að leita að vísbendingum um mögulegar úrvinnsluleiðir og vöxt og von í kjölfar áfalls. Þá er áhugavert að rýna í hvaða áhrif útleðin til Babýlon og dvölin þar hafði á kynslóðirnar sem á eftir komu. Síðast en ekki síst er mikilvægt að skoða hvernig þessir fornu útleðartextar geta talað inn í aðstæður þeirra sem upplifa sig í útleð í dag. Markmið næsta kafla er að svara þessum spurningum út frá frásögn hinna útlægu Júdamanna í Slm 137, með sjónarhorni áfallarannsóknna.

Hluti IV: Sálmarir

4.1. Saltarinn

Ekkert rit hinnar hebresku Biblíu hefur verið meira lesið, rannsakað og þýtt á fleiri tungur en Saltarinn, eða Davíðssálmar.¹²¹ Heiti ritsins gefur til kynna að sálmarir, sem eru 150 talsins, hafi lengi verið eignaðir Davíð konungi (um 1000-961 f. Kr.). Almennt viðhorf er þó að Davíð hafi ekki komið að gerð sálmanna heldur séu þeir ortir á ólíkum tímum við ólíkar aðstæður, ýmist í lífi einstaklinga eða þjóðar og að þeir séu sprotnir upp úr trúar- og bænalífi þjóðar. Þá er sennilegt að ritunartíminn spanni allt að 500 ár. Efni sálmanna er fjölbreytt, allt frá því að lýsa harmi einstaklings til lofgjörðar fjöldans sem tilbiður Guð sinn. Stærsti hluti sálmasafnsins er að öllum líkindum ritaður á tímanum 586-538 f. Kr. En almennt er þó talið að ýmsir þeirra séu orðnir til fyrir tíma babýlónsku útleðarinnar. Sálmarir eru því að líkindum 2500-3000 ára gamall trúarkveðskapur sem eru ómetanlegir í bókmennta- og trúarbragðasögulegu tilliti.¹²²

Í aldanna rás hafa Sálmarir verið flokkaðir með ýmsum hætti. En þekktasta flokkunarkerfið sem hefur ennþá vægi fyrir sálmarannsóknir nútímans er kennt við Þjóðverjann, Hermann Gunkel (1862-1932). Hann flokkaði sálmana í “Gattungen” þar sem leitast er við að finna upphaflega notkun þeirra í helgihaldi hins forna safnaðar eða “Sitz im Leben”. Samkvæmt greiningu Gunkels þurftu Sálmarir að hafa þrennt sameiginlegt: Form, innihald og notkun þeirra í helgihaldi til að unnt væri að tala um „Gattung“ þ.e. tegund eða flokk sálma.. Grunnflokkar Gunkels eru í raun aðeins tveir, bænir og lofsöngvar en hann gengur þó út frá mun fleiri hreinum flokkum sem skilja má sem ólík afbrigði af grunnflokkunum tveimur. Flokkunarkerfi Sálmanna skiptist í meginatriðum svona: Harmsálmar, hymnar, þakkarljóð, konungssálmar, litúrgíur, spekiljóð, blönduð form og trúartraust.¹²³

¹²¹ Gunnlaugur A. Jónsson. *Áhrifasaga saltarans* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014) bls. 23.

¹²² Sama heimild, bls. 26-27.

¹²³ Sama heimild, bls. 30.

4.2. Sálmur 137

- 1 Við Babýlonsfljót sátum vér og grétum
er vér minntumst Síonar.
- 2 Á pílviðina þar hengdum vér upp gígjur vorar
- 3 Því að þar heimtuðu verðir vorir söngljóð
og kúgarar vorir kæti:
„Syngið oss Síonarljóð.“
- 4 Hvernig gætum vér sungið Drottins ljóð
í framandi landi?
- 5 Ef ég gleymi þér, Jerúsalem,
þá visni hægri hönd mín.
- 6 Tungan loði mér við góm hugsí ég ekki til þín,
ef Jerúsalem er eigi allra besta yndið mitt.
- 7 Drottinn, mundu Edóms niðjum
dag Jerúsalem,
daginn þegar þeir sögðu:
„Rífið niður, rífið hana niður, allt til grunna.“
- 8 Babýlonsdóttir, þú sem tortímir.
Heill þeim sem geldur þér
það sem þú gerðir oss.
- 9 Heill þeim sem þrífur brjóstmylkinga þína
og slær þeim niður við stein.

(Biblían, 2007)

Einn frægasti sálmur Saltarans er sálmur 137 sem hefur löngum talað sterkt til þeirra sem dveljast í útleð. Sálmurinn hefur verið flokkaður sem harmsálmur þjóðar eða sem sögulegur sálmur, sem einkennst af harmi, heitstreningu og bölbæn. Hann hefur jafnframt þá sérstöðu að vera eini sálmurinn sem unnt er að aldursgreina með góðri vissu vegna sögulegra skírskotana sem koma fram í sálminum. Útleðinni er greinilega lokið en engin merki sjást í sálminum um að síðara musterið sé risið en þar sem Síonarstefið er fyrirferðarmikið í sálminum mætti ætla að sálmahöfundur minnst á svo mikilvægan

atburð í lífi þjóðarinnar.¹²⁴ Því telja flestir að sálmurinn hafi verið saminn á tímabilinu 537 f. Kr. til 515 f. Kr.¹²⁵ Upphafsversið er eitt af vinsælustu versum Saltarans en lokaversið á hinn bóginn eitt hið óhugnalegasta og hefur í tímans rás reynst erfitt til túlkunnar.¹²⁶ Sálmurinn hafði sérstaka þýðingu meðal Gyðinga þegar Rómverjar eyddu síðara musterinu í Jerúsalem 70 e. Kr., í honum fundu þeir von og huggun í ljósi þessa skelfilega atburðar í sögu þeirra.¹²⁷

Greining á sálmi 137

137. 1-4: Í versum 1-4 horfir hópur til fortíðar, þar sem útleðarinnar er minnst. 1. persónuendingin *-nu* eða “*vér*” (hebr. *-nu*) kemur ítrekað fram í sálminum eða alls níu sinnum sem bendir sterklega til þess að hér sé söfnuður á ferð.¹²⁸ Í þessum versum er Sionarnafnið notað en Jerúsalem kemur síðar fyrir í sálminum. Í sálminum er minnst á hljóðfæri sem bendir til þess að Gyðingarnir hafi verið komnir saman til helgihalds í hinu framandi landi. Samkvæmt þessum skilningi veitir sálmurinn okkur dýrmæta innsýn í helgihald Gyðinga í útleðinni. Krafa Babýlóníumanna um söng “Sionarljóða” felur að líkindum í sér háð sem er fólgið í því að hinir útlægu ættu að syngja lofsöngvana um Sion, hina ósigrandi borg sem nú var fallin og hafði þar með ekki reynst ósigrandi.¹²⁹ Nafnorðið Babel (Babýlon) kemur bæði fyrir í upphafi og í niðurlagi sálmsins sem einskonar innrömmun sálmsins. Í upphafi sálmsins eru hinir útlægu útilokaðir frá Guði sínum í framandi landi. Enusterið í Jerúsalem var miðlægt í helgihaldi Gyðinga þar sem Guð var álitinn nálægur með sérstökum hætti í musterinu.¹³⁰ John Ahn bendir á að hið mikla táraflóð hinna jaðarsettu Júdamanna í Babýlon tákni þjáninguna að hafa misst fyrri stöðu sína innan samfélagsins og sjálfmyndar, sem hann tengir einnig við raunveruleika marga

¹²⁴ Sama heimild, bls. 500.

¹²⁵ Sama heimild, bls. 499.

¹²⁶ Sama heimild, bls. 496.

¹²⁷ Sama heimild, bls. 495.

¹²⁸ Gunnlaugur bendir á að „áherslan skili sér ekki nægilega í þýðingum en birtist nánast eins og klifun í hinni hebresku gerð sálmsins. Með þessu stílbragði er lögð áhersla á sársaukann sem minningin um útleðina í Babýlon veldur með því að undirstrika með þessum hætti að það vorum „við” en ekki einhverjir aðrir sem þjáðust þar.” Gunnlaugur A. Jónsson. *Áhrifasaga Saltarans*, bls. 501.

¹²⁹ Sama heimild, bls. 503.

¹³⁰ Sama heimild, bls. 501.

fyrstu kynslóða innflytjenda í dag og menningar- og tungumálhindrana sem þau takast á við.¹³¹

137. 5-6: Hér verður nánast óáþreifanleg breyting úr fortíð yfir í nútíð þar sem einstaklingur (“Ég”) ávarpar borgina Jerúsalem og sver henni eið. Hér kemur fram söknuður og sorg hins útlæga eftir heimahögunum og tryggð hans við hina helgu borg í framandi landi.¹³² Sá sem talar leggur bölvun á sjálfan sig ef hann gleymir Jerúsalem.¹³³ Bölvunin er ekki aðeins orðatiltæki þess sem ávarpar heldur lýsir einlægri hollustu við allt það sem Jerúsalem stendur fyrir.¹³⁴

137. 7-9: Hér er Jahve ávarpaður í boðhætti. Sögnin *zakar* (að minnast) kemur þrisvar sinnum fyrir í sálminum, tvisvar tengist hún Síon en hér er hún notuð til að biðja um refsingu yfir Edómítum fyrir framkomu þeirra við íbúa Síonar við fall borgarinnar. Sálmurinn felur í sér í senn hvatningu um að minnast Síonar og að gleyma ekki hvað fjandmennirnir (Edómítar og Babýlóníumenn) gerðu á hennar hlut.¹³⁵ Edóm var forn frændþjóð Ísraels en þeir gripu tækifærið þegar Babýlóníuher réðst inn í Jerúsalem og rændu borgina og drápu nokkra nágranna sína eða frændur sem lögðu á flótta vegna árásarinnar. (Óbadía 11-14).¹³⁶ Sálmaskáldið biður Guð um að muna þennan atburð og grípa til aðgerða gegn Edómítum.¹³⁷ Slík bænaráköll innan sálmasafnsins hafa verið til vandræða í kristnum túlkunum. En þeir sálmar sem fela í sér þemu haturs, fjandskapar og hefndaraðgerða endurspeglar djúpa löngun til þess að réttlætið vinni í veröld þar sem verulegur skortur er á því.¹³⁸ Mörgum lesendum þykir sérstaklega erfitt að lesa v. 8-9 þar sem sálmaritarinn ákallar blessun yfir þá sem taka börn Babýlóníumanna af lífi.¹³⁹ En oft er sagt að Gamla testamentið dragi ekkert undan við að lýsa mannlegri grimmd og

¹³¹ Ahn, John. „Psalm 137: Complex Communal Laments,” *Journal of Biblical Literature*, vol. 127, no. 2, 2008, bls. 279.

¹³² Sama heimild, bls. 503.

¹³³ Gunkel, Hermann. „Psalm 137: An Interpretation.“ *The Biblical World.*, 1903, vol. 22, no. 4. University of Chicago Press, bls. 292.

¹³⁴ Anderson, A.A. *The Book of Psalms: Vol II (73-150)* (England: Marshall, Morgan & Scott, 1981) bls. 899.

¹³⁵ Gunnlaugur A. Jónsson. *Áhrifasaga Saltarans*, bls. 502.

¹³⁶ Sama heimild, bls. 504.

¹³⁷ Grogan, Geoffrey W. *Psalms*. (Michigan: William B. Eerdmans Publishing Company, 2008) bls. 515.

¹³⁸ Sama heimild, bls. 557.

¹³⁹ Sama heimild, bls. 558.

veröldinni eins og hún er. Ekki er ólíklegt að Gyðingar hafi þurft að horfa upp á það að börn þeirra hafi verið drepin sbr. að sveinbörn voru drepin til að koma í veg fyrir hefndaraðgerðir næstu kynslóðar. Sálmaskáldið óskar því óvini sínum sömu örlaga og hann þarf að líða.¹⁴⁰ Sálmurinn allur lýsir áfallaviðbrögðum, tilraun til að lýsa sálrænum sársauka, meðal annars með myndmáli bölbænar.

Útlegðarhugtakið er ekki takmarkað við það að dveljast fjarri fósturjörð sinni. Það er einnig hægt að upplifa sig í útlegð í eigin landi.¹⁴¹ Brueggemann telur að útlegðarhugtakið sem tjáð er með áhrifamiklum hætti í þessum sálmi, geti einnig verið einskonar myndlíking fyrir þau sem ekki eru í útlegð í landfræðilegum skilningi heldur hafa tapað tilfinningu fyrir því að búa í áreiðanlegum og öruggum heimi, þar sem grundvallar merking á heimsmynd þeirra hefur verið hafnað. Í slíkum aðstæðum tali þessi forni útlegðartexti inn í samtíma aðstæður þeirra sem finna sig hafa misst grundvöll heimsýnar og trúar. Það er raunveruleiki margra sem finna sig í framandi aðstæðum og upplifa djúpa tilfinningu um að vera í útlegð frá heimkynnum og/eða þar sem heimsmynd þeirra hefur verið sett á hvolf.¹⁴²

Hinir fornu ritara og hinn nútíma lesandi deila mörgum sameiginlegum tilfinningum. Það er ástæðan fyrir því að við getum ennþá lesið fornar bókmenntir og finnum samsvörun í okkar eigin tilfinningum og áhyggjum. Þetta á við um alla ritninguna en ekki síst ritsafn Sálmannanna sem snertir á öllum sviðum mannlegra tilfinninga, sorgar og gleði og allt þar á milli, sem allar eru bornar fram fyrir Guð í bæn og lofgjörð.¹⁴³

4.3. Túlunnarrámmi áfallarannsóknna á sálm 137

Ofbeldisfullt tungumál Saltarans hefur reynst mörgum erfitt til túlkunnar, þar sem lýst er ákalli til Guðs um að valda óvinum skaða, stundum með mjög ofbeldisfullum hætti. Það getur verið auðveld lausn að ætla að túlka þessa texta bókstaflega til að réttlæta slíkt

¹⁴⁰ Gunnlaugur A. Jónsson. *Áhrifasaga Saltarans*, bls. 505.

¹⁴¹ Sama heimild, bls. 519.

¹⁴² Brueggemann, Walter. *Cadences of Home: Preaching among Exiles*. (Louisville: Westminster John Knox Press, 1997) bls. 115.

¹⁴³ Grogan, Geoffrey W. *Psalms*, bls. 1.

ofbeldi en í grein Frechette¹⁴⁴ leggur hann til að hið ofbeldisfulla tungutak Sálmannanna geti verið aðferð í leið að bata frá erfiðri áfallareynslu sem felur á engan hátt í sér ásetning um að beita nokkurn raunverulegu ofbeldi. Frechette leggur því til að þeir sálmar sem feli í sér ofbeldisfullt myndmál þar sem Guð tortímir þeim sem beitt hafa ranglæti, geti í raun reynst úrvinnsluleið fyrir þau sem hafa orðið fyrir áfalli. Hann styðst við líkan (e. *model*) sem notað hefur verið sem meðferð sem stuðlar að bata handa þeim sem hafa upplifað alvarleg áföll. Í því felst að þolandi endurtúlki reynslu sína með táknrænum hætti þar sem reiðin fær öruggan farveg.¹⁴⁵

Frechette notar áfallahugtakið í víðtækum skilningi sem vísar í reynslu þeirra sem hafa orðið fyrir yfirþyrmandi skelfingu sem skilur eftir sig djúpstæða og varanlega breytingu hjá þolanda. Áhrif áfalls getur ruglað siðferðilegan áttavita þolanda og getur fests djúpt inn í vitundina þar sem manneskjan upplifir að hún hafi átt skilið að illa hafi verið farið með sig (e. *being mistreated*). Þolandi upplifir sig yfirgefinn og einkis virði og tengist djúpt inn í vitundina um gerandann og minninga áfallsins sem bæði hefur tilhneigingu til að viðhalda þessum brengluðu hugmyndum á sjálfsmynd þolandann og skaðlegri merkingu sem hann finnur vegna þess. Frechette notar hugtakið „hinn innri gerandi” (e. *internalized perpetrator*) sem vísar til samsetningar minnis og trúar. Hann leggur til að slík bænarefni sem fela í sér ofbeldisfullar lýsingar á hvernig óvinir verði fyrir skaða eða hvernig Guð beitir slíku ofbeldi, gæti verið úrvinnsluleið hjá þolendum áfalla, bæði í okkar samtíma og einnig í hinum forna heimi. Það er ekki þar með sagt að þessi leið fjarlægji öll áhrif áfallsins heldur getur flutningur slíkra sálma stuðlað að því að bæði muna og syrgja áfallareynsluna. Þar sem að minni þolanda getur brenglast við áfallið getur þessi nálgun því verið leið til úrvinnslu og bata. Hún felur á engan hátt í sér að einhver verði fyrir raunverulegum skaða. Dramatískar og tilfinningalegar lýsingar af Guði sem vinnur persónulega gegn þeim sem hafa kúgað eða beitt ofbeldi, hafa þýðingarmikla getu (e.

¹⁴⁴ Christopher Frechette er jesúíti og áður þjónandi kaþólskur prestur. Hann er með doktorspróf í gamlatestamentisfræðum frá Harvard háskóla og meistaraþróf í félagsráðgjöf frá Salem State háskóla. Í dag starfar hann sem meðferðaraðili fyrir fólk sem upplifað hefur áfall í æsku, þar sem leitast er við að hjálpa þeim að endurheimta nánd í samskiptum sem og úrvinnslu áfallsins.

¹⁴⁵ Frechette, Christopher G. „Destroying the Internalized Perpetrator: A Healing Function of the Violent Language Against Enemies in the Psalms.” Becker E-M, Dochhorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritstj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2). 2014, bls. 71.

capacity) þolanda til að takast á við minningar um ofbeldið og brenglaða sjálfsmynd sem felur í sér þær ranghugmyndir að þolandi hafi átt slíka meðferð skilið. Með öðrum orðum getur þessi nálgun hjálpað til við að eyða slíkum „innri geranda”.¹⁴⁶

Það getur hjálpað bataferli þolanda áfalls þegar gerandinn þarf að svara til saka fyrir dómsvöldum, þar sem hann viðurkennir ranglætið eða bætir fyrir gjörðir sínar með einhvejum hætti. Hinsvegar er eina nauðsynlega hlutverk gerandans í bataferli þolendans, táknrænt. Fyrir hina fornu Ísraelsþjóð eins og þolendur okkar tíma sem upplifa ofbeldisfullt áfall, kann það að virðast eins og manneskjan geti aðeins fundið frið þegar gerandanum er refsað. En bataferli áfallsins er ekki háð því að gerandinn viðurkenni ranglætið, bæti fyrir það eða/né er refsað.¹⁴⁷

Áfall getur verið einstakur atburður en langvinn áföll verða til t.d. vegna ánauðar, fangelsisvistar, heimilisofbeldis eða einhverskonar misnotkunar. Langvinn áföll framkalla flóknari og oft óviðráðanlegri einkenna en áföll sem verða til vegna einstaks atburðar. Áföll geta verulega skaðað getu þolanda til að tengjast öðrum og treysta, Guð er þar með talin. Þessi skaði er alvarlegri í tilfellum langvinnra áfalla, þar sem þolandinn hefur ítrekað upplifað gerandann sem almáttugan. Þeir sem hafa reynslu af langvinnu áfalli burðast oft með mikla réttlætanagera innri reiði og eru líklegri til að beina þeirri reiði gegn þeim sem þeir skynja að hafi haft vald til að hjálpa þeim en gerðu það ekki, þá sérstaklega að Guði.¹⁴⁸

Frechette telur að það megi gera ráð fyrir því að hin forna Ísraelsþjóð sem notaði slíka sálma í helgihaldi sínu hafi upplifað margvíslegar aðstæður sem eru í líkingu við þau áföll sem textarnir lýsa. Tengingin milli áfallareynslunnar og tungumálsins í sálmunum lýsir aðstæðum þess sem talar gegn óvinum sínum og aðstæðum áfallareynslunnar sem bendir til þess að hlutverk slíkra bæna hafi einmitt verið að ávarpa minninguna og áfallsins í bæn sem leið til úrvinnslu.¹⁴⁹

¹⁴⁶ Sama heimild, bls. 72.

¹⁴⁷ Sama heimild, bls. 75.

¹⁴⁸ Sama heimild, bls. 76.

¹⁴⁹ Sama heimild, bls. 77.

Samkvæmt Judith Herman eru þrjú grundvallarverkefni í bataferlinu en þau eru: að finna öryggi, að minnast og syrgja áfallið og að tengjast aftur hefðbundnu lífi.¹⁵⁰ Hlutverk ofbeldismyndmálsins gegn óvinum í sálmunum, leggur Frechette til að gerir ráð fyrir að einhver öryggistilfinning hafi verið staðfest. Það eflir einnig öryggistilfinningu á meðan það auðveldar tilfinningalega þátttöku og endurtúlkun á áfallinu sem bæði er nauðsynlegt til að minnast og syrgja. Til að minnast og syrgja áfallið verður þolandi að upplifa sig í öruggum aðstæðum til að geta tjáð sig um áfallið og þar sem hann getur fundið reiðinni farveg með öruggum hætti. Það felir í sér endurtúlkun sem mætir skaðlegum skoðunum og ávarpar skaðan sem hefur orðið á sjálfsmynd þolanda.¹⁵¹ Frechette bendir á að það verður að gera greinarmun á ímyndaðri hefnd og reiði sem tjáð er í öruggu umhverfi. Þolendur áfalla reyna oft forðast kvíða með því að sniðganga minningar um áfallið og ákafra tilfinninga sem tengjast því. Og festa sig þá frekar í hugsunum um að hægt sé að laga ástandið einfaldlega með því að krefjast hefndar, að fyrirgefa geranda eða að fá skaðan bættan með einhverjum hætti. Slíkar hugsanir geta þó haft öfug áhrif því hver og ein þeirra er forðun frá því erfiða verkefni að sættast við afleiðingar áfallsins. Hefndar hugsanir eru oftast speglun á áfallinu, að sjá fyrir sér að gera það sama við geranda sem þolandinn þurfti að þola. Þolandinn ímyndar sér að með því að skaða óvininn/gerandann muni hann bæði endurheimta vald sitt og neyða gerandann til að viðurkenna að hafa beitt ranglæti og skaða. Hinsvegar geta slíkar hugsanir gert illt verra og verið jafn ógnvekjandi og uppþrengjandi og hið upphaflega áfall sem eykur enn frekar á niðurbrot þolanda.¹⁵²

Það er hin táknræna tjáning ofbeldismyndmálsins gegn óvininum sem gefur möguleika til úrvinnslu og hefur tilgang innan bataferilsins að vinna gegn skaðlegum túlkunum og skoðunum sem hafa skotið rötum í vitund þolendum áfalla. Á þann hátt stuðlar það að sannfærandi túlkunum um að gjörðir gerandans og skaðlegar skoðanir sem verða til í

¹⁵⁰ Herman, Judith. *Trauma and Recovery*, bls. 155.

¹⁵¹ Frechette. „Destroying the Internalized Perpetrator: A Healing Function of the Violent Language against Enemies in the Psalms.“ Becker E-M, Doehorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritsj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 78.

¹⁵² Sama heimild, bls. 79.

vitund þolanda vegna þeirra, séu rangar. Þar með verður vald þessara minninga yfir polandanum, það sem Frechette kallar „hinn innri gerandi“ sem verið er að eyðileggja.¹⁵³

4.4 Vöxtur í kjölfar áfalls/jákvæð sálræn áhrif í sálmi 137

Xi Li¹⁵⁴ hefur rannsakað hvernig megi greina vöxt í kjölfar áfalls í texta sálms 137. Í grein sinni telur hann Slm 137 tilvalin til rannsóknar út frá áfallarannsóknum vegna þess að sögulegur bakgrunnur sálms 137 er útleðin í Babýlon. Áfallareynsla hefur yfirleitt skaðleg áhrif á sálarlíf þeirra sem upplifa það en stundum getur slík reynsla orðið til þess að manneskja upplifi jákvæðan sálrænan þroska í kjölfar þess. Aukin þroski í kjölfar áfalls (PTG) skilgreinir hinar jákvæðu sálrænu breytingar sem verða til vegna áfallaatburðar, um að eiga trú á réttlátan heim er vísir að auknum þroska í kjölfar áfalls. Í sálmi 137 er sálmaskáldið í ferli að öðlast slíkan þroska, telur Li, sem endurspeglast í v. 9. Hugtakið um aukin þroska í kjölfar áfalls og trú á réttlátan heim vinnur saman að því að gera ofbeldistungutak sálmsins skiljanlegt.¹⁵⁵

Greinin skiptist í þrjá hluta, fyrst að það sé viðeigandi að lesa sálm 137 út frá sjónarhorni áfalla því hann sýnir greinilega neikvæð sálfræðileg áhrif sálmaskáldsins vegna áfalls. Í öðru lagi skoðar hann hugtakið um vöxt í kjölfar áfalls og færir rök fyrir því að sálmaskáldið er í ferli að öðlast slíkan jákvæðan þroska eftir áfall. Í þriðja lagi greinir höfundur hugtakið um réttlátan heim sem grundvallast í v. 9 og færir rök fyrir því að þessi trú sé kjarninn í jákvæðum þroska sálmaskáldsins. Við getum gengið út frá því að útleðin til Babýlon hafi verið áfall fyrir hina útlægu sérstaklega vegna þess að það er atburður sem gerist í kjölfar stríðsátaka og ekki ólíklegt að margir hinna útlægu hafi upplifað áfallastreitu í kjölfarið. Þótt að sálmurinn hafi verið ritaður eftir útleð er ljóst að höfundur sálmsins er settur fram sem söguleg persóna sem annað hvort var sjálf í útleð eða bjó yfir annarrar kynslóðar minningu um útleðina.¹⁵⁶

¹⁵³ Sama heimild, bls. 83.

¹⁵⁴ Xi Li er meðal annars með doktorspróf í heimspeki frá háskólanum í Peking og er í doktorsnámi í biblíurannsóknum við Catholic University of America, í Washington D.C og er grein þessi hluti af doktorsverkefni hans.

¹⁵⁵ Li, Xi. „Post-Traumatic Growth, Belief in a Just World, and Psalm 137:9.” *Biblical Theology Bulletin*, vol. 51, no. 3, ágúst 2021, bls. 175. doi:[10.1177/01461079211019211](https://doi.org/10.1177/01461079211019211)

¹⁵⁶ Sama heimild, bls. 176.

Það má greina tvö dæmigerð einkenni áfallastreituröskunnar hjá höfundu sálmsins. Eitt þeirra er “endurtekna, ósjálfráðar og uppþrengjandi minningar um áfallið.” Þessa lýsingu má yfirfæra á v. 1-3 þar sem sálmahöfundur ávarpar sársaukafullar minningar um útleigðina. Annað einkenni áfallastreituröskunnar er „útbreitt, neikvætt tilfinningalegt ástand” (ótti, skelfing/ógn, sektarkennd og skömm) og mætti yfirfæra á v. 7-9 þar sem þessi vers virðast endurspegla reiði sem er knúin áfram af hefndarþrá eða endurgjaldsreiði. Þar af leiðandi virðist sálmahöfundur lýsa ákveðinni streitu sem neikvæð viðbrögð við áfalli útleigðarinnar, jafnvel þótt að við getum auðvitað ekki verið fullviss um að persónan (sálmahöfundur) hafi þróað með sér áfallastreitu.

Þótt víða sé greint frá neikvæðum viðbrögðum við áföllum getur áfall haft jákvæð áhrif á sálræna líðan þolendur áfalla, hafi þeir tækifæri til að læra og þroskast af áfallinu. Sálfraeðingar hafa fundið að áfallastreituröskun og vöxtur í kjölfar áfalls (PTG) getur bæði búið samtímis með þolendum áfalla. Í næsta skrefi færir Xi Li rök fyrir því að sálmahöfundur hafi verið í ferli að öðlast vöxt eftir áfall sem endurspeglast í því að persónan trúir á réttlátan heim þrátt fyrir ranglætið sem henti hana.¹⁵⁷

Vöxtur í kjölfar áfalls sýnir fram á jákvæð sálfræðileg viðbrögð við áfalli en áfallastreituröskun sýnir fram á neikvæð sálfræðileg viðbrögð. Tedeschi og Calhoun þróðu lista yfir einkenni um vöxt í kjölfar áfalls, 21 atriði í fimm flokkum. Xi Li færir rök fyrir því að tvö þessa atriða eigi við í v. 4-6 í sálmi 137 um PTG sálmahöfundar. Þau eru: að eiga sterkari trú (undir flokknum andleg breyting og forgangsatríði um það sem skiptir mig mestu máli í lífinu). Í sálminum merkir það sterkari trú eða traust á Jahve. Í v. 4 neita hinir útlægu að syngja lofsöngva sína í hinu framandi landi, neitun þeirra sýnir tryggð við Jerúsalem meðan á útleigðinni stóð. Í v.5-6 sýnir að sálmahöfundur mun ekki og vill ekki gleyma hinni helgu borg, þrátt fyrir eyðileggingu hennar var hún ennþá miðja gleði og lífs, hún er enn lifandi í meðvitund persónunnar svo það fer ekki á milli mála að borgin er ennþá mikilvæg í huga hennar.¹⁵⁸ V.6 sýnir mikilvægi borgarinnar og gefur til kynna breytta afstöðu höfundar til „forgangsröðunnar um hvað er mikilvægt í lífinu.“ Með öðrum orðum hefur áfallið leitt höfund til að átta sig á dýrmæti Jerúsalemborgar sem

¹⁵⁷ Sama heimild, bls. 177.

¹⁵⁸ Sama heimild, bls. 178.

gefur til kynna vöxt eftir áfall. Hin augljósa andstæða milli Babýlon í v.1 og Jerúsalem í v. 5-6 sýnir einnig djúp tengsl höfundar við trúrhefðir sínar þar sem musterið í Jerúsalem er miðlægt.

Trúin er studd af löngun höfundar til að leita hefnda í v. 9 því að baki slíkri löngun liggur traust á vald Guðs um að viðhalda réttlæti í heiminum. Li bendir á að höfundur sýni fram á vöxt í trúarlífi hans. Það voru einhverjir sem snéru frá trú sinni á Jahve eftir fall Jerúsalem. Höfundur sálms 137 er augljóslega ennþá trúr Jahve og trú hans hefur styrkst þrátt fyrir mótlætið á meðan aðrir yfirgáfu traust sitt og trú á Jahve. Þetta telur hann gefa góða vísbendingu til að álykta að vöxtur í kjölfar áfalls sé til staðar hjá sálmahöfundi. Andleg breyting (sterkari trú eftir áfall) og þakklæti fyrir lífið (breytt forgangsatriði um það sem er mikilvægt í lífinu). Almennt höfum við grundvallarforsendur um okkur sjálf og heiminn en við upplifun áfalls brotna þessar forsendur skyndilega niður, sem áfallapolendur leitast við að endurreisa.¹⁵⁹ Þegar við beitum þeim athugunum á sálm 137 má sjá endurreisn merkingarkerfis höfundar í textanum. Fyrstu sex vers sálmsins sýna fram á að gamlar forsendur útlaganna um merkingu heimsins eru brostnar en sýnir einnig viðleitni útlaganna til að endurheimta forsendur um merkingu heimsins sem felur í sér trú þeirra á Jahve og ást þeirra til heimalandsins.¹⁶⁰

Ákallið um hefnd í v. 9 gefur til kynna vöxt í kjölfar áfalls í gegnum trú á réttlátan heim sem leið til að umfaðma sársaukafullan sannleika, í þessum skilningi er ákallið ekki neikvætt heldur jákvætt viðbragð í kjölfar áfallaáburðar. Það er jákvætt vegna þess að það er betra en skortur á viðbrögðum eftir áfall og það er einnig betra en einkenni þunglyndis eða andfélagslegra viðbragða eftir áfall. Ákallið til Guðs gefur einnig til kynna von, vonin felst í trú, því án trúar er ekki von. Þá er það einnig sannfæringin um að hafi maður lifað af skelfilegan atburð þá geti maður lifað af hvað sem er. Þá er það einnig trúin að við getum forðast þjáninguna með góðri hegðun og réttri breytni.

Li ályktar að niðurlag sálms 137 sé ekki eins hræðilegt og margir telja heldur beri það vitni um sálrænan vöxt höfundar eftir áfall og lýsir jafnframt trú höfundar um að réttlátan Guð sem lagfæri ranglæti heimsins. Við þurfum því ekki að gagnrýna ofbeldisfullt

¹⁵⁹ Sama heimild, bls. 179.

¹⁶⁰ Sama heimild, bls. 180.

tungumál sálms 137 því að við höfum í raun góða ástæðu til að ætla að hann beri vitni um jákvætt sálrænt viðbragð höfundar við áfalli í kjölfar eyðileggingar musterisins og útleðarinnar til framandi lands.¹⁶¹

4.5 Áhrif sálms 137 í samtímanum

Eins og komið hefur fram lýsir Slm 137 tilfinningum þeirra sem hafa upplifað miklar hörmungar og hafa upplifað það á eigin skinni að heimurinn er ekki alltaf réttlátur. Góðar manneskjur þjást og slæmar manneskjur komast upp með að sýna öðrum manneskjum vonsku. Hatur og ofstæki, fordómar og ofbeldi eru hluti af mannkynssögunni og viðgenst því miður enn í samfélagi okkar í dag. Mikill órói braust út í bandarísku samfélagi sumarið 2020 eftir dauða George Floyd, sem lést í varðhaldi lögreglumanna sem þrengt höfðu að öndurvegi hans í 9 mínútur sem endaði með dauða hans. Mýmörg sambærileg mál voru dregin upp á yfirborðið og vakin athygli á því að þeldökkir Bandaríkjamenn njóta ekki sömu réttinda og hvítir innan samfélagsins. Umræður um óréttlæti hinna jaðarsettu í Bandaríkjunum fékk aukin hljómgrunn í umræðunni, með háværum mótmælum og óeirðum, sem náðu athygli og umræðu út um allan heim þar sem fólk sýndi samstöðu með þeim sem njóta ekki sömur samfélagslegra réttinda, hinna þjáðu og jaðarsettu.

Nýjatestamentisfræðingurinn, Esau McCaulley¹⁶² bendir á að atburðir þeir sem gerðust sumarið 2020 leiða í ljós hversu langt hinir valdameiri vilja forðast að horfast í augu við sannleikann. Myndbandið af dauða George Floyd er birtingarmynd kerfisbundinna kynþáttafordóma, en með því að viðurkenna það myndi það draga bandarískt stjórnkerfi í efa sem gagnast hinum valdameiri í samfélaginu. McCaulley bendir á að Biblían er ekki þögul gagnvart heift hinna kúguðu, þar notar hann sálm 137, sérstaklega vers 8-9 til að vísa í reiði hinna kúguðu:

¹⁶¹ Sama heimild, bls. 182.

¹⁶² Esau McCaulley er aðstoðar prófessor í nýjatestamentisfræðum í Wheaton Háskóla í Illinoisfylki og þjónar einnig sem prestur í Anglíkónsku kirkjunni í Bandaríkjunum. Hann gaf m.a. út bókina *Reading while Black. African American Biblical Interpretation as an Exercise in Hope* (2020). En hann hefur lagt áherslu á að veita innsýn og túlkun texta Biblíunnar á reynslu og viðhorf þeldökkra.

„Babýlonsdóttir, þú sem tortímir.

Heill þeim sem geldur þér

það sem þú gerðir oss.

Heill þeim sem þrífur brjóstmylkinga þína

og slær þeim niður við stein.“

Það er leitun að texta í Biblíunni sem lýsir jafn mikilla heift og þessi tvö vers í niðurlagi þessa þekkta sálms. Í raun er hann áhrifaríkur vitnisburður um áfall þess eða þeirra sem tala í sálminum. Verið er lýsa því sem þau hafa séð og reynt og biðja um leið þeirrar bölbænar að hið sama megi henda kúgara þeirra.

McCaully spyr hvernig slíkur texti geti í einhverjum skilningi verið trúarlegur texti, sem lýsir óskum eftir slíku voðaverki? Sálmurinn er vitnisburður hinna þjáðu sem upplifðu höfðu áfall. Hann spyr lesandann; hvernig texta myndir þú skrifa eftir að hafa horft á barn, maka, foreldri eða samborgara þína pyntaða og myrta? Hann segir sálminn vera hluta áfallabókmennta og hlutverk þeirra er að minna á áfallið sem leiddi til þess að sálmurinn var ortur. Sálmurinn er áfallatexti, sem lýsir reiði þeirra sem lifðu af. Spurningin er því ekki af hverju höfundur skrifaði þennan texta, heldur hvernig fjölskyldur þeirra sem misst hafa aðstandenda með sama hætti og George Floyd myndu skrifa eftir að hafa horft á myndband af dauða hans? Það er ekki ólíklegt að slíkur texti myndi fela í sér reiði og bænarákall um hefndaraðgerðir. Sálmur 137 ásamt öðrum sálmum sem tjá áfall, reiði og sorg, er skrifuð heimild um atburði sem áttu ekki að falla í gleymiskunnar dá.¹⁶³

Á tímum kórónuveirunnar hafa innflytjendur af asískum uppruna einnig mátt þola fordóma víðsvegar um heiminn, ekki síst í Bandaríkjunum. Þann 6. mars 2021, voru sex konur af asískum uppruna myrtar af hvítum karlmanni í Atlanta, Georgíufylki Bandaríkjanna. Margir upplifðu að samfélagið hafi ekki tekið slíkum hatursárásum og orðræðu alvarlega og fannst fjölmiðlar gera lítið úr því að þessi hörmulegi atburður væri sannarlega hatursárás. Reiði vaknaði í brjóstum þeirra sem vildu vekja athygli á þeim sem lifa á jaðri samfélagsins og hörmuðu örlög fórnarlambanna og töluðu um félagslegt

¹⁶³ McCaulley, Esau. „What the Bible Has to Say about Black Anger: The Psalms are not silent about the rage of the oppressed.“ *Newyorktimes.com*, The New York Times, 14.06.2020, <https://www.nytimes.com/2020/06/14/opinion/george-floyd-psalms-bible.html> (Sótt 31.12.2021)

óréttlæti í garð þeirra sem og annarra af asískum uppruna sem þola þurftu ofsóknir, í örvæntingu óskaði þessi hópur eftir því að slíkum þjáningum yrði útrýmt úr samfélaginu. Greinarhöfundur, Eliana Ah Rum Ku,¹⁶⁴ lýsir asískri femínistaguðfræði sem sögu þjáningar. Hún bendir á að hatursglæpir gegn fólki af asískum uppruna hafa lengi verið til staðar en vegna heimsfaraldursins hafa þeir verulega aukist og birtingarmynd þeirra versnað. Í sextán stærstu borgum Bandaríkjanna fjölgaði hatursglæpum gegn fólki af asískum uppruna um 164% árið 2021 miðað við árið á undan.¹⁶⁵ Tilkynningar um hatursglæpi gegn fólki af asískum uppruna hækkuðu um 717% í upphafi ársins 2021 í Vancouver, Kanada.¹⁶⁶

Eliana telur að hægt sé að lesa Slm 137 sem harmsálm hinnar reiðu og buguðu asísku innflytjendakonu í ljósi baráttu hennar í samfélagi þar sem ríkjandi hatursorðræða og ofbeldi viðgangst gagnvart henni og öðrum jaðarsettum hópum og hvernig þeir hópar geta veitt mótspyrnu við þeirri sjálfsmýnd sem þvinguð er upp á þau í samfélaginu.

Þannig getur asíska innflytjendakonan sem les sálm 137, litið á sálminn sem pólitískan söng sem ætlaður er að hvetja hina kúguðu gegn kúgandi öflum. Eliana bendir á að víða í Biblíunni eru harmljóð sett fram sem verk samfélagsins, en hún bendir á að konur hafi miðlæga rödd í slíkum harmljóðartextum (Harmlj. 1-2; Jer 9.17-20). Í harmkvæðum tjá konur tilfinningar, sorg og vitna um skelfilegar minningar um dauðann og ögra óréttlæti samfélagsins, sem leiddu samfélög til fyrsta skrefs á vegferð þeirra til eflingar og bata. Eliana bendir á að í fornum samfélögum og feðraveldissamfélögum voru harmljóð ein af fáum tegundum félagslegrar gagnrýni sem stóð konum til boða sem voru í viðkvæmri stöðu í karllægu samfélagi. Því telur hún að gera megi ráð fyrir því í harmkveinum sem heyrðust við árbakka Babýlónsfljóts hafi raddir kvenna verið miðlægar sem leið til mótspyrnu og reiði.

¹⁶⁴ Eliana Ah Rum Ku, er doktorsnemi í prédikunarfræðum við Háskólann í Toronto. Hún fæddist og ólst upp í Suður Kóreu. Hún hefur einbeitt sér að rannsóknum á þjáningunni sem birtist í textum Biblíunnar, ekki síst vegna eigin reynslu af þjáningu.

¹⁶⁵ Campbell, Josh. „Anti-Asian hate crimes surged in early 2021, study says.” *Edition.cnn.com*, CNN Edition, 05.05.2021, [Anti-Asian hate crimes surged in early 2021, study says - CNN](#) (Sótt 31.12.2021)

¹⁶⁶ Ghosh, Palash. „Anti-Asian Hate Reports Surge In U.S. – But it May Be Far Worse In Candada.” *Forbes.com*, *Forbes*, 07.05.2021, [Anti-Asian Hate Reports Surge In U.S.—But It May Be Far Worse In Canada \(forbes.com\)](#) (Sótt 31.12.2021)

Það er áberandi einkenni á sálmi 137 að þjáningin er tjáð í fleirtölu „sátum vér ... er vér minntumst“ o.s.frv. Fleirtalan kemur raunar sterkar fram í frumtextanum, hebreskunn. Í upphafsversum sálmsins er það sláandi hve 1. persónuendingin *-nu* kemur oft fyrir.¹⁶⁷ Segja má að þannig sé þjáningin tjáð sterkar, þjáning útlaganna, ekki bara eins þeirra.

Svipað og í sálmi 137 getum við séð í dag hinar fjölbreyttu ásýndir kúgunar sem Asíubúar upplifa í ríkjandi hvítu samfélagi og ekki er hægt að afneita. Harmleikurinn í Atlanta og rísandi hatursglæpir gegn fólki af asískum uppruna bera vitni um að asískir innflytjendur eru jaðarsettur hópur innan vestrænna ríkja. Harmkvein heyrðust á götum borga þegar fólk lét í ljós reiði sína gagnvart því ofbeldi sem jaðarsettir hópar verða fyrir í Bandaríkjunum. Frá því sjónarhorni voru harmakvein við Babýlónsfljót í sálmi 137 ekki aðeins tjáning sorgar heldur einnig opinber mótmæli gegn þöggun og afneitun kúgunnar. Hliðstæðan á milli samfélags fólks af asískum uppruna í Bandaríkjunum, eða annarra jarðarsettra hópa og samfélags Ísraelsþjóðar í Babýlon sýnir fyrirlitningu og höfnun, gilda og menningu þessara samfélaga, af kúgurum sínum og samfélagi. Raddirnar sem heyrast í Sálmi 137 eru raddir minnihlutahóps útlaga sem upplifað hefur kúgun herleiðingar og áframhaldandi þjáningu í framandi landi. Þannig lifir í sálminum enn minningin um fall Jerúsalem (v. 7), „dag Jerúsalem.“ Slíkt gleymist ekki og lifir í minningu kynslóðanna.

Ofbeldisfullt tungumál innan Biblíunnar þar á meðal Sálmi 137, ætti ekki að réttlæta. Hins vegar er ekki hægt að forðast slíka texta eða hunsa þá skilyrðislaust. Við túlkanir á slíkum texum þarf að hafa í huga að ofbeldistextar hafa vald til að varpa ljósi á falið ofbeldi og neyða okkur til að horfast í augu við óþægilegan sannleika. Túlkanir þurfa einnig að viðurkenna að réttlæti er kjarninn í tilveru og þjónustu Guðs og að Guð leyfir fólki að harma og kvarta til Guðs þegar það upplifir óréttlæti.

Sálmur 137 minnir á eyðingu Jerúsalem og vekur um leið tilfinningu fyrir andstöðu gegn þjáningum og kúgun af völdum heimsveldisins. Textinn getur þess vegna talað inn í aðstæður dagsins í dag til að berjast gegn kúgun kynþáttar, kyns, nýlendustaða og stéttarstefnu. Þessi sálmur sakar ríkjandi menningarheima um að fremja kúgun með gjörðum sínum og aðferðum. Það gæti virkað sem viðvörðun fyrir fólk sem verður dofið

¹⁶⁷ Gunnlaugur A. Jónsson. *Áhrifasaga Saltarans*. bls. 501.

fyrir þjáningunni af óréttlætinu sem það tekur eftir. Trúin styður ekki „guðrækni þöggunar“ (e. *pious silence*) og Biblían gerir þessar beinu, árásargjörnu og þrálátu kröfur vegna þess að þeir sem láta í sér heyra með harmakveinum trúa því að Guð hlusti á slíkar raddir.

Þar sem harmakvein lýsa mótstöðu án ofbeldis geta þau verið leið til að hjálpa samfélaginu að rækja ábyrgð sína á félagslegu réttlæti án þess að kenna ákveðnum hópi um eða að myndist tvískipting milli hópa, heldur frekar veiti það rými til samtals skilnings og virðingar sársauka beggja aðila átakanna. Þannig mega túlkanir ekki líta framhjá sársaukanum, mótstöðunni og reiðinni í sálmi 137 og fara beint í að túlka vonina. Leiðin í átt að réttlátara samfélagi felst í því að veita rými fyrir hina þjáðu og kúguðu til að segja sögu sína og að hlustað sé á þau, að benda á óréttlætið og láta í ljós reiði og viðurkenna að vonin kemur síðan hægt og rólega. Harmakvein eru ekki aðeins þrá eftir réttlæti heldur einnig réttlætisiðkun sem krefst endurlausnaaðgerða Guðs: „að vera reiður og grípa til aðgerða fyrir hönd raddlausra og kúgaðra er að vinna verk Guðs.“¹⁶⁸

4.6. Ályktanir

Einn þekktasti sálmur Saltarans er Slm 137, sem veitir okkur dýrmæta innsýn í líf hinna útlægu í Babýlon og andlegt ástand þeirra. Útlegðin var þjáningarupplifun sem sameinaði þau sem áttu þessa sameiginlegu reynslu. Sálmurinn gefur til kynna að lífsreynsla hinna útlægu er lýst í bókmenntalegri frásögn sem mótaði sameiginlega sjálfsmýnd þeirra. Með orðum kenningar Jeffreys Alexanders: „Menningarleg áföll eiga sér stað þegar ákveðin hópur innan samfélags upplifir skelfilega atburði og veldur því að skilja eftir sig óafmáanlega merki í hópvitund þeirra og markar minningar þeirra að eilífu sem breytir sjálfsmýnd þeirra til framtíðar með grundvallandi og óafturkallanlegum hætti.“

Það er ekki nokkur vafi að babýlónska útlegðin var „menningarlegt áfall.“ Sagan veitir okkur innsýn um hvernig sálmur 137 hefur verið túlkaður í gegnum tíðina. Sálmurinn

¹⁶⁸ Ku Ah Rum, Eliana. „Lament as Resistance and Rage: An Asian Woman Immigrant’s Reading of Psalm 137 in the Light of Anti-Asian Hate Crimes of North America.“ *Asian American Theological Forum*, Vol 8, no. 2, 03.06.2021. [Lament as Resistance and Rage: An Asian Woman Immigrant’s Reading of Psalm 137 in the Light of Anti-Asian Hate Crimes of North America](https://www.aatfweb.org) – *Asian American Theological Forum* (aatfweb.org) (Sótt 07.01.2022)

tjáir mannlegar tilvistarspurningar um hvers vegna saklausir þjást og þess að lífið er óstöðugt og manneskjan berskjölduð gagnvart því. Þannig talar sálmurinn enn inn í aðstæður hinna kúguðu og jaðarsettu í samfélagi okkar í dag, eins og sjá má þegar kemur að stöðu fólks af asískum uppruna og þeldökkra Bandaríkjamanna.

Frá sjónarhorni áfallarannsókna og vonar um eflingu og vöxt í kjölfar áfalls má skynja í tungumáli sálmsins einkenni sem hafa leitt höfund sálmsins til þess að orða áfallið og þá skelfilegu atburði sem hent hafði þjóðina og því sem hún hafði orðið vitni að. Judith Herman segir að þrjú grundvallarverkefni í batarferlinu eru að finna öryggi, að minnast og syrgja áfallið og að tengjast aftur hefðbundnu lífi. Christopher Frechette telur að ofbeldismyndmálið í Slm 137 gegn óvinum, geri ráð fyrir að einhver öryggistilfinning hafi verið staðfest. Því hafi hinir útlægu getað tjáð reiði og hefndarhugsanir og komið slíkum erfiðum tilfinningum í heilbrigðan farveg. Xi Li ályktar að niðurlag Slm 137 sé ekki eins hræðilegt til túlkunnar eins og margir telja heldur beri vitni um sálrænan vöxt höfundar eftir áfall og lýsir jafnframt trú höfundar um réttlátan Guð sem lagfæri ranglæti heimsins. Ofbeldisfullt bænarákall til Guðs feli því í sér traust á Guð sem mun koma jafnvægi á heiminn á ný.

Frá harmarkveinum, heift og vonleysi, sem hljómuðu við Babýlónsfljót fann þjóðin smám saman von og traust til Guðs. Sú von kemur vel í ljós í öðrum textum frá útleigðartímunum. Í næsta hluta verður rýnt í annan útleigðartexta Biblíunnar en þar heyrum við rödd annarrar kynslóðar hinna útlægu í Babýlon. Þar er það rödd spámannsins annars Jesaja sem boðar þjóðinni huggun og er ætlunin að rýna í vonina sem endurspeglast í boðskap hans frá sjónarhorni áfallakenninga.

Hluti IV: Jesaja

5.1. Annar Jesaja

Niðurstöður biblíurannsókna gefa til kynna að Jesajaritið skiptist í þrjá meginhluta frá þremum mismunandi tímabilum, með eftirfarandi hætti: kaflar 1-39 eigi rætur að rekja til 8. aldar spámannsins Jesaja í Jerúsalem, þegar Suðurríkinu, Júda var ógnað af assýríska stórveldinu. En Jesaja leit hins vegar á að það væri fyrst og fremst óhlýðni fólksins við Guð. Hann hvatti þjóðina og leiðtoga hennar að lifa í réttlæti og réttvísi til þess að koma í veg fyrir dóm og eyðingu ef hún hlýddi ekki orðum Drottins.¹⁶⁹

Það er nánast óumdeilt innan gamlatestamentisfræðanna að kaflar 40-55 hafi orðið til á tímabili babýlónsku útlegðarinnar (587/586-539 f. Kr.) Spámaðurinn boðaði að Guð mundi hughreysta og frelsa þjóð sína og leiða hana heim til Jerúsalem til að hefja þar nýtt líf.¹⁷⁰ Þá eru kaflar 56-66 taldir vera frá tímabilinu eftir heimkomuna frá útlegðinni. Þess vegna er gjarnan talað um fyrsta, annan og þriðja Jesaja, (Proto-, Deutero- og Tritto-Jesaja) eins og um þrjá einstaklinga frá ólíkum tímabilum sé að ræða.¹⁷¹

Í stað þess að boða einkum dóm eins og 8. aldar spámaðurinn, boðaði Jesaja annar fyrst og fremst huggun, von og frelsun úr babýlónsku útlegðinni. Við þekkjum ekki nafn þessa spámanns og því hefur hann oftast verið nefndur Jesaja annar eða huggunarspámaður útlegðartímans. Stundum er talað um hann sem fagnaðarboða Gamla testamentisins. Það er í senn sögusviðið, stíllinn og boðskapurinn sem sýna að kaflar 40-55 geta ekki verið komnir frá 8. aldar spámanninum sem ritið er kennt við. Þessi ókunni spámaður hefur að líkindum starfað eitthvað fyrr en annar ókunnur höfundur samdi hinn áhrifamikla Sálms 137 um hlutskipti útlaganna við Babýlónsfljót.¹⁷²

¹⁶⁹ Spámenn í fornum samfélögum voru álitnir talsmenn tiltekins þjóðfélagshóps. Brueggemann útskýrir: „Spámaður er ljóðræn persóna sem stendur utan meginstraums hins opinbera valds og afhjúpar það sem er að gerast. Spámennirnir eru fólk sem finnur fyrir sársauka og er gríðarlega viðkvæmt fyrir óréttlæti samfélagsins gagnvart þegnum sínum.“

¹⁷⁰ Kristnar manneskjur hafa löngum tengt fjórða ljóðið um hinn líðandi þjón Drottins í 53. kafla, við píslir Krists.

¹⁷¹ Gunnlaugur A. Jónsson. Hátign kemur til hjálpar. Heilgaleikahugtakið í Jesaja 40-55 í ljósi notkunar þess í eldri hlutum ritsins. *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 43/2016, bls. 8.

¹⁷² Gunnlaugur A. Jónsson. *Áhrifasaga Saltarans*, bls. 499.

Það má segja með nokkurri vissu að Jesaja annar hafi starfað á tímabili sem að liggur á milli eyðingar Jerúsalem árið 587 f. Kr. og falls Babýlonska heimsveldisins árið 539 f. Kr sennilega undir lok þessa tímabils, nokkru eftir 550, árið sem Kýrus Persakonungur hóf sigurför sína og vann síðan sigur á Babilýlon. Hann reyndist mildur stjórnandi og gaf gyðingum heimfararleyfi. Reynt hefur verið að skilgreina mismunandi stig í starfi spámannsins en það er enn mjög vafasamt. Innihald 40.-55. kafla sýnir hins vegar að Jesaja annar var virkur í talsverðan tíma, jafnvel nokkur ár. Almennar útlínur stjórnmálaatburða tímabilsins eru þekktar. Babýlonska heimsveldið var áfram á hátindi valds síns undir stjórn Nebúkadnesar (604-562 f. Kr.), mesta valdhafa sem það hafði haft. Eftir að hafa eyðilagt Jerúsalem fór hann í fleiri herferðir í vestri. Í kjölfar dauða Nebúkadnesar sjáum við fyrstu merki um hnignun Babýlonar sem stórveldis.¹⁷³

Þrátt fyrir að við vitum ekkert hver huggunarspámaðurinn er, hvorki nafn hans né kyn¹⁷⁴ eða stéttarstöðu þá þekkjum við boðskap hans og stíl og margt má af því ráða. Flestir eru sammála um það að hann hlýtur að hafa búið meðal hinna útlægu í Babýlon,¹⁷⁵ enda verður ekki annað séð en hann sé vel kunnugur aðstæðum þar. Vers 40.6-8, gefur mögulega innsýn í köllun hans¹⁷⁶ þannig að þar birtist persóna hans e.t.v. nánar en annars staðar í ritinu.

Upphafsorð 40. kaflans flytja kjarnaboðskap ritheildarinnar (k. 40-55): “Huggið, huggið lýð minn.” (Jes 40. 1) Huggunin byggist á því að björgun úr útlegð og ánauð er á enda og heimför á næsta leiti. Huggun og von reynast enda vera leiðarstef huggunarspámannsins.¹⁷⁷ Þema annars Jesaja leggur sérstaka áherslu á andstæðuna á milli dóms og huggunnar, og boðar nýjan Exodus og endurreisn.¹⁷⁸

¹⁷³ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls. 3.

¹⁷⁴ Kvenlegt sjónarhorn hefur vakið mikla athygli innan fræðanna, en Deutero Jesaja fjallar mikið um konur og veitir innsýn í reynsluheim kvenna. Meðal annars þar sem Guði er líkt við móður brjóstbarns (Jes 49.15) og fæðandi konu (Jes 42.14). Margir hafa velt því fyrir sér hvort að slíkir textar hafi verið skapaðir af konu.

¹⁷⁵ Hanson, Paul D. *Isaiah 40-66. Interpretation. A Bible Commentary for Teaching and Preaching.* (Louisville: Westminster John Knox, 1995) bls. 2

¹⁷⁶ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls. 6.

¹⁷⁷ Gunnlaugur A. Jónsson. „Hátign kemur til hjálpar. Heilagleikahugtakið í Jesaja 40-55 í ljósi notkunar þess í eldri hlutum ritsins.“, bls. 9.

¹⁷⁸ Heffelfinger, Katie M. „Isaiah 40-66.“ *The Oxford Handbook of Isaiah* (New York: Oxford University Press, 2020) bls. 113.

Náinn skyldleiki er á milli boðskapar Jesaja annars og harmljóða í samfélagslegu og opinberri guðsþjónustu og sýna að þjóðin hélt úti guðsþjónustu í einni eða annarri mynd í útleðinni. Þar sem ekki var hægt að iðka fórnarathafnir eins og áður varð aðaláherslan lögð á munnlegan þátt tilbeiðslunnar. Á sama tíma benda þó nokkrar vísbendingar í öðrum Jesaja til þess, eins og við var að búast, að fall ríkisins, eyðilegging musterisins og endalok ættarveldisins Davíðs, þýddi einnig í margra augum endalok þess að Jahve gripi til aðgerða, fyrir hönd þjóðar sinnar. Guðir Babýlons höfðu sigrað og tilbeiðslan og dýrkun annarra guða sem þeim stóð til boða, hlýtur að hafa haft gríðarlega áhrif. Fyrir marga missti því gamla trúin eldmóðinn og líklega margir sem sneru sér til guðanna sem nú höfðu völdin.¹⁷⁹ Það var enda ríkjandi viðhorf í hinum fornu Miðausturlöndum að þegar ein þjóð vann sigur á annarri þá hefðu guðir þeirrar þjóðar sem fór með sigur af hólmi reynst vera megnugri.

5.2 Jesaja 40.1-11

1 Huggið, huggið lýð minn,
segir Guð yðar.

2 Hughreystið Jerúsalem
og boðið henni
að áþján hennar sé á enda,
að sekt hennar sé goldin,
að hún hafi fengið tvöfalt af hendi Drottins
fyrir allar syndir sínar.

3 Heyr, kallað er:
„Greiðið Drottni veg um eyðimörkina,
ryðjið Guði vorum beina braut í auðninni,
4 sérhver dalur skal hækka,
hvert fjall og háls lækka.
Hólar verði að jafnsléttu
og hamrar að dalagrundum.

¹⁷⁹ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls. 6.

5 Þá mun dýrð Drottins birtast
og allt hold sjá það samtímis
því að Drottinn hefur boðað það.“
6 Einhver segir: „Kalla þú,“
og ég spyr: „Hvað á ég að kalla?“
„Allt hold er gras
og allur yndisleikur þess sem blóm vallarins.
7 Grasið visnar, blómin fölna
þegar Drottinn andar á þau.
Sannlega eru mennirnir gras.
8 Grasið visnar, blómin fölna
en orð Guðs vors varir að eilífu.“
9 Stíg upp á hátt fjall, Síon, fagnaðarboði.
Hef upp raust þína kröftuglega, Jerúsalem, fagnaðarboði.
Hef upp raustina og óttast eigi,
seg borgunum í Júda:
10 Sjá, Guð yðar kemur í mætti
og ríkir með máttugum armi.
Sjá, sigurlaun hans eru með honum
og fengur hans fer fyrir honum.
11 Eins og hirðir mun hann halda hjörð sinni til haga,
taka unglömbin í faðm sér
og bera þau í fangi sínu
en leiða mæðurnar.

(Biblían, 2007)

Greining á Jes. 40.1-11

40. 1-2. Þegar allt virtist glatað talar nú hinn heilagi Ísraels.¹⁸⁰ Það er rödd Jahve, sem brýtur þögn útlegðarinnar og með ávarpi sínu umbreytir örlögum þjóðarinnar. Þessi ræða

¹⁸⁰ Hugtakið „Hinn heilagi Ísraels“ er meðal þess sem sameinar hina þrjá ólíku hluta Jesajaritsins.

rýfur bæði örvæntingu hennar og völd Babýlonar, hún smýgur inn í tóm útleðarinnar og fyllir heim gyðingdóms af möguleikum sem áður var tapað en er nú í boði í guðlegri tilskipun. Hugtakið um „Huggunina“ má skilja sem umbreytandi samstöðu, hún er hér sem öflugt inngríp sem skapar nýja möguleika, því hér talar Guð allrar huggunnar.¹⁸¹ Upphafsorð huggunarspámannsins, tvítekningin hefur það hlutverk að auka áhersluna á huggunina sem í vændum er.¹⁸²

„Huggun fyrir fólkið mitt.“ Þetta eru afgerandi orð í öllu riti Jesaja þar sem viðhorf Jahve til hinna útlægu úr Jerúsalem eru nú algjörlega jákvæð. Það hefur oft verið bent á að Jes 40.1-11 sé vísvitandi mótvægi við Jes 6.1-13 í uppbyggingu Jesajaritsins. Sjötti kafli ritsins er lykilheimild um dóm sem ætlar Júdamönnum þrjósku og vonleysi, en hér kemur fram nýr úrskurður frá Guði sem nú snýr við örlögum Ísraels. Sjötti kafli endurspeglar dóm Guðs en frá fertugasta kafla, endurspeglast frelsun Guðs yfir þjóð, út ritið.¹⁸³

Í þessum upphafskafli Jesajaritsins sem kennt er við huggunarspámanninn, finnum við boðskap sem er fullur leyndardóms og vonar. Þar kemur fram nærvera Guðs í atburðum mannkynssögunnar sem hefur í gegnum aldirnar verið eitt af mikilvægustu stefnum guðfræði gyðingdóms og kristni. Þessum orðum var beint til fólks sem hafði upplifað algjöran missi á öllu því sem gaf lífi þeirra gildi, og samfélagslega sjálfsmyndin í molum. Því hefur þessi texti löngum gefið von í brjóst þeirra sem glíma við ótta og vonleysi í sínu persónulega lífi.¹⁸⁴ Í v.1-2. kemur fram fyrirgefning Guðs og vísar til þess að hinir útlægu geta brátt snúið aftur heim. Jahve hnekkir á valdi Babýlon til að halda hinum útlægu þar.¹⁸⁵

En mikilvægt er líka að gefa gaum að orðunum „áþján hennar er á enda“ (v. 2). Það sýnir skýrt að hinir útlægu höfðu ekki lifað neinu sældarlífi heldur upplifað bæði áþján og þjáningu sem og heimþrá í líkingu við þá sem birtist svo sterkt í Slm 137. Ástandi hinna útlægu hefur enda í nýlegri fræðum verið líkt við „trauma“ (áföll) eins og rækilegar er fjallað um annars staðar í þessari ritgerð.

¹⁸¹ Brueggemann, Walter. *Isaiah 40-66* (Louisville: Westminster John Knox Press, 1998) bls. 16.

¹⁸² Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls. 34.

¹⁸³ Brueggemann, Walter. *Isaiah 40-66*, bls. 17.

¹⁸⁴ Hanson, Paul D. *Isaiah 40-66*, bls. 13.

¹⁸⁵ Brueggemann, Walter. *Isaiah 40-66*, bls. 18.

40. 3-5. Þessi vers virðast sýna umræðu meðal himneskrar hirðar Jahve¹⁸⁶ um hvernig best sé að leiða huggunina fram.¹⁸⁷ Hebreska orðið fyrir huggun þýðir að „snúa frá þjáningu“ sem við ákveðnar aðstæður þýðir að með virkri hjálp er hægt að snúa frá þjáningunni. Það er merkingin hér. Huggun Ísraels byrjar með undirbúningi leiðarinnar. Því leiðin sem talað er um hér er sú sem mun leiða þjóðina heim í gegnum eyðimörkina.¹⁸⁸ Það er Guð sem leiðir þjóð sína heim.¹⁸⁹ Þá hafa þessi vers einnig mikið vægi innan Nýja testamentisins en margir hafa bent á að v. 3-5 fjalli um Jóhannes skírara sem ruddi brautina fyrir Jesú. (Lúk 3. 4-6; Jóh 1.23).¹⁹⁰

40. 6-8. Eins og komið hefur fram er ekkert vitað um hver huggunarspámaðurinn er, umfram boðskap hans. Aðeins í v.6-8 fáum við mögulega innsýn í köllun hans.¹⁹¹ Hér talar spámaðurinn í nafni Drottins eins og honum hefur verið fyrirskipað, hann hefur verið þögull fram að þessu þar sem hann stendur meðal hinnar guðlegu hirðar, svarar hann nú þeim sem hefur ávarpað hann „Hvað á ég að kalla?“. Í v. 6b-7 hljómar rödd spámansins en í v.8 hljómar himnesk rödd sem gefur út skipun til spámansins. Í þessum versum fær huggunarspámaðurinn að láni tungumál og fallett myndmál 90. Davíðssálms (90. 5-6.) „Allt hold er gras“, þessi orð fjarlægja allan mun á stétt og stöðu manneskjunnar.¹⁹² Líf manneskjunnar er sem gras, þegar allt kemur til alls standa allar manneskjur jafnfætis gagnvart lögmáli lífsins. Ein aðgreining stendur þó eftir, það er á milli þeirra sem opna hjarta sitt fyrir Guði og hinna sem líta á Guð sem óvin þeirra og keppnaut.¹⁹³

Stíllinn er áberandi persónulegur, og minnir að því leyti dálítið á sálgæslu nútímans. Það er eins og talað sé á huggunarríkan hátt í einstaklings í sárum vanda.

40. 9-11. Í v. 10 kemur Guð fram sem mikilfenglegur stríðsmaður með kraftmikið vald og sýnir hátígn Guðs. Í v.11 kemur Guð fram sem blíður hirðir sem sýnir hinum

¹⁸⁶ Slíka texta má sjá víðar í ritum Gamla testamentisins þar sem Guð kemur fram í fleirtölu, eins og um himneska hirð sé að ræða, sambærilegt við guðahirð nágrannaþjóðanna.

¹⁸⁷ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls. 36.

¹⁸⁸ Sama heimild, bls. 37.

¹⁸⁹ Sama heimild, bls. 39.

¹⁹⁰ Moyise, Steve. „Isaiah in The New Testament.” *The Oxford Handbook of Isaiah*. (New York: Oxford University Press, 2020) bls. 531.

¹⁹¹ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls. 6.

¹⁹² Hanson, Paul D. *Isaiah 40-66*, bls. 23.

¹⁹³ Sama heimild, bls. 24.

varnalaus, móðurlega umhyggju, og sýnir miskunn Drottins. Þessi tvö vers saman varpa fram tveimur myndum af Guði sem stríðsmanni og hirði, af hátígs Guðs og miskunnsemi og lýsir öllu sem skiptir sköpum um fagnaðarerindið. Jahve er nógu sterkur til að frelsa og nógu blíður til að sinna óskum og þörfum. Samsvarandi þema og kemur fram þegar þjóðin kom fyrst til fyrirheitna landsins. (5Mós. 1.30-31)¹⁹⁴ Hér kemur fram yfirlýsing til hinna útlægu gleði yfirlýsing um að Ísrael hefur ekki verið yfirgefin í höndum kúgaranna, heldur er hún undir ástríkri umsjá Guðs sem er bæði mikilfenglegur og kærleiksríkur og mun leiða þá aftur heim.¹⁹⁵ Smáatriðin í v.11 leggja áherslu á þá staðreynd að hirðirinn leiðir ekki óaðgreindan mannfjöldann, heldur einstaklinga, þar sem hver og einn fær þá umhyggju sem hann þarf á að halda, allir eiga að taka þátt í gleðinni yfir heimkomunni og hirðirinn veit hvernig á að auðvelda hverjum og einum leiðina þangað. Mikilvægi þess að nota líkinguna um fjárhirðinn í lok formálans, og sérstaklega eins og hún er sett fram í vers 11b. er að í boðun huggunarspámansins er markmið hjálpræðisstarfs Guðs alltaf um alla þjóðina. Um kærleiksríkrar umönnunar hirðisins fyrir alla þjóðina.¹⁹⁶

Eftirtektarvert er að annars vegar er talað um „Guð sem kemur í mætti“ þar sem áherslan liggur á styrkleika hans. Guð er m.ö.ö. fær um að framkvæma það sem hann boðar. Hins vegar er hirðishugtakið notað, sem er blíðlyndara hugtak, ef svo má segja. Stefið um hirði og hjörð er í Gamla testamentinu þekktast úr Slm. 23 „Drottinn er minn hirði“ og meðal þess sem sameinar Gamla og Nýja testamentið. Jesús talaði um sig sem hinn „góða hirði“ í Jóhannesarguðspjalli. Þannig að hér er í senn lögð áhersla á mátt Guðs og styrkleika og hins vegar umhyggju hans og nærgætni.

Formáli annars Jesaja (40.1-11) eru leiðarstef fyrir huggunina og vonina sem spámaðurinn boðar og er jafntframt leiðarstefið og markmið þessa hluta að skoða þessi vers en jafntframt önnur vers sem finna má hjá huggunarspámanninum til þess að rýna inn í hvernig boðskapur spámansins talaði inn í félagslegar aðstæður hinna útlægu og leitast verður eftir því að varpa ljósi á markmið ritsins til að endurskapa nýja sjálfsmynd þjóðarinnar.

¹⁹⁴ Brueggemann, Walter. *Isaiah 40-66*, bls. 21.

¹⁹⁵ Hanson, Paul D. *Isaiah 40-66*, bls. 24.

¹⁹⁶ Westermann, Claus. *Isaiah 40-66*, bls. 46.

5.3 Annars Jesaja í gegnum túlkunnarramma áfallarannsókna

Sögulegar vísbendingar eru um að Júdamennirnir útlægu hafi getað stundað landbúnaðarframleiðslu í Babýlon frekar fljótlega eftir komuna þangað. Þá eru einnig dæmi um að önnur og þriðja kynslóð hinna útlægu hafi rekið fyrirtæki og hafi því jafnvel haft litla ástæðu til að flytjast aftur til Júda þegar heimfararleyfið kom eftir 539 f. Kr. Þó ríkti afar mikil gremja, djúpstæð sárindi, heift og reiði meðal þjóðarinnar gagnvart babýlónskum yfirráðum vegna innrásarinnar í Júda og Jerúsalem sem leiddi til útleðarinnar. Þessar tilfinningar fluttust síðan á milli kynslóða í gegnum burðarhópa (e. *carrier groups*). Hinir útlægu virðast hafa haft djúpa þörf fyrir að finna ástæðu fyrir hörmungunum.¹⁹⁷ Það er ekki nokkur vafi að umsátrið, innrásin og eyðilegging Jerúsalem sem og útleð til Babýlon í kjölfarið var bæði menningarlegt- og sameiginlegt áfall þjóðarinnar og orsakaði áfallastreitu þeirra Júdamanna sem upplifðu þá atburði. Frásagnir af þeim má sjá meðal annars í Harmljóðunum og Deuterónómsku söguritunum.¹⁹⁸

Miklar umræður hafa skapast um ástæðu þess að umskipti urðu frá einkatilbeiðslu á Jahve í Júda fyrir útleð yfir í mótun hreinnar eingyðingstrúar, eftir útleð, þ.e. afneitun á tilvist nokkurra annarra guða en Jahve. Dominik Markl¹⁹⁹ rýnir í grein sinni í sálfræðilegar og félagsfræðilegar áfallarannsóknir til að álykta að babýlónska útleðin birtist í nokkrum útleðartextum Biblíunnar sem „menningarlegt áfall“, hann telur að í riti Jesaja annars endurspeglar það vel og hafi leitt til þess að þjóðin tók upp eingyðistrú. Í ljósi þessa telur hann því mega lýsa babýlónsku útleðinni sem „fæðingaráfalli“ (e. *Birth trauma*) eingyðistrúar. “Þá mun dýrð Drottins birtast og allt hold sjá það samtímis því að Drottinn hefur boðað það” (Jes 40.5). Þessi orð telur Markl geta gefið til kynna að „opinberun, gnægð dýrðarinnar, komi aðeins til vegna útleðinnar, í gegnum þessa gífurlega löngu og erfiðu ferð.“ Þó að þessi rök gefi ekki til kynna að viðbrögð við menningarlegu áfalli hafi

¹⁹⁷ Markl, Dominik. „The Babylonian Exile as The Birth Trauma of Monotheism.“ *Biblica*. 2020, bls. 14.

¹⁹⁸ Rannsókn David Janzen í bók sinni *Violent Gift* (2012) um Deuterónómsku söguritin færir rök fyrir því að minningarnar í kringum „trámatísku“ atburði babýlónsku herleiðingarinnar/útleðarinnar hafi þröngvað sér inn í vitund eftirlifenda í frásögnum ritanna, frá 5. Mósebók til Síðari Konungabókar. Í rannsókninni kemst hann að þeirri niðurstöðu að slík „innrás“ hnekkir í raun þeirri ríkjandi skýringu að útleðin hafi verið guðleg refsing fyrir synd.

¹⁹⁹ Dominik Markl er prófessor í ritskýringu Gamla testamentisins við Biblíustofnun Páfagarðs í Róm.

verið eina ástæðan fyrir tilkomu eingyðistrúar, bendi greining meðal annars á textum huggunarspámannsins til þess að það gæti vel verið aðalástæðan.

Samlíkingin við fæðingaráfall gefur til kynna að „barnið“, eingyðistrúin hafi orðið fyrir sálrænum áverka við fæðingu sem skildi eftir sig langtímaafleiðingar. Hinar áhrifamiklu lýsingar spámannsins á guðdómlega stríðsmanninn sem „hljóðar eins og kona í barnsnauð, stynur og stendur á öndinni.“ (Jes 42.13-14) mætti lesa sem myndlíkingu fyrir fæðingarkrampa nýrrar guðfræði sem hrópar á almáttugan, hinn eina sanna frelsara.²⁰⁰

Þá benda samtíma rannsóknir á hliðstæður milli þeirra vandamála sem mæta flóttafólki²⁰¹ nútímans og þeirra sem flutt voru í útlegð af Babýlóníumönnum. Það hefur og verið staðhæft að önnur kynslóð þeirra sem lifðu af herleiðinguna til Babýlon hafi tekið í erf tilfinninguna um skömm hinnar sigruðu þjóðar sem hafnað hafi verið af Guði sínum.²⁰² En tilfinningalega hlaðið orðalag um heiður og skömm kemur víða fyrir í ritinu og bendir til þess að ósigurinn við babýlónsk yfirráð hafi haft afdrifaríkar sálfræðilegar afleiðingar fyrir þjóðina. (Jes 41.11; 42.17; 45.16-17).²⁰³

Fólk sem hefur hrakist á flótta vegna margskonar ofbeldisatburða, upplifir oft en ekki sálræn, líkamleg og félagsleg vandamál. Júdamenn sem sendir voru í útlegð eftir grimmilega yfirtöku babýlónskra yfirráða yfir Jerúsalem voru fórnarlömb stefnu stjórnvalda um nauðungarflutninga í hernaðarlegum og pólitískum tilgangi. Það er því mögulegt að samtíma rannsóknir á sálrænum erfiðleikum sem mætir fólki á flótta geti einnig átt við fórnarlömb babýlónsku útlegðarinnar.²⁰⁴ William S. Morrow²⁰⁵ ályktar að

²⁰⁰ Markl, Dominik. „The Babylonian Exile as The Birth Trauma of Monotheism.“, bls. 24-25.

²⁰¹ Flóttamaður er í hefðbundnum skilningi, manneskja sem hefur flúið heimaland sitt vegna ofsókna, stríðsátaka eða ofbeldis. En í hverjum heimshornshluta eru stjórnvöld, herir og uppreisnarhreyfingar sem hafa einnig gripið til þess ráðs að færa fólk með valdi til að ná yfir pólitískum og hernaðarlegum markmiðum. Sjá: Morrow, William S, bls. 80.

²⁰² Morrow, William S. „Comfort to Jerusalem: The Second Isaiah as Counselor to Refugees“, *Biblical Theology Bulletin* 2004, bls. 80–86.

²⁰³ Markl, Dominik. „The Babylonian Exile as The Birth Trauma of Monotheism.“, bls. 21.

²⁰⁴ Grein Morrow byggist m.a. á vinnu meðferðaraðila fórnarlamba sem upplifað hafa stríð, pyntingar og pólitískar kúgun, til að öðlast innsýn í einhver einkenna sem útlægir Júdamenn gætu hafa þjáðsts af: Sjá: Van der Veer, Guus. *Counselling and Therapy With Refugees and Victims of Trauma. Psychological Problems of Victims of War, Torture and Repression*. 2nd ed. Chichester, UK/New York, NY: John Wiley & Sons.

²⁰⁵ William S. Morrow er prófessor í hebresku og hebreskri ritningu við guðfræðideild háskólans í Toronto, Kanada.

sálræn neyð útlaganna hafi verið huggunarspámanninum innblástur. Tilgangur skrifa Jesaja annars hafi verið löngunin til að horfast í augu við heilkenni sálrænna áfalla sem hafði haft djúpstæð áhrif á sjálfsmynd útlaganna og bregðast við þeim við skrifum sínum.²⁰⁶ Meirihluti þeirra sem ávarpaðir eru í öðrum Jesaja voru að öllum líkindum önnur kynslóð útlaga.²⁰⁷ Morrow telur að áfallasaga þjóðarinnar hafi varðveist í litúrgíu harmsins, sem meðal annars má finna í harmsálmum Saltarans,²⁰⁸ sem eru í eðli sínu ákall um hjálp úr nauðum, en þar sem harmurinn og litúrgía hans hafi ekki verið fær um að breyta ástandinu þá hafi útlagarnir upplifað það svo að bænum þeirra væri ekki svarað. Guð þeirra virtist því vanmáttugur eða fjarlægur og sú tilfinning varð ekki til að auka á hugrekki útlaganna.²⁰⁹

Áfallasaga getur erfst til næstu kynslóða, eins og við getum séð t.d. af rannsóknum frá eftirlifendum helfararinnar. Það er margt sem gefur til kynna að brotin sjálfsmynd útlaganna sem upplifðu þjáningarnar í Júda af eigin reynslu hafi einnig haft gríðarleg áhrif á sjálfsmynd þeirra sem á eftir komu. Í þeim tilfellum er það því ekki reynslan sjálf af áfallinu heldur frásögnin sem byggðist upp í kringum áfallareynsluna sem hefur áhrif á aðlögunarferlið. Önnur kynslóð hinna útlægu í Babýlon bjó yfir frásögn þar sem sameiginlega sjálfsmynd þeirra byggðist á ímynd fórnarlambins. Það var sameiginleg saga þeirra sem „hin sigraða Ísrael, sem hafnað hafði verið af Guði.“

Morrow telur að þetta sameiginlega áfall hafi verið miðlað áfram til næstu kynslóða, þegar minningum fyrri kynslóða var miðlað áfram í helgihaldinu með harmsálmum með þeim afleiðingum að það viðhélt brotinni sjálfsmynd hópsins. Morrow telur að við getum ályktað að áfallasaga hins útlæga Ísraels hafi verið mikil í trúarvitund hennar vegna þess að tengsl huggunarspámannsins við bókmenntir og helgisiði harmsins er umfangsmikil. Kvartanir og kveinstafir Ísraels í gegnum ljóð huggunarspámannsins, benda til öflugrar

²⁰⁶ Morrow, William S. „Comfort to Jerusalem: The Second Isaiah as Counselor to Refugees.“, bls. 80.

²⁰⁷ Morrow bendir á að lífsskeið manneskjunnar í kringum 540 f. Kr. hafi verið um fjörutíu ár. Við getum staðsett rit huggunarspámannsins u.þ.b. 50 árum eftir að fyrsta kynslóð útlaganna frá Júda var flutt til Babýlon, þar af leiðandi ólíklegt að það fólk hafi enn verið á lífi. Sjá: Morrow, bls. 82.

²⁰⁸ Það er eftirtektarvert að engin tegund (*Gattung*) sálma Saltarans hefur að geyma jafn marga sálma og sú tegund sem flokkast sem harmsálmar. En um þriðjungur allra sálmannanna er yfirleitt flokkaður sem harmsálmar. Þekktasti sálmurinn sem vísar beint til útleðarinnar er Slm 137 en margt bendir til að margir aðrir sálmar hafi fall Júda og Jerúsalem sem og útleðina að baksviði.

²⁰⁹ Sama heimild, bls. 81.

áfallasögu í vitund hinna útlægu sem hafði afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjálfsmynd þeirra sem þjóð Jahve. Þá má einnig túlka þónokkrar myndlíkingar í ljóðum hans um króníska áverka sem eftirlifendur höfðu hlotið vegna alvarlegs áfalls. Upplifun ofbeldis breytir venjulega tilfinningu manneskjunnar fyrir sjálfum sér og heiminum. Sjálfstraustið minnkar og heimurinn er talin minna öruggur og veröldin skortir merkingu. Merkingarmissir getur leitt til langvarandi einangrunar og andlegs vanmáttar. Manneskjan upplifir skömm sem leiðir af sér skaðlegar hugmyndir um sjálfið.²¹⁰ Það var því nauðsynlegt fyrir spámanninn að koma fram með boðskap sem talaði inn í sjálfsniðurrif þjóðarinnar sem tengdist hinni sameiginlegu brotnu sjálfsmynd. Svar huggunarspámannsins inn í slíka svartsýni var að ávarpa Ísrael sem þjón Jahve (42.1-12).

Þó að einstaklingar sem verða fyrir áfalli losni aldrei algjörlega við þær truflanir sem áfallið olli, er hægt að draga verulega úr einkennum áfallsins. Eftir sameiginleg áföll geta ný félagsleg tengsl og sameiginleg sjálfsmynd myndast, jafnvel þótt þau séu verulega frábrugðin því sem var á undan áfallaátburðinum. Lykilatriðið fyrir einstaklingsbundinn og sameiginlegan bata er uppbygging áfallasögunnar, sem er ferli sem notar táknræna framsetningu til að túlka áfallaátburðinn með bæði gerendum og þolendum sem viðriðnir eru áfallið. Minning atburðanna getur verið umdeild, brengluð og að einhverju leyti óaðgengileg meðvitundinni. En þar sem áfallafrásögnin miðar að því að fjalla um grundvallarviðhorf, trú og sjálfsmynd með tilfinningalegum hætti, getur hún birst í ljóðum, skáldskap, leiklist eða helgisiðum. Árangur þeirra veltur minna á því að segja frá áfallaátburðinum af hlutlægri nákvæmni heldur frekar að tjá merkingu atburðanna með því að virkja tilfinningar og minni með orðum og annarri tjáningu. Þó að áfallafrásagnir kunni að vekja tilfinningu fyrir ógn sem skapaðist af áfallinu, veita ljóðrænar eiginleikar frásagnarinnar fjarlægð frá ógninni og draga þannig úr krafti hennar til að yfirbuga.

Áfallafrásögn miðar á ýmsan hátt að því að lýsa merkingu atburðanna fyrir sjálfsmynd þeirra sem lifðu af og grundvallarviðhorfi þeirra, á þann hátt sem hljómar vel fyrir þeim sem og annarra sem heyra. Því er mikilvægt að tala um „merkingargerð“ (e. *meaning-making*) sem ferli frekar en ákveðinnar niðurstöðu, því merkingin er einnig ferli í sjálfu sér sem er margþætt, breytileg og ótæmandi. Það er nauðsynlegt að skapa öruggt umhverfi

²¹⁰ Morrow, William S. „Comfort to Jerusalem: The Second Isaiah as Counselor to Refugees.“, bls. 82.

fyrir þau sem upplifað hafa áfall þegar kemur að því að rifja upp erfiðar minningar og tilfinningar sem tengjast áfallinu. Líklegt er að grundvallarviðhorf þeirra og trú hafi skekkst við áfallið og rýrt traust þeirra á eigin skynjun á raunveruleikanum, þar með talið tilfinningu þeirra fyrir hvað er rétt eða rangt, og því geta hlustendur þjónað sem áttaviti til að túlka áfallaáburðinn.

Bati frá sameiginlegum áföllum felur í sér að skapa samstöðu og sjálfsmýnd hópsins. Sameiginleg áfallafrásögn túlkar þjáningarupplifun hópsins til enduruppbyggingar nýrrar sjálfsmýndar sem sameinar hópinn og tengir hann einnig við breiðari áheyrendahóp. Þær virka sem nýjar höfuðfrásagnir sem bæði lýsa og gera grein fyrir orsökum sársaukans sem ákveðinn hópur verður fyrir. Sköpun slíkra frásagna felur í sér flókið táknrænt ferli sem er viðkvæmt, umdeilt og stundum mótsagnakennt. Þær geta verið settar fram af sameiginlegum aðilum innan samfélagsins, hverjum með sína hagsmuni að leiðarljósi og félagslega stöðu sem leitast bæði við að fá hóp hinna þjáðu til að samþykkja frásögnina en einnig að sannfæra breiðari áheyrendahóp um tengsl hans við hina þjáðu. Geta frásagnarinnar til að veita sannleika bæði hjá hópi hinna þjáðu sem og breiðari áheyrendahópi ákvarðar að hve miklu leyti henni tekist að breyta sameiginlegri sjálfsmýnd.²¹¹

Áfallaeinkenni er hægt að vinna með í meðferðarúræðum, eins og því að reyna að endurskapa hugmyndir sem tengjast sjálfsmýnd og heimsmynd manneskjunnar með frásögn. Hliðstæðar tilraunir við slíka endursköpun eru sýnilegar í ljóðum huggunarspámansins. Því telur Morrow að megi fullyrða að ein af megin köllun spámansins sé að endurskapa hinum útlægu nýja sjálfsmýnd og nýja sýn á guð Ísraels. Í gegnum hinar ýmsu tegundir ljóða, sem boða frelsi, huggun og fyrirgefningu (Jes 40.1-2) af mikilfenglegum og voldugum Guði alheimsins (45.5-8) er lofað að þjóna Ísrael sem hefur upphafið örlögin í guðlegu kerfi (41.8-13; 42.1-4). Í kjölfarið voru flóttamenn frá Júda og Jerúsalem kallaðir til að fagna tækifæris til nýs exodusar, í líkingu við frelsun

²¹¹ Frechette, Christopher G. „The Old Testament as Controlled Substance: How Insights from Trauma Studies Reveal Healing Capacities in Potentially Harmful Texts.” *Interpretation*, vol. 69, no. 1, janúar 2015, bls. 28-29. doi:[10.1177/0020964314552624](https://doi.org/10.1177/0020964314552624)

forfeðranna út ánauðinni í Egyptalandi forðum (43.1-8).²¹² Babýlon verður sigruð (47.1-15) pólítískur Messías er nálægur (45.1-6) heimferðin verður auðveld og stórfengleg (42.12-20) og jákvæðar hliðar á því að vera þjónn Guðs eru dregnar fram á sjónarsviðið. Tími refsinga er liðinn og dýrðlegri framtíð er lofað (52.1-12).²¹³

5.4. *Ályktanir*

Undanfarna áratugi hefur aukinni athygli verið beint að áföllum sem erfast milli kynslóða en rannsóknir sem gerðar hafa verið á afkomendum eftirlifenda helfararinnar hafa staðfest með afgerandi hætti að áfallasaga og áfallaviðbrögð geta sannarlega erfst á milli kynslóða. Aðrar rannsóknir á þessu sviði sem gerðar hafa verið í mörgum ólíkum menningarheimum, sýna fram á sömu niðurstöðu. Það má einnig sjá söguleg áföll endurspeglast í bókmenntum, ekki bara þeirra sem sjálf upplifðu slík áföll heldur einnig í annarri, þriðju og síðari kynslóðum, afkomenda þeirra sem voru „þolendur“ áfallsins.

Fyrir rúmum 2.500 árum síðan var sjálfum lífsgrundvelli Ísraelsþjóðar svipt burt í einu vetfangi og drjúgur hluti þjóðarinnar fluttur í ánauð til framandi lands. En það merkilega var að fólkið glataði aldrei trú sinni og ýmis rit hins Gamla testamentis urðu einmitt til meðal útlaganna í Babýlon þar sem þeir iðkuðu áfram trú sína í framandi landi. Og sá spámaður sem talar í köflum 40-55 í Jesajaritinu boðaði huggun og von og heimferð og sú boðun og sá spádómur rættist er Kýrus Persakonungur gaf þjóðinni heimfararleyfi 538 f. Kr. og rúmum 20 árum síðar hafði nýtt musteri verið reist í Jerúsalem (515 f. Kr.). Það breytir ekki þeirri staðreynd að umsátrið, eyðileggingin og útleigðin til Babýlon (597/587 f. Kr) var bæði sameiginlegt og alvarlegt menningarlegt áfall fyrir þjóðina sem hafði langvarandi eftirmála til næstu kynslóða. Frásögn áfallatburðanna varðveittust í bókmenntum þjóðarinnar og varð mótandi þáttur í að skilgreina nýja sameiginlega sjálfsmynd Ísraels sem og guðfræði þjóðarinnar, bæði á síðari hluta útleigðartímans og eftir útleigð.

²¹² Sjá nýja grein Gunnlaugs A. Jónssonar, Gangir þú gegnum vötnin... Jesaja 43.1-7 í ljósi exodusstefja og viðbragða huggunarspámannsins nafnlausu við áfallastreitu útlaganna í Babýlon. *Ritröð Guðfræðistofnunar* 53, 2021, bls. 25-36.

²¹³ Morrow, William S. „Comfort to Jerusalem: The Second Isaiah as Counselor to Refugees.“, bls. 85.

Það fer ekki framhjá neinum að texti huggunarspámannsins verður til í samfélagi fólks sem hafði upplifað áfall. Allt sem hafði gefið lífi þeirra merkingu hafði verið frá þeim tekið. Eins og hefur komið fram var missir hinna útlægu ekki aðeins fólgin í því að hafa upplifað mikið ofbeldi, missi ættingja og vini vegna árása Babýloníuhers heldur má gera ráð fyrir að heimsmynd þeirra hafi verið sett á hvolf. Grundvöllur trúar þeirra hafði verið tekin frá þeim, þar sem heilagleiki Síonar/Jerúsalem og mustersins helga þar sem Guð var miðlægur og áþreifanlegur, var ekki lengur til staðar. En nú hafði þjóðin beðið algjöran ósigur og eðlilega vögnuðu þá spurningar, hvort að Guð þeirra hafði verið sigraður? Hvernig átti þjóðin núna að rækta trú sína fjarri hinni helgu borg?

Huggunarspámaðurinn boðar nýja tíma með fjölbreyttu tungutaki og fallegu myndmáli sem hefur mikla sérstöðu innan bóka Biblíunnar. Umfjöllunarefni textans veita okkur dýrmæta innsýn í sálarlíf hinna útlægu en ekki síst hæfni huggunarspámannsins til að koma boðskapnum á framfæri með því að setja trúarhefðir þjóðarinnar í nýtt samhengi sem talaði körfuglega og með áhrifamiklum hætti inn í aðstæður hinna útlægu í Babýlon.

VI Hluti: Samantekt og niðurstaða

Í fyrsta hluta þessarar ritgerðar kynnti ég verkefnaýsingu, markmið og aðferðafræði þessarar ritgerðar og lagði upp með rannsóknarspurninguna hvort að hægt er að greina sálræn einkenni áfalls og/eða merki um vöxt í kjölfar áfalls í útleðartextunum, Slm 137 og Jes 40. 1-11, með sjónarhorni áfallarannsóknna og hvernig þessir útleðartextar Biblíunnar geti talað inn í aðstæður jaðarsettra samfélagshópa og fólks sem er á flótta í heiminum í dag.

Í öðrum hluta var stiklað á sögu Ísraelsþjóðar til þess að varpa ljósi á þær áskoranir sem höfðu mætt þjóðinni og til að draga upp mynd af sjálfsmynd þjóðarinnar og trúarhugmyndir fram að útleðinni til Babýlon. Þjóðin hafði gengið í gegnum margar þrengingar, fram að falli Jerúsalem sem leiddi til klofnings þjóðarinnar þegar hluti hennar var sendur í útleð til Babýlon. Það er ekki nokkur vafi að þessir atburðir hafi verið áfall fyrir þjóðina og hafði þau áhrif að heimsmynd þjóðarinnar, grundvallarviðhorf hennar, var sett á hvolf.

Þverfaglegar rannsóknir hafa nýst biblíulegum textatúlkunum til að varpa ljósi á forna texta og þess samfélags sem þeir eru skapaðir í. Daniel Smith-Christopher hefur nálgast textatúlkun í ritum Biblíunnar með aðstoð slíkra rannsókna, sérstaklega þá texta sem urðu til meðal útlaganna í Babýlon. Smith-Christopher telur að vænlegasta leiðin til að skilja textann í samhengi útleðar er að endurbyggja heimsmynd hinna útlægu, með því að skoða rannsóknir sem gerðar hafa verið á undanförunum áratugum á þau sem hafa kynnst útleð. Þar kemur fram að útleð er upplifun krísuástands sem hefur áhrif á lífsafkomu allra þeirra sem eru, eða upplifa sig, í útleð frá heimalandi sínu. Hinir útlægu upplifa sig í fjarlægð frá rótum sínum, landi og fortíð sinni.

Útleðarhugtakið hefur hér verið skoðað í ljósi sögulegs og guðfræðilegs atburðar sem var fall Jerúsalem og útleð Júdamanna. En útleðarhugtakið nær einnig yfir öll þau sem upplifað hafa útleð, svo sem vaxandi fjölda þeirra sem eru í útleð í dag, fólks á flótta, fólk sem flyst á milli landa, jaðarsettra hópa, og þeirra sem upplifa sig í útleð frá samfélaginu vegna þess að heimsmynd þeirra hefur verið sett á hvolf.

Sálfræðirannsóknir hafa staðfest að áfallafrásögnin hafi reynst vel sem meðferðarúrræði eða úrvinnsla í batarferli. Á sama hátt er máttur frásagnarinnar (e. *narrative*) mikill þegar kemur að enduruppbyggingu sjálfsmyndar. Smith-Christopher bendir á samanburðarrannsóknir sem gefa til kynna að leit hinna útlægu til að endurskapa brotið líf sitt í frásagnarformi, felst oft í því að líta á sig sem hluta af sigursælli hugmyndafræði eða endurreistum hópi. Slík saga hefur það hlutverk að setja saman brotna sögu útleğðar aftur í nýja heild.

Í þriðja hluta færast athyglin yfir á áfallarannsóknir þar sem frekar ítarleg yfirferð var á sögu og þróun áfallakenninga og hvernig þær hafa á síðustu árum nýst sem þverfagleg nálgun innan fjölbreyttra fræðasviða. Hörmungar síðustu aldar og rannsóknir á afleiðingum þeirra hafa gefið okkur aukna innsýn í hugarheim manneskjunnar og viðbrögðum hennar við áföllum. Á undanförunum áratugum hafa guðfræðingar notað áfallakenningar (e. *Trauma theories*) sem verkfæri til að öðlast dýpri innsýn í suma erfiðustu og sársaukafyllstu texta Biblíunnar. Þær gefa okkur ekki aðeins betri innsýn í þær aðstæður sem textarnir voru skapaðir í, heldur opna leiðir fyrir nýjar túlkanir sem nýtast einnig öðrum sviðum. Þannig geta rannsóknir á fornum textum mögulega gefið vísbendingar um áhrif áfalla á hið forna samfélag sem veitir einnig nútímarannsakendum nýtt sjónarhorn til að skilja áföll og viðbrögð við þeim.

Í kenningu sinni leggur Jeffrey Alexander sérstaka áherslu á hlutverk frásagnarinnar í mótun nýrrar sameiginlegrar sjálfsmyndar samfélaga þegar kemur að áfallaviðbrögðum og áhrifum þeirra á hópa sem upplifað hafa atburði sem skekið hafa samfélagið. Hann ályktar að það sé ekki atburðurinn sjálfur sem veldur skelfingu heldur er það áskorunin í merkingu atburðarins. Það er hlutverk burðarhópsins (e. *carrier group*) að skilgreina atburðinn sem áfall og gefa þar með áfallasögunni líf, svo að til verður ný höfuðfrásögn (e. *master narrative*). Þannig hefur frásögnin, meðvitað eða ómeðvitað, eflaust verið mörgum bjargráð í tímans rás til að reyna að finna merkingu í óréttlátum heimi.

Í fjórða hluta beinum við sjónum okkar að einum þekktasta sálmi Saltarans, Slm 137 sem veitir okkur innsýn í líf hinna útlægu í Babýlon og andlegt ástand þeirra. Babýlónska útleğðin sem menningarlegt áfall Ísraelsþjóðar, hafði áhrif á sameiginlega sjálfsmynd þeirra. Sálmurinn lýsir mannlegum tilvistarspurningum um hvers vegna saklausir þjást.

Sálmurinn talar einnig inn í aðstæður þeirra sem eru í útlegð frá heimalandi sínu og/eða þeirra sem upplifa að heimsmynd og grundvallarviðhorf þeirra hefur verið sett á hvolf. Þannig talar sálmurinn enn inn í aðstæður minnihlutahópa í samfélaginu okkar í dag, hinna kúguðu og jaðarsettu sem upplifa sig án raddar.

Christopher Frechette ályktar að ofbeldisfullt bænarákall sálmsins geti reynst úrvinnsluleið hjá þolendum áfalla, bæði í okkar samtíma og einnig í hinum forna heimi. Hann segir að flutningur slíkra sálma geti stuðlað að því að bæði muna og syrgja áfallareynsluna. Þar sem að minni þolenda getur brenglast við áfall, getur þessi nálgun því verið leið til úrvinnslu og bata.

Frá sjónarhorni áfallarannsókna og vonar um eflingu og vöxt í kjölfar áfalls má skynja í tungumáli sálmsins einkenni sem hafa leitt höfund sálmsins til þess að orða áfallið og þá skelfilegu atburði sem hent hafði þjóðina og því sem hún hafði orðið vitni að. Judith Herman segir að þrjú grundvallarverkefni í batarferlinu eru að finna öryggi, að minnast og syrgja áfallið og að tengjast aftur hefðbundnu lífi. Christopher Frechette telur að hlutverk ofbeldismyndmálsins í Slm 137 gegn óvinum, geri ráð fyrir að einhver öryggistilfinning hafi verið staðfest. Hann segir að tjáning reiði og hefndarhugsana feli í sér að erfiðum tilfinningum er komið í heilbrigðan farveg, fái einstaklingurinn öruggt rými til þess að tjá þær. Þá getur það einnig haft þau áhrif að manneskjan finni von og vöxt, skynji hún að hægt er að rétta af skekktu heimsmyndina sem varð til í áfallinu. Xi Li ályktar að niðurlag Slm 137 sé ekki eins hræðilegt til túlkunnar eins og margir telja heldur beri vitni um sálrænan vöxt höfundar eftir áfall og lýsir jafnframt trú höfundar um réttlátan Guð sem lagfæri ranglæti heimsins. Ofbeldisfullt bænarákall til Guðs feli því í sér traust á Guð sem mun koma jafnvægi á heiminn á ný.

Eliana Ah Rum Ku, bendir á hlutverk Slm 137 þar sem harmakvein sé ákall hinna kúguðu að réttlátara samfélagi. Hún bendir á mikilvægi þess að túlkendur líti ekki fram hjá sársaukanum, reiðinni og mótstöðunni í sálminum og fari beint í að túlka vonina. Heldur telur hún að Slm 137 tali inn í aðstæður okkar í dag og geti vísað okkur leiðina að réttlátara samfélagi sem felst í því að husta á harm hinna þjáðu og kúguðu og veita þeim rými til að segja sögu sína og láta reiði sína í ljós með því að benda á óréttlætið sem þau hafa orðið fyrir.

Í fimmta hluta beinist athyglin frá harmi til huggunar þegar við rýnum í boðskap huggunarspámansins. Þar fáum við innsýn inn í aðstæður annarrar kynslóðar hinna útlægu í Babýlon. Hinir útlægu virðast hafa haft djúpa þörf fyrir að finna ástæðu fyrir hörmungunum, en tilfinningar gremju, sorgar og reiði má sjá víða í útleðartextum Biblíunnar. William S. Morrow telur að (Jes 40-55) varpi ljósi á það hvernig áfallasaga erfist til næstu kynslóða. Þar sem önnur kynslóð hinna útlægu í Babýlon bjó yfir frásögn þar sem sameiginlega sjálfsmynd þeirra byggðist á ímynd fórnarlambins sem hafði verið hafnað að Guði. Morrow telur að þetta sameiginlega áfall hafi verið miðlað áfram til næstu kynslóða, meðal annars með flutningi harmsálma í helgihaldinu. Áfallasaga hinna útlægu hafi því verið mikil í trúarvitund þeirra, sem hafði afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar.

William S. Morrow telur að mikil ógn hafi steðjað að þjóðinni vegna merkingarmissis og því var nauðsynlegt fyrir spámanninn að koma fram með boðskap sem talaði inn í sjálfsniðurrif þjóðarinnar sem tengdist hinni sameiginlegu brotnu sjálfsmynd. Með því að endurskapa hugmyndir sem tengjast sjálfsmynd og heimsmynd manneskjunnar með frásögn telur Morrow að megi fullyrða að ein af megin köllun spámansins hafi verið að endurskapa hinum útlægu nýja sjálfsmynd og nýja sýn á Guð Ísraels með því að boða huggun, fyrirgefningu og frelsi.

Þá ályktar Dominik Markl að í riti huggunarspámansins séu góðar vísbendingar sem benda til þess að menningaráfallið sem þjóðin varð fyrir vegna útleðarinnar hafi leitt til þess að þjóðin tók upp eingyðistrú. Því lýsir hann útleðinni sem „fæðingaráfalli“ eingyðistrúar.

Niðurstaða: Undanfarna áratugi hefur túlkunarfræði Biblíunnar þróast í gegnum samtal við mismunandi fræðigreinar. Þar hefur áfallafræðin komið sterk inn sem nýtt sjónarhorn til þess að lesa og túlka biblíutexta. Þessi nálgun býður upp á skapandi lestur og túlkanir. Það mætti vel skoða spádómstexta annars Jesaja sem sögu eftirlifenda (e. *survivor literature*) og bæði Slm 137 og Jes 40-55 sem frásögn hamfarasamfélags. Útleðartextar Biblíunnar eru áfallabókmenntir.

Spurningin sem ég lagði upp með var hvort að hægt væri að sjá sálræn einkenni áfalls eða vöxt í kjölfar áfalls í þessum tveimur útleðartextum Biblíunnar. Ég dreg þá ályktun af því sem fram hefur komið að það séu greinilegar vísbendingar um sálræn einkenni áfalls, bæði í Slm 137 og einnig í riti annars Jesaja (Jes 40-55). Áfallaeinkenni sem Júdamenn upplifðu í kjölfar umsátursins og yfirtöku babýlónskra yfirráða í Júda og Jerúsalem eru áberandi í Slm 137. Áfallasagan lifði áfram í annarri kynslóð eftirlifenda þeirra, sem sjá má í texta annars Jesaja.

Textarnir endurspegla merkingarleit þjóðar í leit að nýrri sjálfsmynd eftir að hafa upplifað menningarafall sem hafði áhrif á sameiginlega sjálfsmynd þjóðarinnar. Það má einnig draga þá ályktun að með útleðinni í Babýlon öðlaðist Ísraelsþjóðin nýja höfuðfrásögn um trú og traust á að Jahve væri Guð sem myndi safna hinum útlægu saman og leiða þá heim, sem varð hin nýja endurskapaða sjálfsmynd þjóðarinnar.

Allar manneskjur sem upplifað hafa útleð, hvort sem það er vegna þess að þær hafa þurft að flýja heimaland sitt eða verið flutt þaðan nauðug en einnig fólk sem upplifir sig í útleð af öðrum ástæðum, tel ég að geti fundið samsvörun í reynslu sinni og tilfinningum þeim sem lýst er í útleðartextunum. Manneskjan er að mörgu leyti söm við sig gegnum aldirnar og ekki þarf að koma á óvart að viðbrögðin við áföllum séu ekki svo ólík. Hér hefur því verið haldið fram og það stutt með fjölmörgum dæmum að áfallarannsóknir í nútímanum geti með margvíslegu móti varpað ljósi á hina fornu texta frá tímum babýlónsku útleðarinnar. Þeir geti að skapi verið ákveðið leiðarljós fyrir það fólk sem upplifir áföll og útleð í samtíð okkar.

Reykjavík, 10. janúar 2022

Ása Laufey Sæmundsdóttir

Heimildaskrá:

AHN, JOHN. "Psalm 137: Complex Communal Laments." *Journal of Biblical Literature*, vol. 127, no. 2, 2008, bls. 267–289. *JSTOR*, www.jstor.org/stable/25610120. (Sótt 31. 12.2021)

Ackroyd, Peter. R. *Exile and Restoration: A Study of Hebrew Thought of the Sixth Century BC*. London: SCM Press LTD, 1968.

Alexander, Jeffrey C. *Trauma. A Social Theory*. Cambridge, UK: Polity Press, 2012.

Anderson, A.A. *The Book of Psalms, Vol II (73-150): The New Century Bible Commentary*. England: Marshall, Morgan & Scott, 1981.

Anderson, G.W. *The History and Religion of Israel: Vol I*. Oxford: Oxford University Press, 1966.

Armstrong, Karen. *The Bible. A Biography*. New York: Atlantic Monthly Press, 2007.

Arnold-de Simine, Silke. „Trauma and Memory.“ Kurtz, Roger J. (Ritstj.) *Trauma and Literature*. Cambridge: Cambridge University Press. 2018, bls. 140-152.

Bíblían. Heilög ritning: Gamla testamentið ásamt Apókryfu bókunum. Nýja testamentið. Reykjavík: Hið íslenska biblíufélag & JPV útgáfa, 2007.

Becker, Eve-Marie „Trauma Studies and Exegesis: Challenges, Limits and Prospects“., Becker E-M, Doehorn Jan, Holt Else Kragelund (Ritstj.) *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 15-29.

Brueggemann, Walter. *Isaiah 40-66*. Louisville: Westminster John Knox Press, 1998.

Brueggemann, Walter. *Cadences of Home: Preaching Among Exiles*. Louisville: Westminster John Knox Press, 1997.

Brueggemann, Walter. *Reverberations of Faith: A Theological Handbook of Old Testament Themes*. Louisville: Westminster John Knox Press. 1982.

Carr, David McLain. *Holy Resilience: The Bible's Traumatic Origins*. New Haven & London: Yale University Press, 2014.

Calhoun, L.G. & Tedeschi, R.G. (Ritstj.) *The Handbook of Posttraumatic Growth: Research and Practice*. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates Publishers, 2006.

Durham, John I. *Exodus: World Biblical Commentary, Vol 3*. Waco, Texas: World Books, Publishers, 1987.

Erikson, Kai. *A New Species of Trouble: Explorations in Disaster, Trauma and Community*. New York: Norton, 1994.

- Eve-Marie Becker, Jan Dochhorn, and Else K. Holt, eds., *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond* Göttingen: Vandenhoech & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014.
- Frankl, Viktor E. *Leitin að tilgangi lífsins*. Ísl. þýðing: Hólmfríður K. Gunnarsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006.
- Frechette, Christopher G. „The Old Testament as Controlled Substance: How Insights from Trauma Studies Reveal Healing Capacities in Potentially Harmful Texts.” *Interpretation*, vol. 69, no. 1, Jan. 2015, bls. 20–34, doi:[10.1177/0020964314552624](https://doi.org/10.1177/0020964314552624).
- Frechette, Christopher G. „Destroying the Internalized Perpetrator: A Healing Function of the Violent Language Against Enemies in the Psalms.” Dochhorn, Jan Holt, Else Kragelund (Ritstj.). *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 71-84.
- Garber, David G. „Trauma Theory and Biblical Studies.” *Currents in Biblical Research*, vol. 14, no. 1, október, 2015, bls. 24–44, doi:[10.1177/1476993X14561176](https://doi.org/10.1177/1476993X14561176). (Sótt 31.12.2021)
- Gunkel, Hermann. „Psalm 137: An Interpretation.” *The Biblical World*, október, 1903, Vol. 22, no. 4, bls. 290-293. The University of Chicago Press. <http://www.jstor.org/stable/3141272> (Sótt 31.12.2021)
- Gunnlaugur A. Jónsson. *Áhrifasaga Saltarans*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014.
- Gunnlaugur A. Jónsson. „Hvöldardagur í stað musteris“, *Kirkjuritið*, 1993, 3. hefti. 59 árg. Reykjavík.
- Gunnlaugur A. Jónsson. „Hátign kemur til hjálpar. Heilagleikahugtakið í Jesaja 40–55 í ljósi notkunar þess í eldri hlutum ritsins”, *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 43/2016, bls. 1-12.
- Gunnlaugur A. Jónsson. Gangir þú gegnum vötnin... Jesaja 43.1-7 í ljósi exodusstefja og viðbragða huggunarspámannsins nafnlausu við áfallastreitu útlaganna í Babýlón. *Ritröð Guðfræðistofnunar* 53, 2021, bls. 25-36.
- Grogan, Geoffrey W. *Psalms*. Michigan: William B. Eerdmans Publishing Company, 2008.
- Hanson, Paul D. *Isaiah 40-60: Interpretation. A Bible Commentary for Teaching and Preaching*. Louisville: Westminster John Knox Press, 1995.
- Herman, Judith L. *Trauma and Recovery*. New York: Basic Books, 1992.
- Heffelfinger, Katie M. „Isaiah 40-66.“ Tiemeyer, Lena Sofia. (Ritstj.) *Oxford Handbook of Isaiah*. New York: Oxford University Press. 2020, bls. 111-127.
- Janzen, David. *The Violent Gift: Trauma's Subversion of the Deuteronomistic History's Narrative*. London: Bloomsbury, 2012.

- Kamionkowski, Tamar. "Trauma, Identity Formation, and Anxiety." *AJS Perspectives*, spring 2015, The Anxiety Issue, perspectives.ajsnet.org/the-anxiety-issue-spring-2015/trauma-identity-formation-and-anxiety/ (Sótt 31.12.2021)
- Lee, K A et al. "A 50-year prospective study of the psychological sequelae of World War II combat." *The American journal of psychiatry* vol. 152, no. 4, 1995, bls. 516-22, doi:10.1176/ajp.152.4.516. (Sótt 31.12.2021)
- Margrét Blöndal. „Áfallastreituröskun og langvinnar afleiðingar.“ Sálgæsla, Endurmenntun HÍ, haust 2019.
- Markl, Dominik. „The Babylonian Exile as the Birth Trauma of Monotheism.“ *Biblica*, vol. 101, no. 1, 2020, bls. 1-25, doi: 10.2143/BIB.101.1.3287512.
- Morrow, William S. "Comfort for Jerusalem: The Second Isaiah as Counselor to Refugees." *Biblical Theology Bulletin*, vol. 34, no. 2, maí 2004, bls. 80–86, doi:10.1177/01461079040340020401.
- Moyise, Steve. „Isaiah in The New Testament.” Tiemeyer, Lena Sofia. (Ritstj.) *Oxford Handbook of Isaiah*. New York: Oxford University Press. 2020, bls. 531-541.
- O'Connor, Kathleen M. „How Trauma Studies Can Contribute to Old Testament Studies.“ *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. Eve-Marie Becker, Jan Dochhorn, and Else Holt. (Ritstj.) Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 210-222. <http://doi.org/10.13109/9783666536168.210>
- Räsänen, Heikki. *The Rise of Christian Beliefs. The Thought World of Early Christians*. Minneapolis: Fortress Press, 2010.
- Smith-Christopher, Daniel L. *The Biblical Theology of Exile: Overtures to Biblical Theology*. Minneapolis: Fortress Press, 2002.
- Smith-Christopher, Daniel L. *The Religion of the Landless: The Social Context of the Babylonian Exile*. Eugene, Oregon: Wipf and Stock Publishers, 1989.
- Smith-Christopher, Daniel L. „Trauma and the Old Testament: Some Problems and Prospects.” *Trauma and Traumatization in Individual and Collective Dimensions: Insights from Biblical Studies and Beyond*. E. M. Becker, J. Dochhorn and E. K. Holt. (Ritstj.) Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht. (Studia Aarhusiana Neotestamentica, Vol. 2) 2014, bls. 222-242.
- Sigal, John J., et al. „Grandchildren of Survivors: Can Negative Effects of Prolonged Exposure to Excessive Stress Be Observed Two Generations Later?” *The Canadian Journal of Psychiatry*, vol. 33, no. 3, apríl, 1988, bls. 207–212, doi:10.1177/070674378803300309. (Sótt 31.12.2021)
- Van der Kolk, Bessel A. *The Body Keeps the Score: Brain, Mind and Body in the Healing of Trauma*. New York: Penguin Books, 2014.
- Westermann, Claus. *Isaiah 40-66: A Commentary*. London: SCM Press Ltd, 1969.

Xi, Li. „Post-Traumatic Growth, Belief in a Just World, and Psalm 137:9.” *Biblical Theology Bulletin*, vol. 51, no. 3, ágúst, 2021, bls. 175–184, doi:[10.1177/01461079211019211](https://doi.org/10.1177/01461079211019211).

Heimildir af veraldarvefnum:

Bauckham, Richard. „Only the suffering God can help: divine possibility in modern theology.” *Themelios*, vol. 9, no. 3, apríl, 1984, bls. 6-12, [thegospelcoalition.org](https://www.thegospelcoalition.org/themelios/article/only-the-suffering-god-can-help-divine-possibility-in-modern-theology/).
<https://www.thegospelcoalition.org/themelios/article/only-the-suffering-god-can-help-divine-possibility-in-modern-theology/> (Sótt 07.01.2022)

Campbell, Josh. “Anti-Asian hate crimes surged in early 2021, study says.”
Edition.cnn.com, CNN Edition, 05.05.2021, [Anti-Asian hate crimes surged in early 2021, study says - CNN](https://edition.cnn.com/2021/05/05/asia/anti-asian-hate-crimes-survey/index.html) (Sótt 31.12.2021)

Ghosh, Palash. “Anti-Asian Hate Reports Surge In U.S. – But it May Be Far Worse In Candada.” *Forbes.com*, Forbes, 07.05.2021, [Anti-Asian Hate Reports Surge In U.S.— But It May Be Far Worse In Canada \(forbes.com\)](https://www.forbes.com/sites/palashghosh/2021/05/07/anti-asian-hate-reports-surge-in-u-s-but-it-may-be-far-worse-in-canada/) (Sótt 31.12.2021)

„Eitt prósent af mannkyninu á flóttu: Skýrsla Flóttamannastofnunar Sameinuðu Þjóðanna um þróun á heimsvísu.“ *UNHCR Ísland*, <https://www.unhcr.org/neu/is/38321-eitt-prosent-af-mannkyninu-a-flotta-skyrsla-flottamannastofnunar-sameinudu-thjodanna-um-throun-a-heimsvisu.html> (Sótt 07.01.2022)

Ku Ah Rum, Eliana. „Lament as Resistance and Rage: An Asian Woman Immigrant’s Reading of Psalm 137 in the Light of Anti-Asian Hate Crimes of North America.”
Asian American Theological Forum, vol. 8, no. 2, 03.06.2021. [Lament as Resistance and Rage: An Asian Woman Immigrant’s Reading of Psalm 137 in the Light of Anti-Asian Hate Crimes of North America](https://www.aatfweb.org/2021/06/03/lament-as-resistance-and-rage-an-asian-woman-immigrant-s-reading-of-psalm-137-in-the-light-of-anti-asian-hate-crimes-of-north-america/) – *Asian American Theological Forum* (aatfweb.org) (Sótt 07.01.2022)

„Áföll, áfallastreita og áfallahjálp.” *Landspítali.is*, <https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/fraedsluefni/afoll-afallastreita-og-afallahjalp/> (Sótt 07.01.2022)

McCaulley, Esau. „What the Bible Has to Say about Black Anger: The Psalms are not silent about the rage of the oppressed.” *Newyorktimes.com*, The New York Times, 14.06.2020, <https://www.nytimes.com/2020/06/14/opinion/george-floyd-psalms-bible.html> (Sótt 31.12.2021)

Ragnhildur Guðmundsdóttir og Valgerður Margrét Magnúsdóttir (þýðendur). „Að skilja viðbrögð við áfalli: Leiðbeiningar fyrir þolendur áfalla og aðstandendur þeirra.“
emdrmedferd.is, <http://emdrmedferd.is/resources/les.pdf> (Sótt 07.01.2022)